


Mynd nútímamannsins : um tilvistarleg viðhorf í sögum Gunnars Gunnarssonar / Matthías Viðar Sæmundsson.

Matthías Viðar Sæmundsson.

Reykjavík : Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1982.

<http://hdl.handle.net/2027/mdp.39015066008783>

HathiTrust




www.hathitrust.org

Creative Commons Attribution

http://www.hathitrust.org/access_use#cc-by-3.0

This work is protected by copyright law (which includes certain exceptions to the rights of the copyright holder that users may make, such as fair use where applicable under U.S. law) but made available under a Creative Commons Attribution license. You must attribute this work in the manner specified by the author or licensor (but not in any way that suggests that they endorse you or your use of the work). Please check the terms of the specific Creative Commons license as indicated at the item level. For details, see the full license deed at <http://creativecommons.org/licenses/by/3.0/>.



STUDIA ISLANDICA

41

DL
303
.S93
v. 41

MATTHÍAS VIÐAR SÆMUNDSSON

MYND
NÚTÍMAMANNSINS

UM TILVISTARLEG VÍÐHORF
Í SÖGUM GUNNARS GUNNARSSONAR



REYKJAVÍK 1982



STUDIA ISLANDICA

41

RANNSÓKNASTOFNUN I BÓKMENNTAFRÆÐI
VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

STUDIA ISLANDICA

ÍSLENSK FRÆÐI

41. hefti

Ritstjóri
SVEINN SKORRI HÖSKULDSSON

REYKJAVÍK 1982

S T U D I A I S L A N D I C A

41

MATTHÍAS VIÐAR SÆMUNDSSON

MYND
NÚTÍMAMANNSINS

UM TILVISTARLEG VIÐHORF
Í SÖGUM GUNNARS GUNNARSSONAR



BÓKAÚTGÁFA MENNINGARSJÓÐS

*Gefið út með styrk úr
Sáttmálasjóði*

PRENTSMÍÐJAN LEIFTUR HF.

1982

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI	bls. 7
FYRSTI KAPÍTULI: BAKSVIÐIÐ	— 11
I. 1. Vargöld í guðlausum heimi	— 11
I. 2. Nýr maður í nýrri veröld	— 18
I. 3. Uppreisn gegn Guði og mönnum	— 21
ANNAR KAPÍTULI: STRÖNDIN	— 24
II. 1. Uppgjör við hefð	— 24
II. 2. Frá auðmýkt til uppreisnar	— 28
II. 3. Job í nútímanum	— 33
II. 4. Hinn mannlegi Guð: Kennisetning og ábyrgð	— 42
II. 5. Niður í gljúfrið: Eldraunirnar	— 51
II. 6. Um engildóm og djöfulskap	— 61
II. 7. Hólmgangen við hafið	— 66
ÞRIÐJI KAPÍTULI: VARGUR Í VÉUM	— 71
III. 1. Úlfurinn í helgidóminum	— 71
III. 2. Píslarvotturinn	— 77
III. 3. Bráðin í soranum	— 79
III. 4. Leiðin til heljar	— 84
III. 5. Úlfur Ljótsson og Stavrógin	— 91
FJÓRÐI KAPÍTULI: SÆLIR ERU EINFALDIR	— 95
IV. 1. Upplausn veruleika	— 95
IV. 2. Það ris úr djúpinu	— 99
IV. 3. Ástin og eilífðin	— 100
IV. 4. Lífshæfni og valdabarátta	— 107
IV. 5. Bölvun dómgreindarinnar	— 112
IV. 6. Burtreið Krists og Kölska	— 116
IV. 7. Trú, siðgæði, tragedía	— 120
IV. 8. Þrátt fyrir allt	— 124
FIMMTI KAPÍTULI: MANNSMYNDIN	— 127
V. 1. Sjálfstíring og klofningur	— 127
V. 2. Hugsjónin um heilan mann	— 132
V. 3. Þversögnin í vitundinni	— 139

SJÓTTI KAPÍTULI: HEIMSMYNDIN	— 142
VI. 1. Sannleikurinn er sagna bestur	— 142
VI. 2. Alvaldið og friðþægingin	— 145
VI. 3. Guðinn blindi og tortímingin	— 153
VI. 4. Gunnar Gunnarsson og Thomas Hardy	— 160
TILVITNANIR OG HEIMILDIR	— 166
a) Tilvitnanir	— 166
b) Heimildir	— 174
SUMMARY	— 178

FORMÁLI

Þessi ritgerð var upphaflega samin sem hluti af kandidateitgerð í íslenskum bókmenntum er nefnist: *Mynd nútímamannsins. Athugun á tilvistarlegum viðhorfum Gunnars Gunnarssonar, Geirs Kristjánssonar og Thors Vilhjálmssonar*. Hún var skrifuð við Háskóla Íslands veturinn 1979–80 undir umsjón Sveins Skorra Höskuldssonar prófessors. Hér birtist sá hluti ritgerðarinnar, sem fjallaði um Gunnar Gunnarsson, mikið breyttur. Auk verulegra viðbóta og leiðréttinga hefur víða verið hnikað til orðum og setningum þar sem þurfa þótti.

Í ritsmíð þessari er einkum fjallað um þrjú skáldverk eftir Gunnar Gunnarsson frá tímasteiðinu 1915–20, þ. e. *Ströndina* (*Livets Strand*, 1915), *Varg í véum* (*Varg i Veum*, 1916) og *Sælir eru einfaldir* (*Salige er de enfoldige*, 1920). Þessi verk, sem ég kys að kalla „kreppusögur“, mynda saman sérstakan áfanga í höfundarverki Gunnars. Einnig er fjallað um og vísað til annarra verka höfundarins til rökstuðnings og upplýsingar.

Skáldverkin sem hér verða greind voru upphaflega rituð á dönsku og gefin út í Danmörku. Samt verður ekki fram hjá þeim gengið þegar meta skal þróun íslenskra nútímabókmennta. Ber þar einkum tvennt til. Í fyrsta lagi var Gunnar mótaður af íslenskri hefð. Þótt sjóndeildarhringur hans sprengi öll landamæri bregst hann við íslenskum veruleika í skáldskap sínum. Í öðru lagi voru þessi verk þýdd og gefin út hér á landi nær jafnóðum og í Danmörku. *Ströndin* og *Vargur í véum* komu út í Reykjavík á vegum Þorsteins Gíslasonar árið 1917 og *Sælir eru einfaldir* árið 1920.

Gunnar Gunnarsson varð viðkunnur í Danmörku fyrir fyrstu skáldsögu sína *Sögu Borgarættarinnar* (*Borgslægtens Historie*) sem kom út í fjórum hlutum á árunum 1912–14. Sögurnar sem fylgdu í kjölfarið juku enn við orðstír hans. *Ströndin* kom til dæmis út í þremur upplögum á rúmu ári, *Vargur í véum* sá dagsins ljós sex sinnum á árabílinu 1916–21 og *Sælir eru einfaldir* kom út í hvorki meira né minna en ellefu upplögum árin 1920–21. Að auki voru þessar sögur þýddar mjög snemma á fjölmörg erlend tungumál, s. s. þýsku, hollensku, finnsku og sænsku.

Tíðarandinn skóp Gunnari þessar miklu vinsældir því að hann fjallaði um raunveruleg vandamál sem höfðuðu til lífsreynslu fólks. Sögur

hans áttu erindi til manna í tíð sem einkenndist af ringulreið, óvissu og leit.

Ströndin, Vargur í véum og Sælir eru einfaldir eru nútímaverk, afsprenghi tuttugustu aldar. Í þeim túlkar Gunnar lífsháskann á þessari jörð og dregur upp magnaða mynd af manneskjum sem eiga í höggi við líf sitt. Tilvistin sjálf er meginviðfangsefni þessara bóka. Gunnar leitar lausnar á lífsvanda sem snertir hvert mannsbarn: Hver er merking þess að lifa? Hefur framvindan einhvern tilgang? Auk þess kryfur hann vandamál sem sett hafa sterkan svip á nútímabókmenntir: „ofvöxt“ vitsmunalífs á kostnað tilfinninga, fjarstæðu og lífsfiringu, guðleysi og sjálfsblekkingu, takmörkun og dauða, ást og einsemd.

Í áðurgreindum verkum horfist Gunnar í augu við nútímamann. En að tjaldabaki greinum við þó örvilnaða sál í leit að tíma sem var; hvarvetna sést hún á hnotskógi eftir gildum og goðdómum gengins heims. Þessi togstreita heimsmynda er uppspretta djúpsætrar *þversagnar sem* klýfur hugmyndaheim höfundarins og gagnsýrir verk hans á árunum 1915–20. Gunnar speglar sjálfan sig í mynd hinna klofnu og rótlausu útlaga, séra Sturlu, Úlfs og Gríms Elliðagríms. Hann var í þessari tíð tvíbentur og sundurtættur á mörkum trúar og trúleysis, vonardraums og bölmóðs. Af þessum sökum eru verk hans ósamkvæm sjálfum sér, ónæg eigin forsendum. Heimspeki þeirra er tilfinningalegs eðlis, spröttin af hneigðum ólíkra stunda og staða. Tilvistarlegur bölmóður og fánýtiskennnd stangast á við rómantískan draum um sameining mannveru og alveru í dauðanum, vonleysi hins dauðadæmda útlaga togast á við lífstrú hins „heilsteypa“ heimamanns í tilverunni, játun og neitun fléttast saman í þversagnakennu sambýli.

Gunnar gat aldrei skorið á rætur sínar í fortíðinni. Hann kunni ekki eða gat ekki lifað í nýjum tíma til lengdar – þótt hann yrði – enda fór svo að lokum að hann hvarf á vit hins liðna. En það er önnur saga sem ekki verður sögð hér, enda álitamál.

Í „kreppusögunum“ nær frásagnarlist Gunnars Gunnarssonar ekki þeirri hæð sem síðar varð. Persónulýsingum er sumum áfátt, hugmyndir bera frásagnarefni ofurliði, orsakir og afleiðingar eru ósennilegar frá realísku sjónarmiði. Engu að síður eru sögurnar merkilegur skáldskapur að mínum dómi. Ástríða höfundarins gefur þeim líf sem enn í dag á erindi til okkar. Á tíma þegar menn kappkosta öllum kröftum að sökkva tilvist sinni í hafsjó smávægilegra dægurvandamála er þeim hollt að kynast skáldi í raunverulegum lífsvanda, skáldi sem hvorki slær málum á frest né býður upp á gervilausnir heldur glímir við rök sjálfs sín og tilverunnar af fyllstu einlægni og alvöru. Það er held ég næg ástæða til að lesa og rannsaka æskuverk Gunnars Gunnarssonar opnum huga. En fleira kemur til. Þessar sögur eru mikilsverður þáttur í bókmenntaarfi okkar af hugmyndasögulegum ástæðum. Þær

eru minnisvarði horfins heims og leiðarvísir nútíma, *tímamótaverk* sem fela í sér uppgjör við hefð og nýsköpun hugmyndaheims. Á sína vísu ryðja þær braut hinum tilvistarlega mórernisma í íslenskum bókmenntum – enda má finna ýmsar hliðstæður með Gunnari Gunnarsyni og höfundum á borð við Thor Vilhjálmsson. En síðast en ekki síst eru æskuverkin mikilvæg höfundarins vegna. Stórvirki hans verða ekki skilin fullum skilningi án þekkingar á „kreppusögunum“ því að í þeim eru heimssýn hans og lífsvitund að verða til. Þær sýna mikinn rithöfund í mótun.

Þessi ritgerð um skáldsögur Gunnars Gunnarssonar er fyrst og fremst *hugmyndagreining*. Reynt verður að skýra og rekja uppruna þeirra hugmynda um líf og tilveru sem fram koma í sögunum. Að auki verður gerð grein fyrir venlum lífsskoðunar og persónusköpunar, þeirri mynd af manningum sem lesa má úr verkum Gunnars. Við greininguna verða verk erlendra sagnameistara, einkum Dostóéfskís og Hardys, höfð til hliðsjónar.

Að lokum vil ég þakka Sveini Skorra Höskuldssyni fyrir góðfúslega aðstoð og útvegum á dönskum ritdómum um sögur Gunnars. Einnig þakka ég Ólafi Jónssyni og Þorsteini Antonssyni fyrir notadrjúgar ábendingar.

Selfossi í ágúst 1982

Matthías Viðar Sæmundsson

FYRSTI KAPÍTULI: BAKSVIÐIÐ

I. 1. Vargöld í guðlausum heimi

Á árabílinu 1915—1925 urðu straumhvörf í íslenskum bókmenntum. Þá leið andlegt stórveldi Einars Kvarans undir lok og hópur ungra rithöfunda með Gunnar Gunnarsson, Sigurð Nordal og Halldór Laxness í fararbroddi hringdi inn nýja öld í íslenskum skáldskap.

Þessi kynslóð kom fram á sjónarsviðið þegar hið aldagamla sveitasamfélag var í fjörbrotum. Háttbundin lífsmynstur þess, siðareglur og trúarhefðir gengu í berhögg við reynslu nýs tíma. Þetta voru menn nútíma og nútímalífs með sjóndeildarhring sem spannaði veröldina alla. Erfðagóss kristinnar og kyrrstæð heimsmynd fyrri tíðar fullnægðu ekki andlegum þörfum þeirra.

Þegar Gunnar Gunnarsson sendi frá sér *Sögu Borgarættarinnar* voru liðnir nokkrir áratugir frá því að buldi við brestur suður á Pýskalandi og vígorðið var hrópað: *Guð er dauður*. Grundvallarbreyting var orðin á mannlegum hugsunarhætti sem snerti ekki aðeins *hugtakið* um Guð heldur allan vitundarheim manneskjunnar. Heimspekingurinn Jaspers lýsir breytingunni á svofelldan hátt:

Quietly, something enormous has happened in the reality of Western man: a destruction of all authority, a radical disillusionment in an overconfident reason, and a dissolution of bonds have made anything, absolutely anything, seem possible.¹

Mannleg hugsun hafði hrundið Guði út úr heimsmyndinni – gert hann óþarfan – og afhjúpað fornar trúarsetningar sem hégiljur einberar.

Þessi hugmyndapróun ýtti undir fánýtiskennd, bölhuggju

og rótleysi: Ef Guð var dauður og helgidómar ekki annað en hleypidómar einfeldninga þá burtkallaðist mannkindin jafn skilningsvana og hún kom inn í þennan heim. Þá var enginn æðri tilgangur til, engin svör hugsanleg. Tilvist mannsins var gagnslaus og óréttlætanleg. Lífið missti gildi sitt, ekkert mark var til að stefna að, engin æðri verðmæti til að sækjast eftir. Manneskjan var yfirgefin í óreiðu og merkingarleysi.

Íslenskir rithöfundar brugðust einkum á tvenns konar hátt við hinum nýja lífsvanda. Skáld á borð við Davíð Stefánsson leituðu lausnar í lífsdýrkun og nautnahyggju. Þau vildu þurrausa augnablikið, lifa lífinu lifandi „hér“ og „nú“: gleðjumst í dag því við deyjum á morgun! Aðrir höfundar, s. s. Jóhann Sigurjónsson og Gunnar Gunnarsson, gátu ekki létt sér byrðarnar með þessu móti. Verk þeirra eru þrungin feigð og bölmóði sem bera allt annað ofurliði.

Gunnar Gunnarsson skrifar fyrstur Íslendinga heim-spekilegar skáldsögur. Í verkum hans er falin glóð sem best verður lýst með orðum hans sjálfs í eftirmála að Landnámuútgáfu *Strandarinnar*:

En hvort heldur ég vakti eða svaf, las eða skrifaði, þagði í einveru næturinnar eða þuldi í vinahópi, gnó mér í brjósti kvöl og þrá: kvöl hins út rekna úr aldingarði friðar og trúnaðartrausts, þrá vitsmunaverunnar eftir viðtækara skilningi en mannskepunnni að öllum jafnaði er tiltækur.²

Margt varð til að efla tilfinningu Gunnars fyrir ógæfu lífsins. Einkum þrennt: djúpstæð bernskureynsla, sem fylgdi honum alla tíð, auk frámunalega erfiðrar lífsbaráttu í framandi landi; vargöld í heimi; menningarsögulegt ástand. Ræturnar voru með öðrum orðum sálfræðilegar, félagslegar og heimspekilegar.

Þegar verk Gunnars á árabílinu 1912–20 eru skoðuð í heild sinni kemur í ljós að sviptingar eru miklar á milli samræmis og upplausnar, eindar og klofnings. Skynjun Gunnars sveiflast á milli jafnvægis og jafnvægisleysis, ljóss og myrkurs, engildóms og djöfulskapar. Von og örvilnan

skiptast á og fléttast með ýmsu móti. Af þessum sökum verður vart talað um fastmótaða heimsmynd í skáldskap Gunnars á þessu tímabili. Lífsskoðun hans er í deiglunni – grunnurinn ekki enn steypdur. Thomas Hardy sagði eitt sinn um heimssýn sína að hún væri „a series of fugitive impressions which I have never tried to co-ordinate.“³ Að sumu leyti á þetta einnig við um Gunnar Gunnarsson. Andstæðurnar gegnsýra verk hans. Aðra stundina lítur hann á lífið sem gæfugjöf en hina sem raunarún. Stundum fylgir því hamingjuríkt algleymi að vita sjálfan sig vera hlekk í keðjunni miklu, örsmáan hluta heimsins og þátttakanda í eilífðarframrás alverunnar. En á næsta andartaki hverfist undursamleg dýrð tilverunnar í dauðafarg og feiknstafi.

Eitt eiga þó öll verk Gunnars á þessu tímabili sameiginlegt: *Guð er dauður*, – þ. e. sá Guð sem kristindómurinn hafði kennt kynslóðunum að trúá. Gunnar lýsir í hverju verkinu á fætur öðru þessari sársaukafullu vitneskju og afleiðingunum sem hún hefur fyrir mannlífið: rótgróinn lífsstofn kynslóðanna úr öldum fram er orðinn að rótlausu rekaldi. Hvað er til ráða? Skáldskapur Gunnars er þrotlaus leit að einhverju sem geti komið í stað hinnar glötuðu heimsmyndar.

Heimsstyrjöldin 1914–18 hafði djúpstæð áhrif á Gunnar Gunnarsson. Hann lýsti eitt sinn þýðingu hennar á svo felldan hátt:

Mér hafði fyrnt minningin um Búastríðið og vonin um frið í mannum fest það djúpar rætur í hjarta mínu, að varla er ofsagt, að þessi styrjöld á næstu grösum bylti um koll vaknandi trausti mínu til framtíðar og forsjónar, sneri með hrottagalsa æðra undirdjúpa dýrðaróði lífsins í djöflasæringu. /---/ Sál mín varð sem sviðið land, saurgað fúlum valkóstum; hver urinn akur minnti mig á skotplægða mold. mengaða nýsundurtættum mannaþæjum. Mér blæddi inn.⁴

Gerningaveður stríðsins hafði ekki síður áhrif á annan íslenskan rithöfund, Halldór Laxness. Það renndi stoðum undir hugmyndir hans um „lífshéimskuna“ og óréttlæti tilverunnar.⁵

Heimsstyrjöldin gat af sér djúpstæðar breytingar í menningarlífi Evrópu. Hún leiddi í ljós fánýti vísindanna og afsannaði trú 19. aldar á óslitna framfarabraut þjóðanna. Tilfinning fólks fyrir ósamræmi og rökleysi tilverunnar jókst samtímis því sem fáránlegar hörmungar stríðsáranna sýndu berar en nokkru sinni fyrr umkomuleysi einstaklingsins í veröldinni. Hvorki siðalögmál né trúarsetningar gátu hjálpað honum að sjá vitrænan tilgang í vitfirringunni, að finna merkingu í ósköpunum. Valkestirnir kipptu stoðum undan trúnni á algóðan Guð; tilgangshyggjan stóðst ekki prófraun veruleikans. Afleiðing þessa varð upplausn á flestum sviðum. Alls kyns „framúrstefnur“ blómstruðu og höfðu mikil áhrif; afneitunin varð þungamiðja í bókmenntum og heimspeki. Gunnar Gunnarsson hefur í viðtali sagt um þennan tíma:

Sá heimur, sem var fyrir fyrra heimstrið, má heita gleymdur og það veit enginn nema sá sem reynt hefur, hversu gjörólíkt viðhorfið var fyrir og eftir 1914.⁶

Sigurður Nordal var sömu skoðunar og Gunnar. Hann taldi að tuttugasta öldin hefði í raun ekki hafist fyrr en sumarið 1914.⁷

Áhrif styrjaldarinnar á bókmenntir álfunnar komu m. a. fram í vaxandi veldi ýmiss konar tilvistarhugmynda og tómhyggju. Tilfinning manna fyrir takmörkun mannvistarinnar, fallveldi hennar og endanleik, jókst svo jaðraði við lömun og uppgjöf: Hvaða þýðingu hafa hugsun og framkvæmd í heimi sem vígður er ofbeldi og tilgangslausri tortímingu? Sögumaðurinn í *Fjallkirkjunni*, Uggi Greipsson, lýsir ágætlega þeirri uppgjafarkennd sem greip um sig á þessum tíma:

... Inderst inde tvivler jeg endogsaa om, at jeg nogensinde mere vil kunne skrive en Linje ... Hvad der sker ude i Verden omkring mig er saa ondt og meningsløst, at jeg ikke kan skimte noget fast Grundlag for Liv og Arbejde.⁸

Ekki þarf lengi að skoða fyrstu skáldverk Gunnars Gunnarssonar til að sjá spor styrjaldarinnar. *Sögu Borgarættar-*

innar (1912–14) lýkur í gleðiríkri alheimssátt en *Ströndin* (1915) endar í vonleysi og bölmóði – ragnarökum manns og heims.

Tilvistarlegur bölmóður Gunnars átti ekki einungis upp-tök sín í ytri aðstæðum – „kvillum veraldar“. – Að baki bjó einnig djúptæk persónuleg reynsla af dauða og fallveldi allra hluta. Í þessu sambandi er fróðlegt að bera lítið eitt saman þroskasögu Gunnars og Halldórs Laxness.

Báðir áttu hamingjuríka og litauðuga bernsku að eigin sögn. Lífið var dýrlegur samhljómur allrar skepnu og himinvalda. Halldór lýsir ástandi sínu á svofelldan hátt í *Rauða kverinu*:

Var það ekki ég, sem um fermingaraldur lá úti í grasinu á vorin. langt fram á nætur, af því að ég gat ekki sofið fyrir lífshamingju, fyrir helgum öflum, er fyltu brjóst mitt? Var það ekki ég sem grátandi ákallaði Guð og bað hann að gefa mér kraft til þess að gera eitthvað mikið fyrir heiminn? Var það ekki ég sem bað Drottinn um að mega offurselja mig? – Átti nokkur sterkari trú en ég?⁹

Aukinn þroski svipti unglinginn þessari rómantísku sam-ræmiskennnd. Sextán ára gamall horfðist hann í augu við raunveruleika lífsins og friðlandið var að baki.

Leið Gunnars var svipuð. Dauði móður hans rauf al-gleymið og opinberaði lífið sem miskunnarlausan vígvöll þjáningar og dauða. Hann var frumrót þeirrar angistar og sektarkenndar sem höfundurinn reyndi að vinna bug á í hverju skáldverkinu á fætur öðru.¹⁰ Reynslan af dauðanum virðist hafa haft svipuð áhrif á Halldór Laxness:

Ég trúði á Guðs handleiðslu eins og pabbi og mamma; von mín náði lengra en hugur minn gat hugsað, trúin lengra en augun gátu séð. Nú vitið þér hvert er upphaf skelfingar minnar, það augnablik er trú þessi og von glataðist mér og ég gerði mér þess grein að ég á að deyja. Deyja; hverfa inn í hið fyrsta og síðasta myrkur, eins og röddin sagði í draumnum. /---/ Ekkert getur huggað þann sem hefur uppgötvað sannleikann um dauðann og tortíminguna.¹¹

Halldór finnur til útleðar í röklausum heimi, framand-leika og einsemdar – vegna dauðavissunnar. Neikvæðið endalaus gerir allt að hjómi.¹²

Angist andspænis dauða og tómi er kjarni þess bölþrungna andrúmslofts sem fyllir skáldverk Gunnars Gunnarssonar. Af þeim sökum er nauðsynlegt að kanna lítið eitt uppruna og eðli þessarar kenndar.

Í goðsögu *Gamla-Testamentisins* er fordæming mannsins í því fólgin m. a. að hann fær vitneskju um mismun góðs og ills. En kjarni „dómsins“ er vitundin sem hann öðlast um sjálfan sig sem einstæða og takmarkaða veru. Honum er gert að horfast í augu við dauðleg örlög sín: „ . . . því að mold ert þú og til moldar skalt þú aftur hverfa!“¹³ Maðurinn er burtrekinn úr aldingarðinum til að hann grípi ekki ávöxt af lífsins tré, eti og lifi að eilífu. Goðsögunni virðist þannig ætlað að túlka tilvistarlegt meginböl mannskepnunnar: dauðann.

Sigurður Nordal bendir réttilega á í *Lífi og dauða* að staðreynd útpurrkunarinnar gagnsýrir alla tilvist:

Við erum að deyja alla okkar ævi, andartökin fæðast og deyja í senn, hver stund, sem líður, er horfin og verður ekki aftur tekin. Sál okkar er heimtuð af okkur á hverjum degi, í hverri andrá.¹⁴

– En fáir geta sætt sig við þessar aðstæður og æðrast yfir örlögum sínum – því að dauðinn virðist útskúfa allri æðri merkingu úr tilverunni. Hvað þýðir að vona ef engin framtíð er til? Er maðurinn frjáls ef grimm og tillitslaus hending ræður sköpum hans?

Flestir tilvistarheimspekingar telja að greining tilfinningalífsins geti aukið heimspekilegan skilning á stöðu mannsins. Tilfinningarnar eru að þeirra dómi einn mikilvægasti þráður tilvistarvefsins, jafngildur viljalífi mannsins og vitsmunum. Þær eru eins konar sjónauki sem opnar manninum innsýn í ástand sitt. Hvernig sem lífi einstaklingsins er að öðru leyti háttað staðfesta tilfinningarnar að hann er virkur „þátttakandi“ í lífi sínu en ekki óvirkur þolandi ytri aðstæðna. Tilfinningarnar eru persónulegt viðbragð hans við sérstökum aðstæðum.

Flestir tilvistarheimspekingar telja að til séu „verufræði-

legar“ tilfinningar sem varpi ljósi á grundvallaraðstæður mannsins. Þá greinir hins vegar á um tilurð og inntak þessara tilfinninga. Meðal „grundvallarkenndanna“ er *angistin*.

Þverstæða lífs og dauða – veru og neindar – er innprentuð í hugarfylgsni sérhvers manns. Með einföldustum hætti birtist hún í skilningi þess að það sem „er“ getur hætt að „vera“. Margs konar skýringar hafa verið gefnar á eðli þverstæðunnar en líklega getur rökhugsunin aldrei skilgreint hana til fulls. Ein kenningin hljóðar eitthvað á þá leið að veran og neindin séu eitt, að maðurinn beri tómið í sér. Þetta má skýra á eftirfarandi hátt: *það* sem er hefur eitt-hvert inntak, en veran sjálf – þetta *er* – hefur ekkert innihald. Hún er „ekkert“ í sjálfri sér. Dauðinn „birtist“ vitundinni sem þetta innihaldsleysi verunnar sjálfar. Tómið er þannig undirrót og skilyrði vitundarinnar um dauðann þar sem dauðinn getur ekki verið annað í mannlegri vitund en neikvæði hennar sjálfar. Það stafar af því að dauðinn sem slíkur er handan mannlegrar reynslu, hann verður ekki sannreyndur og skýrður þar sem hann er alger neitun alls okkar reynsluheims.

Í verkum Gunnars Gunnarssonar er það einkum vitundin um neikvæðið óendanlega – tómið – sem vekur angistar-kennd. Sjálfsskoðun persóna hans gerir þær meðvitaðar um fallveldi lífsins og nauðsyn algerrar útpurrkunar. Þær uppgötva sjálfar sig sem verur á barmi veruleysis. Tilfinning þeirra er ólík „óttá“ að því leyti að hún er „innihaldslaus“ en samt altæk. Hún sprettur ekki af afmörkuðu ytra tilefni eins og óttinn. Sá sem upplifir angist í raun getur ekki lýst því sem hann hræðist á hlutlægan hátt því að kenndin býr í upplifun manneskjunnar á óskýranlegu tómi. Angistin er óafmörkuð í tíma og rúmi og fylgir manni „frá vögg til grafar“. Hún er þannig „grundvallartilfinning“ sem leiðir í ljós eðlisbundna takmörkun alls lífs.

I. 2. Nýr maður í nýrri veröld

Gunnar Gunnarsson, Sigurður Nordal og Halldór Laxness voru myndbrjótar og uppreisnarseggir. Verk þeirra voru beinskeytt atлага gegn heimsmynd og mannhugsjón fyrri kynslóða hér á landi. Þýðing þeirra liggur í augum uppi ef Einar Kvaran er hafður til samanburðar.

Einar túlkaði lokaðan og staðnaðan veruleika 19. aldar í anda kristinnar siðfræði. Í sögum hans eiga hið illa og neikvæða sér jafnan einstaklingsbundnar og sálfræðilegar rætur. Hann sá enga grundvallarlega mótsetningu á milli mannlegrar hamingjuleitar og lögmála umheimsins heldur speglaðist eðli mannsins að hans mati í siðalögmálum samfélagsins; ef maðurinn gerði uppreisn gegn þeim braut hann í bága við eðli sitt. Samtímamaður Einars, Gestur Pálsson, skrifaði um samfélag klofið af ósættanlegum mót-sögnum. Sögur hans enda í jafnvægisleysi og tortímingu – engar sáttir takast. Í heimi Einars Kvarans eru mótsagnirnar hins vegar ávallt minni háttar og sættanlegar svo fremi maðurinn beygði sig í auðmýkt og hlýðnaðist ásköpuðu eðli sínu sem birtist í boðum kristindóms og samfélags. Mannsmynd Einars Kvarans er „goðsöguleg“ og birtist í einsteiptum persónum sem eru fullskýranlegar siðlegar stærðir. Siðalögmálið er hafið yfir allan efa svo og guðleg rök tilverunnar.

Hin nýja skáldakynslóð hafði gjörólík viðhorf. Milli hennar og Einars Kvarans lágu úthöf. Ein af ályktunum þeim sem hún dró af tímanum var að maðurinn yrði að leita „lögmálsins“ í sjálfum sér. Hann gæti ekki lengur treyst á „leiðtoga“ liðinnar aldar. Orð Ugga í *Fjallkirkjunni* lýsa vel þessari hugarfarsbreytingu:

Ethvert Menneske, der vil vinde sig et indre Liv, er henvist til at skabe selv, opridse egne Cirkler, affinde sig med Uendelighed saavel som Endelighed.¹⁵

Menn verða sjálfir að teikna sína hringa!

Í verkum Gunnars, Sigurðar og Halldórs birtist manneskjan sem skipt, rótlaus og óráðin vera. Hún lætur sér ekki nægja viðteknar klisjur heldur reynir að dæma sjálf á eigin forsendum. Erfðagóssinu varpar hún á sorphauga. Maður þessarar kynslóðar er frjáls – en áttavilltur, algjör andstæða við mann 19. aldar sem var ófrjáls en öruggur í viðum hefðar og kristindóms.

Galdra-Loftur Jóhanns Sigurjónssonar er afsprengi hins nýja tíma; sömuleiðis Ormarr Örlygsson í *Borgarættinni*. Ormari tekst að vísu að halda innri mótsögnum sínum í skefjum en engu að síður bendir persónugerð hans til þeirrar manngerðar sem Gunnar lýsti síðar. Söguhetjur Sigurðar Nordals í *Fornum ástum* (1919) eru einnig börn rótleysis, óvissu og leitar að hamingju og merkingu.

Halldór Laxness skilgreindi klofna og þverstæðukennda veru nútímamannsins í greininni „Úr circus menningarinnar“ sem birtist í *Morgunblaðinu* 1924. Þar komst hann svo að orði að frá sjónarhóli nútímamannsins væri „lífið blekking, starfið hjegómi, kenning um manndygðir einskonar goðafræði, Guð fagurfræði, sannleikurinn reykur upp úr strompunum.“¹⁶ Nútímamaðurinn getur ekki gefið lífi sínu tilgang með því að snuðra eftir verðmætum sem standist tímans tönn því að slík verðmæti eru ekki til. Hann verður að lifa án ástæðu, vera til að tilefnislausu. Dauði Guðs hefur skilið hann eftir einan í heiminum.

Öngþveiti og upplausn menningarinnar endurspeglast í sjálfsvitund manneskjunnar og svipta hana allri rótfestu og samkvæmni. Hún er suðupottur þar sem öfgarnar hrærast saman, eða með orðum Halldórs:

/---/ engill í gær, hrifinn af því sem alheimur tignar, með blóm í annari hendi og bendir upp til stjarnanna með hinni, manneskja í dag, góðfús, hjegómagjörn og smásálarleg, skepna á morgun með kýlda vömbina, haldin af brjóstheimskri, glórulausri girnd, djöfull hinn daginn, ör af lostugum ráðagerðum, sólginn í eitur, himinlifandi í óskinni um að mega tæla og svivirða, kveðandi um svarta Venus, þyrstur af hvöt til að tortíma.¹⁷

Nútímamaðurinn yrkir til svörtu Venusar eins og Baudelaire, og sveiflast andstæðnanna á milli, rótlaus og síleitandi. Hann er frjáls en veit ekki hvernig hann á að nýta frelsi sitt. Hugleiðingar Halldórs minna óneitanlega á kenningar Dostóéfskís um manneðlið. Að dómi Dostóéfskís er maðurinn klofinn á milli góðs og ills, guðs og djöfuls. Frelsið laðar ýmist fram „engilhreinleikann“ í honum eða villimannlegasta djöfulskap. Andi hins rússneska skáldjöfurs birtist greinilega í ummælum Halldórs um bók sína *Vefarann mikla frá Kasmír*. Í þeirri sögu vildi hann „lýsa yfirgripsmiklu sálarlífi, þar sem grein er gerð fyrir sveiflum, sem leika alt milli engildóms og djöfulskapar.“¹⁸ Steinn Elliði lýsir einmitt þessari nútímalegu manngerð þegar hann segir um sjálfan sig:

Ég er lifandi líkamning þeirrar manntegundar sem séð hefur dagsins ljós síðustu tíu, tólf árin, en aldrei var áður til: íslenskur vesturevrópu- maður af anda þeirrar tíðar sem sett hefur mannkynssöguna í gapastokkinn, hugsun mín frjáls einsog hjá manni sem hefði rignt úr stjörnunum í ágúst árið 1914 . . .¹⁹

Ritdeila Sigurðar Nordals og Einars Kvarans á árunum 1925—27 er merkileg heimild um árekstur tveggja tíða. Sjálfur skilgreindi Nordal deiluna sem „ágreining tveggja kynslóða“.²⁰ Einar Kvaran var mótaður af heimssýn 19. aldar en Nordal boðaði hugmyndir sem spruttu upp samhliða þróun borgaralegs samfélags hér á landi. Að dómi Nordals þurfti nútímamaðurinn nýrrar og frjórrar hugmyndafræði við til að fylla tómarúmið sem guðir liðins tíma skildu eftir sig. Í einni af greinum sínum komst hann svo að orði um vitundarlíf hins nýja manns:

Persónan hefur klofnað. Menn vita ógrynnin öll, sem aldrei verður lifandi þáttur í breytni þeirra. Hugsunin fer sínar leiðir, leikur sér í ábyrgðarleysi að háleitum hugsjónum og skaðvænum skoðunum, hverjum innan um aðrar. Það er ekki furða, þótt menn geti orðið áttavilltir og viti ekki upp né niður í sjálfum sér.²¹

Nútímamaðurinn verður að gera orð Keyserlings að siðferðishugsjón sinni: Wir müssen wieder ganz werden. Vér þurf-

um að verða heilir menn á ný. Nordal benti á að eldri kynslóðir hefðu haft kjölfestu og andlega næringu í kristindóminum. Málið horfði hins vegar á annan veg fyrir yngri kynslóðina sem:

... hefur andað að sér lofti efasemda og tillátssemi við sjálfa sig og aðra frá barnæsku. Þeir menn þekkja afleiðingarnar, ekki aðeins í hugsun, heldur í reynd, ekki aðeins af því að horfa í kringum sig, heldur af baráttu sinni við sjálfa sig. Úrræðin hafa verið ýmisleg fyrir þeim, sem ekki hafa alveg látið reka á reiðanum. Sumir hafa gripið dauðahaldi í leifar kristinnar. Aðrir hafa reynt að hrófa upp nýrri lífsskoðun, eftir reynsu sinni og þörfum, úr gömlum og nýjum brotum.²²

Maður Einars Kvarans er eðlisbundinn öruggri og heildstæðri tilveru. Hann lifir viss í sinni sök í heimi sem lýtur einu frumafli, einum vilja. Nútímamaður Sigurðar Nordals er hins vegar klofinn og staðfestulaus í heimi stöðugar afhættu og lífsháska. Lífsstefna hans er ekki ákveðin af ytri lögmálum heldur verður hann að velja áttir sínar sjálfur. Ákvörðun hans mótar heiminn og sker úr um örlög hans sjálfs.

I. 3. Uppreisn gegn Guði og mönnum

Söguhetjur Gunnars Gunnarssonar eru afsprengi nútíma. Akkillesarhæll þeirra er vitundin um feigð og endanleika. Vöxtur þessarar sársaukafullu meðvitundar veldur klofningi innra með þeim og stangast á við tilfinningalegar þarfir þeirra. Þær tortímast því að ofsafengin leit þeirra að rófestu og sannleika hefur í för með sér hlífðarlausu afhjúpun þeirra gilda sem hefðu mögulega getað sætt þær við lífið.

Þessar sögupersónur heyja vonlausu lífsbaráttu í skugga dauðans enda eru þær afsprengi vitundar sem gagnsýrð er af bölmóði og fánýtiskennnd: „Við grandskoðun lífsins á jörðu hér hafði ég komizt að þeirri niðurstöðu, að við værum öll, mannkynið í heild, sjórekin lík á lífsins strönd – eða dauðans,“²³ sagði Gunnar Gunnarsson í eftirmála að Landnámuútgáfu *Strandarinnar*. Enn fremur sagði hann:

/.../ sligaður undir byrði mannlegrar samsektar reyndi að hrista af sér ábyrgðina með því að skella skuldinni á „guð“ /---/. Eigi að síður taldi ég mig þess umkominn að kalla fyrir skáldlegan næturdómstól mannkynið í heild og guð almáttugan í ofanálag.²⁴

Gunnar lætur Guð sæta siðferðilegri ábyrgð – og deyðir hann með því í hjarta sínu.²⁵

Verk Gunnars á tímaskiðinu 1915–20 eru flest skrifuð í tákni uppreisnar. Höfundur sættir sig ekki við mannleg kjör og hefðbundnar skýringar á þeim. „Hjarta hans er of stórt fyrir heiminn.“ Hann vilar ekki fyrir sér að varpa hanska framan í máttarvöld himins og jarðar, og krefja „móður“ náttúru um réttlæti og sanngirni. Hann heimtar mönnum rétt sem þeim ber að hans dómi. Eftirfarandi orð Uggja í *Fjallkirkjunni* varpa skæru ljósi á þennan hugsunarhátt:

Hvad er Storhed? Gives der anden end den, at ville det umulige? Hvem er i Folkets enkle Opfattelse størst efter Gud? Dog ubetvivlelig Fanden! Ja, hvem er størst – Gud eller Fanden? Den fromme Fortid eller den oprørske Fremtid!²⁶

Gunnar gerir sér gjörla grein fyrir fáránleika þess að heimta hið ómögulega, að vilja snúa fljótsstrauminum upp í móti. Hann veit að uppreisn hans er út í hött, að braut hans er óvinnandi vegur. En hann getur ekki annað. Hann getur ekki lifað vonarsnauðu lífi í heimi sem ekki fullnægir tilfinningalegum og vitsmunalegum þörfum hans. Því er leit hans upp á líf eða dauða. Honum er nauðugur einn kostur að reka djöfla örvæntingarinnar af höndum sér og afvopna andstæðinginn – lífið sjálft – til að geta haldið lífi. Í viðtali við danskt blað árið 1932 sagði Gunnar:

Men alligevel . . . naar det gælder Selvmord, er der forførdelig langt fra Tanke til Handling. I hvert Fald er jeg aldrig kommet længere end til at se paa Vandet . . . Der er jo ogsaa det, at hvor sort og haabløst det hele end ser ud, bevarer man dog gerne et lille bitte Haab om, at det engang vil lysne. Først naar man er kommet saa langt ned, at man ikke engang kan haabe, og man altsaa med andre Ord har mistet hele Livsinstinkt, saa kan man sikkert begaa Selvmord uden større Overvindelse . . .²⁷

Gunnar lagði út í viðureign sem var honum ofviða – mót-herjinn reyndist ósigranlegur. Engu að síður var þessi lífs-glíma – „glíman við engilinn“ – staðfesting hans og sjálfs-réttlæting. Hann átti ekki annan kost svo fremi hann vildi vera sjálfum sér trúr. Hann var meðvitaður donkíkóti – og gat ekki annað.

ANNAR KAPÍTULI: STRÖNDIN

II. 1. Uppgjör við hefð

Í *Ströndinni* sem Gunnar Gunnarsson sendi frá sér árið 1915 er tekist á við vandamál góðs og ills, tilveru Guðs og stefnu mannglegrar tilvistar. Verkið er skrifað af manni í leit að fótfestu eftir að samhengi lífs og tilveru virðist sundurgliðnað og öngþveiti blasir við.

Bæði *Ströndin* og *Vargur í véum*, sem Gunnar gaf út ári síðar, fjalla um firrt mannlíf í guðlausri og harðneskjulegri veröld. En höfundurinn nálgast viðfangsefni sitt úr tveimur áttum í þessum verkum. Í því fyrra rekur hann framvinduuna til dauða Guðs í vitund manns, en í hinu síðara túlkar hann tótleikann og samræmisleysið sem fylgja guðleysinu. Sama brennandi spurningin liggur þó báðum bókunum til grundvallar: Er hægt að lifa í guðlausum heimi? Getur maðurinn verið án tilgangs og hugsjónar?

Í *Ströndinni* beinir Gunnar geiri sínum að kristindómi og trúarsetningum. Skáldsagan er á sína vísu tímamótaverk, afsprengi togstreitu og uppgjörs. Orð Ugga í *Fjallkirkjunni* lýsa einkar vel þeim uppreisnaranda sem einkennir það:

Men endnu stredes jeg med Dualismens Rester: panisk Livsangst, Trods mod Skæbnen, Oprør mod den Gud der muligvis styrede det Hele – og styrede det saa ilde.²⁸

Gunnar virðist hafa gert sér fulla grein fyrir uppreisnargildi bókar sinnar. Í *Bogvennen* 1915 sagði hann:

Den indre Handling – hvis det er tilladt at bruge den Vending – er et Menneskes Kamp og Nederlag. Og *den* kunde finde Sted hvor som helst i Verden – mener jeg da – hvor de traditionelle Fordomme endnu ligger som en Mare paa de Sind, der søger – ikke blot sløvt vegeterer,

- og hvor Overleveringen som en Vampyr suger Menneskene Sundheden ud af Sjælen.²⁹

Barátta séra Sturlu Steinssonar gæti átt sér stað hvar og hvenær sem er af því að hún snýst um grundvallarvanda mannglegrar tilvistar. Hvernig á maðurinn að haga lífi sínu, hver er ábyrgð hans gagnvart sjálfum sér, öðrum mönnum og lífinu sjálfu?

Í *Ströndinni* er gert upp við guðshugmyndir kristindómsins. Almáttugur kærleiksguð *Nýja-Testamentisins* og ægilegur réttlætisguð *Gamla-Testamentisins* eru báðir dregnir fyrir skáldlegan næturdómstól og sekir fundnir. Þeim er jafnvel afneitað með öllu. Með þessu verki Gunnars hefur hinn frumspekilegi uppreisnarmaður innreið sína í íslenskar bókmenntir. Heimur hans er sundraður og sál hans gagnsýrð róttækustu efasemdum um líf og tilveru. Hann hefur sprengt af sér viðjar fyrri tíma og stefnir mannlegri skynsemi og réttlætiskennd gegn röklösu ofbeldi tilverunnar. Hann krefst réttar síns í framánda veröld og hafnar þeirri mannlægingu sem fylgir órökvisri tilbeiðslu.

Uppgjör Gunnars við ríkjandi hugmyndahefð og kristindóm kom illa við kaun margra hérlendis. Gunnar hefur sjálfur nefnt skemmtilegt dæmi um það í eftirmála sínum við Landnámuútgáfu *Strandarinnar* 1945:

Hér heima fékk ég heldur en ekki á baukinn fyrir bölsýnina og ófagrar lýsingar. Íslendingar hafa tamið sér að fjargviðrast af mikilli móðursýki yfir „ófögnum lýsingum“ opinskárra skálda. Hitt virðist gera minna til, að hlutirnir eigi sér stað. /---/ Þessar athuganir ná ekki nema að nokkru leyti til þeirrar sögu, sem hér um ræðir. Það mun hafa verið annað og meira en ófagrar lýsingar, sem kom aumingja prestskonunni á Þingvöllum til að gráta af bræði, þegar kunningi minn einn þáverandi færði söguna í tal. Hver maður, sem á penna heldur, verður að setta sig við þá tilhugsun að verða oft og tíðum valdur að meiri og minni gufugosum ófyrirsjáanlegra geðhrifa.³⁰

Gott dæmi um viðtökur hérlendra gagnrýnenda var ritdómur *Skírnis* um bókina. Þar ritar J[ón] H[elgason] meðal annars:

„Strönd lífsins“ er frá upphafi til enda einn hinn átakanlegasti „böl-sýninnar boðskapur“, sem eg hefi lesið nú í mörg ár. /---/ Þessi átakanlega bölsýni gerir manni blátt áfram erfitt að komast gegnum söguna. Manni, sem lítur bjartari augum á lífið en höfundurinn, verður lesturinn nærri því kvöl. Honum finst hér komið út í óþolandi öfgar og myndin öll, sem hér er dregin upp, vera ósönn og fjarri virkileikanum. /---/ Höfundurinn hefir bersýnilega gert sér alt far um, að gera prestinn, höfuðpersónu sögunnar, svo úr garði, að hann vinni samúð lesendanna. Og það hefir honum tekist. En ekki á sú persóna mikið skylt við virkileikann.⁸¹

Það er athyglisvert að danskir gagnrýnendur tóku verkinu af meiri samúð og víðsýni en kollegar þeirra hér á landi. Einn þeirra segir t. a. m. í *Maanedstidende for KFUM* 16. júlí 1915:

Kristne Mennesker maa vist i det hele taget takke for saa dybtgaaende Bøger, enten de saa finder ud i Tro eller standser i Tvivl. De tager ikke Troen fra nogen, som har den; men maa tænkes i fortrinlig Grad at forstyrre den almindelige Overfladiskhed.

Öðrum þræði fjallar *Ströndin* um félagsleg átök í afskekktu íslensku sjávarþorpi á fyrsta áratug þessarar aldar. Atburðarásin snýst að verulegu leyti um baráttu kaupfélagssamtaka við einokun danskrar selstöðuverslunar. En fyrst og fremst greinir sagan frá trúarlegum og sálrænum vanda séra Sturlu Steinssonar. Hann er í senn andlegur og veraldlegur leiðtogi þorpsbúa, sóknarprestur og alþingismaður auk þess að vera í fararbroddi þeirra sem brjóta vilja einokunina á bak aftur. Í sögunni er frá því sagt hvernig margvísleg áföll brjóta þol hans og trúarþrek á bak aftur. Hann bíður algeran ósigur á öllum vígstöðvum og stendur að lokum uppi viti firrtur.

Frá raunsæislegu sjónarmiði er hrakfallasaga prestsins ósennileg. Það er með ólíkindum að einn og sami maðurinn verði fyrir jafn miklum hörmungum á svo stuttum tíma sem séra Sturla. Tilviljanirnar raðast saman á ótrúlegan hátt. En ekki er hægt að dæma skáldsöguna út frá þessu sjónarmiði. Höfundurinn hnoðar frásagnarefnið í krafti ákveðinnar hugmyndar og lögum hennar verða allir raun-

veruleikaþættir verksins að lúta. Gunnar vill tjá almenn sannindi í sögu sinni og það krefst samþjöppunar – kannski einföldunar. *Ströndin* er að vissu leyti dæmisaga eða táknmynd af veruleika mannsins.

Sumum gagnrýnendum hefur þótt samfélagsmynd verksins gefa ranga mynd af íslenskum veruleika í upphafi aldarinnar. Kristni E. Andrésyni hafa farist svo orð um það:

En þegar þessi ódæma saga kemur út, er samvinnustefnan komin í blóma, hefur ungmennafélagshugsjón farið eldi um landið og vakin trú þjóðarinnar á framfarir og nýtt Ísland. Sagan gat af þeim sökum einum ekki vakið neinn hljómgrunn. /---/ Sjálf sviðsetningin í íslenzku kaптúni sniður sögunni stakk sem hún rúmast engan veginn í, hvort sem litið er á hana efnislega eða frá listrænu sjónarmiði. Líking með þessari hættuströnd og styrjaldarógnunum úti í heimi nær einkar skammt, og lýsing á viðburðum og félagslegum átökum í kaптúninu gefur ekki einu sinni hugboð um þau þjóðfélagsöfl sem standa að baki heimsstyrjöldum.³²

Að mínum dómi er þetta ósanngjörn gagnrýni. Þjóðfélagsmynd *Strandarinnar* hefur f. o. f. það hlutverk að magna tilvistarvanda og sálarstríð söguhetjunnar. Höfundur notar hana til að varpa ljósi á örlög einstaklingsins á jörðinni. Markmið hans er hvorki að spegla sérstakan og einangraðan þjóðfélagsveruleika né draga upp allegóríska mynd af styrjöld og alþjóðlegum stéttaátökum. Umhverfislýsing og atburðarás eru táknrænar að því leyti að þær lúta lögum heimspekilegrar hugmyndar – sem er kjarni og lífgjafi verksins – um tilvist mannsins. „Brotalamir“ samfélagslýsingarinnar verður að skoða í þessu ljósi. Sjálfur segir Gunnar á einum stað: „Milieuskildringen for mig først kommer i anden Række.“³³ Meginviðfangsefni sögunnar er með hans eigin orðum „en Præsts Kæmpen mod Anfægtelser og Tvivl og andre Sorger.“³⁴

Í eftirmálanum við Landnámuútgáfu sögunnar tekur Gunnar af öll tvímæli um „baksviðshlutverk“ hins samfélagslega þáttar í verkinu Hann segir:

Strönd sú, er mér fannst riða lífið á að draga upp sem sannasta, réttasta og hlífðarlausasta mynd af, lá sem sé að víðari vogum en hraun-

höfn austfirzks kaптúns; á henni mæddu annars kyns holskeflur en þær, sem brutu fald á fjörusöndunum heima, – eða svo fannst mér, þó að ég vitanlega, hvað grunnmyndina snerti, bæri þar niður, sem ég var kunnugastur.

Um þetta þarf annars ekki orðum að eyða; sagan var aldrei skráð fyrir aðra en þá, sem það liggur í augum uppi. Það kann að virðast kátlegt, að ég valdi umkomulítið íslenzkt sjávarþorp að vettvangi og lét tvískinnung í trúmálum og krappan dans kaupfélags við einokun leiða til ragnaraka sögunnar; en það var í raun réttari sjálfgefið. *Umkomuleysi eins umhverfis öðru fremur er glapsýn ein /- - - /*.³⁵ (Skál. MVS)

II. 2. Frá auðmýkt til uppreisnar

Gunnar Gunnarsson lýsir af mikilli rökfestu leið séra Sturlu frá fjarstæðukenndu trúartrausti til glötunar, frá því augnabliki sem hann leggur ábyrgð verka sinna í Guðs hönd til þeirrar stundar sem hann tekur dóttur sinni gröf og fordæmir lífið og skaparann. *Ströndin* er saga manns sem hafnar allri hálfvelgju og reynir að vera samkvæmur trú sinni í einu og öllu. Fall hans stafar af því að hugsjón hans er ósamrýmanleg veruleikanum. Hann upplifir ómannlega veröld þar sem ekkert rúm er fyrir drauma og vonir.

Trúarlíf séra Sturlu þróast frá einni guðshugmynd til annarrar. Í upphafi trúir hann á almáttugan kærleiksguð sem smám saman breytist í miskunnarlausan refsiguð. Að sögulokum upplifir hann guðlausa veröld. Epísk framvinda sögunnar stjórnast af venslunum á milli þessara þriggja stiga. Ekki er um að ræða einfalda framrás frá trausti til algóðs almættis um hræðslu við harðneskjulegan Jahve til guðsafneitunar. Þessi stig skara víða hvert annað ekki síst vegna nálægðar söguhöfundar í atburðarásinni.

Hvati þeirrar framvindu, sem hér hefur verið lýst, er vandamál þjáningarinnar. Segja má að *Ströndin* lýsi gjaldþroti trúarlegrar heimsskoðunar og vangetu hennar til að

skýra og réttlæta mannlegt böL. Séra Sturla hefur píslar-göngu sína með þá trú í farangrinum að Guð sé almátt-ugur aflvaki alls sem er og gerist. Hann trúir að Almættið sé kærleiksríkt í eðli sínu og dregur af því þá ályktun að allt sé gott og stefni til besta vegar. Maðurinn geti treyst skilyrðislaust á forsjón Guðs og falið líf sitt í vald hans. Atburðarás sögunnar gegnir f. o. f. því hlutverki að varpa ljósi á gildi þessarar trúar frá ýmsum sjónarhornum. Hvers er hún megnug í hinu raunverulega lífi, stenst hún próf-raun veruleikans? Svar verksins er neikvætt. Það kennir að átrúnaður séra Sturlu sé háskaleg blindni.

Trúarlíf séra Sturlu einkennist framan af ekki aðeins af takmarkalausri auðmýkt heldur og ofmetnaði því að óafvit-andi „storkar“ hann „Guði“ með trú sinni. Lífsskoðun hans elur með honum þá blekkingu að hann geti stigið út fyrir takmörkin sem mannlegri veru eru sett. Hann leysir sig undan ábyrgð í krafti hugmyndar um alvaldan vilja Guðs: hvað hann gerir og velur skiptir í sjálfu sér ekki máli því að Guð sér um að allt fari á besta veg! Í raun gefur séra Sturla Guði eiginleika sjálfs sín: Almættið er ímynd hans eigin vilja og siðgæðishugsjónar. Með því gerir presturinn sjálfan sig – ómeðvitað – að „guðmenni“. Hann stígur yfir takmörkin.

Séra Sturla rekur sig harkalega á að maðurinn getur ekki hunsað örlög sín sem mannlegrar veru án sviplegra afleið-inga. Hann afneitar „mannlegum rökum“ og gerir konu sína barnshafandi í trássi við ráð læknis. Í krafti trúarinnar reynir hann að sveigja náttúruöflin til hlýðni við vilja sinn. Þessi tilraun hans að móta framtíðina að eigin geð-þótta hrindir af stað óstöðvandi tortímingarframvindu. Fall hans verður algert af því að hann krafðist alls. Kona hans deyr af barnsförum og dóttir hans drukkna. Jafnvel besta vinafólk hans verður fyrir miklum skakkaföllum. Að lokum eyðileggur sálarstríðið og harmurinn vitund hans sjálfs og hann tekur út „refsingu“ fyrir ábyrgðarleysi sitt og of-metnað.

Í þessari skáldsögu lýsir Gunnar Gunnarsson vanda sem fylgt hefur mannkyninu frá upphafi vega. Presturinn er *manneskjan* sem frá örófi alda hefur krafist skýringar á tilgangi lífsins. Hann er leitandi eldsál sem getur ekki sætt sig við ástæðulausar þjáningar mannanna. Hann getur hvorki afneitað skynsemi sinni og réttlætistilfinningu til lengdar né sætt sig við málamiðlun; og ekki getur hann lifað fyrir líðandi stund og látið skeika að sköpuðu. Af þeim sökum verður glíma hans við tilveruna að spurningu um líf eða dauða.

Í norska vikublaðinu *Urd* sagði Gunnar Gunnarsson um efnivið bókar sinnar:

Livets Strand. Jeg har i denne Bog først og fremst villet skildre et hjertevarmt og alvorlig troende Menneskes Kamp med sin Tro. Og hans Nederlag netop *igjennem* sin oprigtige Tro, da han av Skæbnen i en maaske usædvanlig Grad udsættes for og blandt alle sine Omgivelser bliver Vidne til Livets Vilkaarlighed og Vold, og hans Redelighed forbyder ham at gaa paa Akkord, forbyder ham at søge at redde sit Skind ved at bjerge sig op paa den smidige Bortforklarings og den uredelige Fortolknings Vragstumper – der altid i en saa rigelig Mængde er tilstede ved et religiøst Forlis. Jeg har søgt at vise, hvordan Troen *kan* blive selv det dybest religiøse og inderligst troende Menneske en Møllesten om Halsen.³⁶

Mótsögn kennisetningar og reynslu er örlagavaldur séra Sturlu. Ástriða hans kemur í veg fyrir málamiðlun og einlægni hans hrindir honum í glötun; því að trúin *getur* leitt til ófarnaðar ef reynt er að reyra veruleikann í bönd hennar. Ósk mannsins verður að lúta staðreyndinni ef ekki á illa að fara. Maðurinn verður að virða takmörkun sína. – Gunnar Gunnarsson hafnar ekki trúnni sem slíkri; hún er lífgjafi mannsins segir hann víðar en á einum stað. En hún getur einnig verið tortímingarafl ef menn reyna að skirrast sköp sín í krafti hennar.

Örlög séra Sturlu ráðast þegar hann gefur sig á vald lamandi trúarvissu í upphafi bókar. Áður hafði díalektískt sam-

band trúar og efa frjóvgað sálarlíf hans. Efasemdirnar höfðu nært trú hans og lífsþrek:

– han havde nok været naget af Tvivl; men han havde troet . . . troet. Troet saa inderligt og hjertegrebet, som kun et tvivlende Sind formaar. Fordi han stadig havde kæmpet med sin Tro, og maattet væрге den mod Tvivlens Angreb, – som man værger et umyndigt Barn mod Overlast, – havde Vishedens slappende Døs intet Øjeblik faaet Lov at tage Magten over hans Sjæl. (271)

– Því að nútímamaðurinn, með þekkingu sína og lífsreynslu, getur ekki útilokað efann nema hann afneiti sjálfum sér um leið. Efinn er í reynd ljós fóta hans í myrkri tilveru. Skoðanir Gunnars Gunnarssonar fara hér sem víðar saman við hugmyndir spánska heimspekingsins og skáldsins Miguel de Unamunos. Í einu ljóða sinna lofar Unamuno t. a. m. togstreitu trúar og efa:

Life is doubt,
and faith without doubt is but death.
Death is the sustenance of life,
and doubt the food of faith.³⁷

Trúin er þversagnakennd eins og lífið sjálft, sífellt tog jákvæðis og neikvæðis. Efinn er óhjákvæmilegur fylginautur þeirra sem ekki vilja blekkja sjálfa sig:

Of course there is contradiction. Who does not recollect those words of the Gospel: “Lord, I believe, help thou my unbelief? Contradiction! Of course! Since we only live in and by contradiction, since life is tragedy and the tragedy is perpetual struggle without victory or the hope of victory, life is contradiction.³⁸

Séra Sturla reynir að útrýma fjarstæðunni með því að afneita skynsemi sinni – uppsprettu efans – og fela sig Guði á vald: „Der burde ingen Tvivl og ingen Indskrænking være i vort Gudsforhold.“ (26) En leið hans er vonlaus flótti undan ógæfu lífsins. Að sögulokum verður séra Sturlu það loks ljóst og hann sannreynir óbætanlega útleð allrar mannskepnu í veröldinni.

Í *Uppreisnarmanninum* (1951) segir Albert Camus eitt hvað á þessa leið: Ég staðhæfi að ég trúi á ekkert og að allt

er fjarstæðukennt, en ég get ekki efast um gildi minnar eigin staðhæfingar. Ég hlýt að minnsta kosti að trúá á mótmæli mín. Maðurinn er eina veran sem neitar að vera það sem hún er.³⁹

Slík mótmæli eru í raun altæk uppreisn af því að þau beinast gegn tilverunni sem slíkri og aðstæðum manneskjunnar. Uppreisnarmaðurinn ræðst á sundraðan heim í þeim tilgangi að gera hann aftur heilan.⁴⁰ Hann heyr einvígi við óréttlæti veraldarinnar með mannlega réttlætiskennnd að vopni. Uppreisnarmaðurinn vill leysa móthverfuna á milli einingardraumsins og öngþveitisins. Hann þráir að yfirstíga fjarstæðuna, eyða takmörkun sinni og verða húsbóndi eigin lífs.

Uppreisnarmaðurinn þarf ekki að vera guðsafneitari. Afstaða hans felur einungis í sér að hann viðurkennir ekki vald neins yfir sér. Af þeim sökum tvínómar hann ekki við að skora máttarvöld himins og jarðar á hólm. Albert Camus bendir á að uppreisnarmaðurinn býður fremur byrginn en afneitar. Í upphafi a. m. k. afneitar hann ekki Guði heldur ræðir við hann sem jafningja. En samræðan er ekki kurteisleg. Hún er deila sem vinningsvonin kyndir undir.⁴¹

Uppreisn af þessu tæi leiðir oft til „frumspekilegrar byltingar“, segir Camus. Hinn ofsótti þræll sem í upphafi bað um lágmarksréttlæti veltir að lokum sjálfum konunginum af stóli – verður „guðmenni“. En þá uppgötvar hann jafnan að hann hefur tekið sér meira vald en dauðlegir menn geta risið undir. Flestir slíkra „byltingarmanna“ tortímast, þeirra á meðal er séra Sturla Steinsson.

Séra Sturla er útlagi sem mótmælir því sem hann er og ásakar Guð. Hann rís gegn lífinu, afneitar Guði og ferst – af því að hann getur ekki sætt sig við mannlegan veruleika. Hann getur ekki lifað við vitneskju sína um örlög manneskjunnar.

Trúarlíf séra Sturlu er alla tíð rökræða við máttarvöldin. Í hjarta sínu viðurkennir hann ekki rétt neins til að þjá manninn að ósekju. Hann neitar að samþykkja tilveru sem

mætir kærleiksþrá manneskjunnar með ofbeldi og dauða. Því kallar hann máttarvöldin til ábyrgðar og ákærir Guð af siðferðilegum ástæðum.

II. 3. Job í nútímanum

Hversvegna eru góðir og réttlátir menn bölví slegnir samtímis því sem hús níðinganna fyllast af brauði, víni og skemmtan? Þetta vandamál herjar á séra Sturlu því að hann getur ekki lagað guðshugmynd sína og lífsskoðun að illum örlögum saklausrar mannskepnu. Margar af söguhetjum *Gamla-Testamentisins* eiga í svipuðum útistöðum. Þeim svipar til séra Sturlu jafnt í ástríðufullu og fjarstæðu trúartrausti sínu sem bitrustu örvilnan, auðmýkt sem storkun.

Heimur *Strandarinnar* sver sig að mörgu leyti í ætt við sum rit *Gamla-Testamentisins*, sérstaklega *Jobsbók* og *Sálmána*. Skyldleikinn er svo náinn að vert er að skoða hann nokkuð rækilega.

Bæði í Biblíuritunum og skáldsögu Gunnars felst miðdepill frásagnarinnar í prófraunum sem reyna á þol söguhetjunnar. Styrkur hennar í þraut og mótlæti ræður því hvort hún gengur leið endurnýjaðs jafnvægis eða veg glötunar. Söguhetjum *Gamla-Testamentisins* auðnast ávallt að varðveita trú sína og finna leið úr blindgötum útleigðarinnar. Hins vegar glatast séra Sturla. Eldraunirnar eyða trú hans og kippa stoðunum undan tilveru hans. Í báðum tilvikum er Guð tilvistarskilyrði mannsins; án trúar getur hann ekki lifað.

Skyldleiki *Strandarinnar* og *Jobsbókar* er auðsær. Í báðum verkunum er mannlegri réttlætiskennnd stefnt gegn röklausri kreddufestu og kenningaofstæki. Bæði fela verkin í sér uppgjör við hefðbundnar trúarsetningar. Að minnsta kosti tveir gagnrýnendur hafa bent á skyldleika Sturlu við Job Biblíunnar. P. P. segir í *Thisted Amts Tidende* 2/11 1915 um Sturlu að „Hans Skæbne ligner Jobs, den ene Ulykke haardere og frygteligere end den anden rammer

ham i Løbet af faa Aar," uns hann að lokum „med Job ud-slynger Forbandelsen over Livet.“ Í *Mons Dagblad* segir þann 28/10 sama ár um Sturlu: „Som en Job sidder han tilsidst paa Ruinerne af sit Hjem, men ikke med Jobs Ydmyghed i Sindet.“

Maður *Gamla-Testamentisins* gerir sér grein fyrir að mannlífið er endanlegt, að það er líf til dauða. Það er einmitt framvinda tímans og hverfleiki lífsins sem knýr hann áfram í leit að goðsvörum. Að hans dómi væri lífið óbærileg og merkingarlaus þjáning án nærveru Guðs og eilífðarverðmæta. Ef til vill kristallast hugmyndafræði *Gamla-Testamentisins* í trúnni á að maðurinn geti samræmst Guði og kveikt eilífðarneista í brjósti sínu, að hann geti hafið sig yfir jarðfestu og tímanleika. Þetta traust gerir jarðvistina bærilega. Maðurinn hefur fyrirheit um frelsun og náð. Maður *Gamla-Testamentisins* reynir ekki að afnema tímann heldur horfist í augu við hann. En hann vill þó ekki gefa sig á vald hinni fleygu stund heldur yfirstíga hana og sam-einast eilífðinni í Guði.

Það er ekki einungis hverfleiki tímans sem knýr þessa manngerð til að leita annars heims. Þjáningar mannlífsins gera hann ósáttan við tilveruna. Í mörgum *Sálmanna* ákallar hinn trúaði og þjáði maður Guð í raunum sínum en fær ekkert svar. Við slíkar aðstæður þarf mikinn trúarstyrk til að missa ekki traust á handleiðslu og miskunn æðri máttarvalda:

Guð minn, Guð minn! hví hefir þú yfirgefið mig?
Langt burt frá hjálp minni eru kveinstafir mínir.
„Guð minn!“ hrópa eg um daga, en þú svarar ekki,
og um nætur, en eg finn enga fró.⁴²

Og tjáning þessarar útleiðartilfinningar tekur á sig mynd ákalls:

Guð, ver eigi hljóður;
ver eigi þögull og hald eigi kyrru fyrir, ó Guð!⁴³

Vanmáttur og hugarangist einkenna sálma á borð við þennan. Guð virðist hafa yfirgefið manninn og neyðarópin hverfa bergmálslaust í tómið. Hinn trúaði maður getur ekki varist glötunarkennd og spyr hví í ósköpunum Almættið láti óréttlætið viðgangast. Guð verður að vakna og svara erindum manneskjunnar. Hvernig getur handhafi æðsta réttlætis látið þjáningu og réttlæst ofbeldi afskiptalaust? Þessi kennd er undirrot þeirrar skoðunar sem örlar á í 82. *Davíðssálmi* að veraldir skilji að Guð og mannheima. Sálmahöfundurinn dirfist reyndar ekki að eigna Guði ábyrgðina á meinum mannlífsins heldur varpar sökinni á „rangláta dómara“, einhvers konar ill og yfirnáttúrleg öfl.

Úr þessum jarðvegi sprettur *Jobsbók*. Rökræða Jobs við máttarvöldin er í senn vitsmunaleg tilraun til að leysa þverstæður tilverunnar og uppreisn gegn tilefnislausum meinsemdum hennar.

Flestir ritskýrendur eru sammála um að í *Jobsbók* sé brugðið upp stórkostlegri mynd af mannlegum örlögum sem varpi ljósi á aðstæður allra manna. Kierkegaard sagði t. d. um ritið: „Hafið þér áreiðanlega lesið Job? Lesið hann, lesið hann aftur og aftur / . . . / af því að allt við hann er svo mannlegt.“⁴⁴ Og margir hafa gert eftirfarandi orð Thomas Wolfe að sínum: „Jobsbók er harmsögulegasta, göfugasta og fegursta tjáning einsemdarinnar sem ég hef nokkurn tíma lesið.“⁴⁵ Hún „snertir kjarna tilvistarinnar“, eins og Paul Weiss komst að orði.⁴⁶

Jobsbók hefst á formála í lausu máli sem talinn er byggður á fornri þjóðsögu um auðugan og guðhræddan mann, Job að nafni. Þessi maður lendir í miklum raunum sem eyða þó ekki trú hans, og hann neitar að fara að ráðum konu sinnar og lasta Guð og deyja: „Drottinn gaf og Drottinn tók, lofað veri nafn Drottins.“⁴⁷ Job glatar öllu en heldur þó ró sinni og auðmýkt líkt og á velmegunarárunum fyrrum.

Í kvæðahluta verksins er Job gjörólikur þeim manni sem þjóðsagan greinir frá. Hann hefur breyst í uppreisnarsegg

gegn þeim skapara sem lokar eyrum sínum fyrir kveinstöfum manna. Auðmýktin er fokin út í veður og vind. Í upphafi formælir Job fæðingu sinni:

Farist sá dagur, sem eg fæddist á,
og nóttin, sem sagði: sveinbarn er getið.⁴⁸

Hann afneitar með öðrum orðum sköpunarverkinu sem hann sjálfur er hluti af. Afneitun hans er því jafnvel djúptækari en þótt hann hefði hafnað Guði. Job upplifir þá útleið sem hryllilegust er fyrir mann *Gamla-Testamentisins*: hann er yfirgefinn af Guði. Þetta grefur undan rökum tilvistar hans og gerir lífið að óbærilegri kvöl. Eina lausnin sem Job eygir er dauðinn, „því þá lægi eg nú og hvíldist, væri sofnaður og hefði frið.“⁴⁹

Hversvegna þjáist maðurinn? Hversvegna er lífið sársauki og neyð? Vinir Jobs halda því fram að tilverunni sé skynsamlega stjórnað samkvæmt siðferðilegu orsakalögmáli: auga fyrir auga, tönn fyrir tönn. Samkvæmt því launar Guð mannum að verðleikum; umbunar hinum réttvísu en refsar þeim óréttlátu. Syndin er tilefni allrar þjáningar. Þessi kennisetning um réttmætt endurgjald kemur víða fram í *Gamla-Testamentinu*, s. s. í *Mósebókum* og *Spádomsritum Esekiels*: „Eftir breytni þeirra mun eg með þá fara og dæma þá eftir verðleikum þeirra, og þeir skulu viðurkenna, að eg er Drottinn.“⁵⁰ En hvergi er kenningin sett fram á jafn hreinræktaðan hátt og í *Jobsbók*. Vinir Jobs skýra ófarir hans með því að saka hann um alls kyns misgjörðir, þótt þeir viti að hann hefur alla tíð verið réttlátastur manna. Þannig reyna þeir að leggja veruleikann í fjötra trúspekinnar og hliðra sér hjá að svara spurningum sem tilvistarlegur raunveruleiki Jobs vekur um réttmæti hennar. Sá Guð sem vinir Jobs tala um er trúarsetning. Þeir sjá veruleikann í gegnum tálglar hennar og rangtúlka staðreyndir. Kreddufestan blindar þá:

Nóttina gjöra þeir að degi,
ljósið á að vera nær mér en myrkrið.⁵¹

Vinir Jobs álíta að þjáningin sé bæði refsing og ögun. Sú skoðun kemur einna skýrast í ljós hjá Elíhú sem hafnar reyndar einstrengingslegri túlkun endurgjaldslögmálsins. Hann reynir að skýra þjáninguna sem prófun. Hagsæld vondra manna er skammvinn og gengi þeirra fallvalt segir hann. Góðir menn bíða hins vegar síns tíma og munu um síðir erfa landið. Þeir geta huggað sig við vonina í öllu mótlætinu. Umbunin tilheyrir framtíðinni.

En Job lætur ekki taka af sér frelsið til að gagnrýna. Hann afneitar ekki staðreyndum lífsins í krafti kennisetninga sem stangast á við allt það sem hann hefur upplifað. Job heldur fram rétti reynslunnar og segir að þjáningar manna eigi sér ekki nauðsynlega orsök. Job viðurkennir að guðdómurinn sé yfirskilvitlegur en sættir sig ekki við að vera útskúfaður. Hann krefst lausnar úr útleið einsemdar og þjáningar, að Guð nálgist hann á ný, svari fyrir sig og leiðrétti ranga breytni sína gagnvart honum. Það er útleiðin sem knýr hann til baráttu við máttarvöldin.

Job líkist nútímamanninum að því leyti að hann hefur enga von um persónulegan ódauðleika. Hann gengur út frá beiskum staðreyndum lífsins hér og nú: hverfleikanum og dauðanum. Þessi vitund um tímanlega takmörkun lífsins er ein höfuðástæðan fyrir beiskju hans:

Dagar mínir eru hraðfleygari en vefjarskyttan
og þeir hverfa án vonar.
Minstu þess, að líf mitt er andgustur!
Aldrei framar mun auga mitt gæfu líta.
Það auga, sem nú sér mig, mun eigi líta mig framar;
auga þín leita mín, en eg er horfinn.
/---/
Eg er leiður á þessu – ekki lifi eg eilíflega –,
sleptu mér, því dagar mínir eru andartak.⁵²

Menningarlegar forsendur Jobs tryggja að hann afneitar aldrei Guði. Tilvera Guðs er sjálfgefin forsenda tilverunnar í huga hans. Það gerir uppreisn hans svo róttæka og stórkostlega sem raun ber vitni. Hann viðurkennir almætti

Drottins en heldur samt fram rétti mannsins. Hann heyr baráttu sem hann veit að getur ekki unnist:

Sjá, hann mun deyða mig – eg bið hans;
aðeins vil eg verja breytni mína fyrir augliti hans.⁵³

Job vill ekki sætta sig við óréttlátan dóm og afneita skynsemi sinni eins og vinir hans krefjast í raun. Hann veit að Guð hefur dæmt hann að tilefnislausu:

Fjarri sé mér að játa, að þér hafið rétt að mæla;
þar til er eg gef upp andann, læt eg ekki taka frá mér sakleysi mitt.
Eg held fast í réttlæti mitt og sleppi því ekki.⁵⁴

Sem fyrr segir leiðir glíma Jobs við Almættið hann aldrei til guðsafneitunar. En hann getur aðeins viðurkennt Guð sem húsbónda í heimi ofbeldis og þjáningar. Trúarlíf hans einkennist þannig hvorki af blindri undirgefni né guðlasti heldur trausti og baráttu. Hann trúir en býður byrginn eins og uppreisnarmaður Alberts Camus. Hann viðurkennir Guð en samþykkir ekki sköpunarverk hans. Hann skynjar hönd Guðdómsins að baki öllum þrengingum sínum og lýsir sig saklausan og órétti beittan.

Svar Jahves í lok *Jobsbókar* leysir hvorki vandamál þjáningarinnar né skýrir „siðgæði“ heimsins, en það frelsar einstaklinginn Job úr ánaud útleðarinnar. Uppreisnin hefur leitt hann til endurnýjaðs trúnaðarsambands við Guð. Hann fær svar og getur staðfest sjálfan sig og Almættið að nýju. Kjarninn í ræðu Jahves er staðhæfing um yfirskilvitlegt almætti Guðs og takmörkun mannsins. „Vitið“ í sköpunarverkinu er ofar mannlegum skilningi, segir hann. Maðurinn syndgar þegar hann skilgreinir rök heimsins með mannlegum siðgæðishugtökum og alhæfir út frá takmarkaðri reynslu sinni, – því að „réttlæti“ Guðs verður ekki skýrt með hugmyndum manns um „rétt“ og „rangt“. Maðurinn getur ekki skilið tilveruþef sem hann sjálfur er þráður í.

Margir ritskýrendur telja að „þekking“ og „skilningur“ séu lykilhugtök í *Jobsbók*.⁵⁵ Job staðhæfir að hann *viti*.

Röddin úr þrumuveðrinu segir hins vegar að hann *viti ekki* og geti ekki vitað. Þekkir maðurinn „lög himinsins“ eða veit hann „nær steingeiturnar bera“? Hefur hann „komið að uppsprettum hafsins“ eða lokið upp hliðum dauðans?⁵⁶

Jahve kennir að sönn speki sé í því fólgin að lifa í sátt við takmörkun mannlegrar þekkingar. Auðsætt er að svarið er kennisetning sem krefst trúar því að forsenda þess er viskufátækt mannsins. Það leysir ekki vandamálið sem um er fjallað í *Jobsbók* en leysir samt einstaklinginn Job úr útleigð af því að það jafngildir endurnýjuðu trúnaðarsambandi við Guð.

Margir nútímarithöfundar hafa notað Job sem táknmynd hins útlæga og firrta nútímamanns. En þeir hafa breytt tákngildi hans frá því sem áður var. Job nútímans á sjaldnast til þann átrúnað sem bjargaði Job Biblíunnar. Uppreisnin leiðir hann ekki úr ánauð bjargarleysis og útskúfunar heldur til enn óbærilegri útleigðar. Sá möguleiki virðist úr sögunni að maðurinn geti staðfest sjálfan sig og Guð samtímis. Nútímamaðurinn yrði að afneita viti sínu, réttlætiskennd og reynslu ef hann vildi trúa eins og maður *Gamla-Testamentisins*. En hugarstríð nútíma-Jobs er samt sem áður í eðli sínu hið sama og Biblíu-Jobs. Í dæmum beggja grefur fjarlægð Guðs undan merkingu tilvistarinnar og gerir lífið lítt bærilegt.

Í skáldsögum Gunnars Gunnarssonar eru tvenns konar Jobsmyndir. Annars vegar er það Job óbætanlegrar útleigðar. Hins vegar Job útleigðar og lífstrúar. Dæmi um síðari gerðina eru til dæmis Jón Oddsson í *Sælir eru einfaldir* og Gestur eineygði í *Borgarættinni*. Séra Sturla Steinsson er aftur á móti Job algerrar útleigðar. Glíma hans við Guð leiðir hann ekki á vit endurnýjaðs samræmis. Tengsl séra Sturlu og Jobs eru ótvíræð og koma meðal annars fram í beinum skírskotunum til *Jobsbók* sem er að finna hér og þar í *Ströndinni*.

Áður en vikið verður að skáldsögu Gunnars er rétt að minnst á tvö verk úr heimsbókmenntunum sem tengjast

Jobshefðinni og líklegt er að hafi haft áhrif á rithöfundinn. Það eru *Jude the Obscure* eftir Thomas Hardy og *Karamazofbræðurnir* eftir Dostóéfski. Söguhetjur þessara verka minna um margt á þá Job og séra Sturlu.

Sem fyrr segir hafði lífsbólið ekki í för með sér guðs-afneitun hjá Job. Hann treysti því að Guð bænheyrði hann að lokum. Þessu er á annan veg farið í hugarheimi þeirra Judes Fawley, Ivans Karamazof og séra Sturlu. Þar er mannleg útleið á jörðinni tengd hvarfi Guðs.

Jude Fawley er af lágum stigum en dreymir um að komast til mennta. Draumur sem aldrei rætist, því að háskólanám var sérreittindi „betra fólks“ á 19. öld. Hardy lýsir því hvernig Jude verður fyrir sífellt verri skakkaföllum. Sue, ástkona hans, yfirgefur hann og börn hans fremja sjálfsmorð. Líf hans hrynur smám saman í rúst. Þegar Jude liggur að lokum fyrir dauðanum, formælir hann lífinu með orðum Jobs: „Farist sá dagur sem eg fæddist á, og nóttin, sem sagði: sveinbarn er getið.“

Saga Judes Fawley rekur þróunina til dauða Guðs í vitund trúmanns. Eins og í *Ströndinni* rís fordæmingin hæst í lok verksins en ekki í upphafi eins og í *Jobsbók*. Það undirstrikar að útleiðin er óbætanleg í nútímanum. Maðurinn á sér engrar bjargar von, bakhjarl hans er enginn og tortíming er framtíðin. Bæði séra Sturla og Jude eru tragískir donkíkótar í vonlausri baráttu við tilveruna. Jude trúir því í upphafi að „all is for the best,“ að allt fari á besta veg, eins og séra Sturla. Reynslan kennir honum aðra vísu. Réttlætiskennd hans kemur í veg fyrir að hann geti sætt sig við óréttlætið í sköpunarverkinu því að „the human was more powerful in him than the Divine.“⁵⁷ Jude vex upp úr kreddum kristindómsins; lífið sjálft sýnir honum fram á að trúarbrögðin eru endileysa og blekking. Andstæða hugsjónar og veruleika tortímur honum eins og séra Sturlu.

Jude Fawley lætur ekki mótlætið beygja sig eins og hendir séra Sturlu. Þjáningin kúgar hann ekki svo að hann falli refsiguðinum til fóta í auðmýkt og ótta. Sue ástkona

hans er hins vegar hliðstæð séra Sturlu að því leyti. Dauði barna hennar beygir hana líkt og dauði Helgu brýtur séra Sturlu. Eftirfarandi klausa sýnir ljóslega hliðstæðurnar í hugarheimi Sue og séra Sturlu:

I wish my every fearless word and thought could be rooted out of my history. Self-renunciation – that's everything! I cannot humiliate myself too much. /---/ My children – are dead – and it is right that they should be! I am glad – almost. They were sin-begotten. They were sacrificed to teach me how to live! – their death was the first stage of my purification.⁵⁸

Segja má að séra Sturla sé Jude og Sue sameinuð í einni persónu.

Dauði Guðs er eitt af meginviðfangsefnunum í *Karamazofbræðrunum*. Ivan Karamazof segir eins og Job, Jude og séra Sturla að mennirnir þjáist að tilefnislausu, að þeir séu saklausir dæmdir. Ivan krefst skilyrðislauss réttlætis og getur undir engum kringumstæðum ljáð samþykki sitt við ástæðulausri grimmd tilverunnar. Hann rís gegn heimi sem útskúfar mannlegri hamingju:

– I must have retribution, or I shall destroy myself. And retribution not somewhere in the infinity of space and time, but here on earth, and so that I could see it myself.⁵⁹

Ivan afneitar ekki Guði, fremur en Job, en rís gegn sköpunarverki hans. Hann getur ekki sætt sig við heim óréttlætis og ofbeldis vegna óljósrar vonar um samræmi í framtíðinni. Framtíðin getur ekki réttlætt merkingarlausu nauð nútíðarinnar. Ivan segir á einum stað að hann viti að mennirnir þjáist og að enginn sé sekur. Þetta samræmisleysi liggur uppreisn hans til grundvallar. Hann tekur afstöðu með mannkyninu gegn miskunnarlausu lögmáli verðandinnar, staðhæfir að „dauðadómur“ mannlegs lífs sé ranglátur og deilir á máttarvöldin af siðferðilegum ástæðum.

II. 4. Hinn mannlegi Guð: Kennisetning og ábyrgð

Í upphafskafli *Strandarinnar* er dregin upp mynd af séra Sturlu við fiskiveiðar að morgunlagi. Náttúran skartar sínu fegursta og sólstafaður vatnsflötur fjarðarins glitrar og ljómar. Á ströndinni er dóttir prestsins að leik. Séra Sturla er hamingjusamur og skynjar dýrð og gæsku Drottins í þessum bjarta sumardegi.

Náttúran speglar hugarástand hans. Í gegnsæjum spegli vatnsflatarins sameinast himinn og jörð. Öll miðja fjarðarins „var Himmel, blaa – uendelig blaa Himmel, med hvide Skytotter . . .“ (6) Fjörðurinn er eins og „et mægtigt Spejl for Himmel og Land, med en gylden Stribe af Middagssolen tværs over.“ (5) Þetta myndmál skírskotar til hugljómunar séra Sturlu. Á þessari stundu skynjar hann sem í leiftursýn heilagan samhljóm hugsjónar sinnar og veruleikans. Náttúran speglar samruna himins og jarðar, guðlegrar dýrðar og mannglegrar tilveru. Presturinn telur sig líta veruleika almáttugs kærleika og ryður ásæknum efasemdum úr huga sér. Hann ákveður að fela sig guðlegri forsjón að fullu og öllu; vera ekki „hálfvolgur“ í trú sinni eins og áður:

Thi fra denne salige Stund vilde han saa helt og fuldt give hele sit Liv, hele sin Lykke, hver Fold af sit Hjerte og Sind i hans Faderhaand, som det burde en sand Kristen, der i alle Ting stolede paa ham alene. Han vilde sætte al sin Lid til *ham*, – den almægtige, den alvidende, den algode Himlens og Jordens Hersker, – for saa at kunne sige, helt og fuldt som aldrig før: Ske din Vilje. – din, *din* Vilje. Amen. (8–9)

Séra Sturlu finnst hann vera endurfæddur, dýrð náttúrunnar og söngur barnsins á ströndinni birta honum heiminn í nýju ljósi.

Hugljómunin eyðir útleigðarkennd séra Sturlu. Friðleysið sem valdið hafði honum mörgum svefnlausum nóttum er að baki. Áratug áður hafði kona hans nær látið lífið við barnsburð. Þá stund hafði hann „fölt et Oprør i sit Indre, uden at han klart vidste mod hvem.“ (28) Læknirinn hafði

tjáð honum að það jafngilti lífi konu hans ef hún yrði barnshafandi á ný. Síðan höfðu þau ekki haft mök saman. Þessi ófullnægja í einkalífinu var olía á eld efasemdanna og gróf undan trausti prestsins á gæfuríka forsjón. En þrátt fyrir efann hélt hann þó alla tíð trúartilfinningu sinni vakandi.

Þennan dag finnst séra Sturlu að hann hafi verið á villigötum. „Sannleikurinn“ lýkst upp fyrir honum. Að kvöldi gerir hann upp reikningana við sitt fyrra líf, ásetur sér að breyta um lífsstefnu og

... sætte al sin Lid til det himmelske Forsyn, – *al* sin Lid. I al sin Vandel og al sin Færd, – i smaat som i stort. Det andet var Halvhed, – Mangel paa sand Tro, – Mangel paa sand Tillid ... Mangel paa den absolute Tillid, som det først af alle tilkom Herrens Tjenere at vise ham, den almægtige ... den *algode*. Ja netop – den *algode*. Man burde i alle Forhold stole paa hans Godhed, – hans uudtømmelige Naade og altovervældende Kærlighed. Og desuden, – alting skulde jo ske som det var *hans* Vilje. Det var formasteligt, naar den kortsynede Menneskeforstand vilde sætte sig til at forandre og forbedre hans Anordninger. Thi i Liv og Død *var* der – og *burde* der kun være – én Vilje. – *hans* Vilje, – *Herrens* Vilje. (26)

Séra Sturla hefur ofurselt sig röklausri ástríðu. Maðurinn skal treysta Guði í einu og öllu af því að allt er háð vilja Hans sem stjórnar ferli himintungla og vexti smæstu blóma! Kjarninn í trú prestsins er sannfæring um yfirskilvitlega algæsku Drottins: allt sem gerist er manningum fyrir bestu, ógæfan er ekki til. Mannaskýringar eru einungis til bölvunar og öll hálfvelgja í trúnni er synd. Maðurinn gerist sekur um hroka ef hann tekur skynsemi sína fram yfir kærleiksríka forsjón. Hann verður að lifa í trúnni og fylgja fordæmi lærisveinanna: „Ef þú vilt verða fullkominn þá far þú og sel allt sem þú átt /. . . / og kom og fylg mér.“ Hann verður að fórna öllu fyrir trú sína, jafnvel afmá sjálfan sig sem sjálfstæða veru.

Í upphafi bókar er náttúrumynd notuð á táknrænan hátt til að undirbyggja og endurspegla samræmiskennð séra

Sturlu. Fjörðurinn glitrar í dýrðarljóma og speglar himin og jörð. En að kvöldi sama dags hefur hann breytt um svip. Hann skírskotar ekki lengur til samruna Guðs og manns heldur er hann „sort, som havde den sænket i sig al Nattens dybeste Mørke, – stille, som rugede den løndomsfuld over Mørkets kolde Gru og klamme Uhygge.“ (25) Fjörðurinn hefur tekið á sig mynd leyndardómsfullrar ógnar. „Spegillinn“ var einungis svipul ásýnd, blekking skynfæranna. Undir yfirborðinu, í djúpinu, er annar og kaldranalegri veruleiki. Þessi ömurlega mynd er váboði og speglar það sem á eftir kemur. Hún bendir til þess að trúarlegt algleymi séra Sturlu sé sjálfsblekking til dauða en ekki lífsspeki. Í ljósi hennar verður gleði prestskonunnar þennan dag grát-brosleg: „. . . Livet, – ja, ja! hun vilde sige det, selv om det maaske var Synd! – *Livet* var vendt tilbage.“ (11)

Séra Sturla telur sig hafa leyst lífsgátuna. Áður hafði hann reynt að staðfesta sjálfan sig samtímis Guði – á skynsamlegan hátt. En rökvit hans hafði steytt á skerjum og honum ekki auðnast að samræma guðdóm og mannlíf eftir leiðum þess. Séra Sturla hafði aldrei til lengdar getað sætt sig við þá skýringu að rök Guðs væru yfirskilvitleg; hann hafði krafist skýringar sem væri af þessum heimi. Stundum hafði hann þó flúið á náðir hins „yfirmannlega“:

Nok havde han ofte beroliget sig med, naar Tvivlen overfaldt ham og der var Ting han ikke med sin redeligste Vilje kunde forstaa, at det var noget, han – med sin kortsynede Menneskeforstand – hverken skulde eller burde forstaa. Fordi det var noget, som Gud havde forbeholdt Menneskene til senere Erkendelse, – med fuldkomnere Sanser. (26–27)

Þessi skýring hafði aldrei orðið honum töm því að hún fyllti ekki tómarúmið, svæfði ekki þrá hans eftir skilningi og merkingu. Hann fann sig afskiptan að ástæðulausu og kom ekki gæsku Guðs heim og saman við reynslu sína. Hugarfarsbreyting séra Sturlu felst í því að hann gerir efan að sönnun fyrir veruleika Guðs. Efinn, þessi mannlega frekja, hafði verið þrándur í götu jafnvægis og sátta milli hans og Drottins. Sálarkvalirnar stöfuðu af því að hann hafði beint

spurninni að skynsemi Guðs en ekki sín sjálfs. Hann hafði reynt að staðfesta Drottin með mannlegum rökum í stað þess að taka sjálf rökin til athugunar:

Det var blot besynderligt, at dette ikke før var gaaet op for ham; – at han havde kunnet gaa i ti Aar omkring i denne Vildfarelse. At hans Tvivl aldrig havde vendt sig i *denne* Retning før. /---/ at alle hans bange Tvivl hidtil havde vendt sig udad, – mod Gud. Aldrig var det faldet ham ind, at det var mod sig selv han først og fremmest burde vende sin Tvivl /.../. (26)

Röksemdafærsla séra Sturlu er í sjálfu sér fjarska einföld: Guð er til og hann er almáttugur og algóður. Mannlegt rökvit getur ekki sannað þetta og því er það einskis nýtt! Presturinn afneitar þannig skynseminni – í orði kveðnu. Að hans dómi er hún villuljós en ekki leiðarstjarna:

Men saa udvider altfor ofte det kortsynede Menneskebarn sin Mistro til menneskelig Magt til ogsaa at gælde Guds Magt. Og det, skønt det véd eller burde vide – at Gud er *almægtig*. (64)

Í reynd þýðir þessi setning að maðurinn verði að afneita vitsmunum sínum í þágu „sannleikans“. Hann geti ekki staðfest Drottin og sjálfan sig í senn og verði því að sanna sig í Drottni; það sé því aðeins mögulegt að hann fórnir sjálfum sér. – Þessi vantrú á manninn er forsenda þess að séra Sturla tekur á ný upp samlíf með konu sinni þrátt fyrir viðvaranir læknisins. Ef *allt* er sprottið af algóðum vilja Guðs þá getur ekkert illt af því hlotist, hugsar séra Sturla. Hann er fyllilega samkvæmur sjálfum sér þegar hann tekur þessa örlogaríku ákvörðun. En með henni brýtur hann frumlög mannlegrar náttúru.

Að dómi séra Sturlu opnast manninum sýn í sannleika Guðs ef hann aðeins afneitar vilja sínum og viti. Þessi afstaða minnir á það sem Albert Camus hefur kallað „heimspekilegt sjálfsmorð“ eða „stökk“. Í *Le Mythe de Sisyphe* (1942) reifar Camus þá skoðun sína að rithöfundar á borð við Kierkegaard, Chestof, Husserl og Dostóeviski hafi afneit-

að hugsun sinni til að sleppa frá fjarstæðunni – hinu absurdum. – Allir hafi þeir byrjað göngu sína á eyðimörk fátíðleika og vonleysis, en á endanum smíðað sér von úr vonleysinu sjálfu. Camus telur að uppgjöfin stafi af því að þessir höfundar hafi sligast undir byrðum fjarstæðunnar.

Maður sem orðinn er meðvitaður um fjarstæðuna er ævinlega bundinn henni. Maður sem sneyddur er von og hefur meðvitund um veruna er hætstur að tilheyra framtíðinni. Það er eðlilegt. En það er alveg eins eðlilegt að hann reyni að flýja þann heim sem hann hefur skapað.⁶⁰

Í upphafi taka þessir „flóttamenn“ mið af útlegð mannsins í röklausum heimi, en að lokum búa þeir sér til altækar merkingar úr sjálfu merkingarleysinu. Þeir finna Guð, hið Eilífa, með því að afneita rökviti sínu. Hugsun þeirra „myrðir“ sjálfa sig samtímis því sem hún reynir að stíga út fyrir takmörk sín. Hin óskýranlega fjarstæða verður að fullnaðarskýringu alls og takmörkunin að sönnun fyrir algerum (absolut) veruleika. Þeir upphefja misræmið með því að guðgera rökleysuna. Heimspeki Chestofs er gott dæmi um flótta af þessu tæi, segir Camus og vitnar til eftirfarandi orða hans:

Mikilleikinn er fölginn í samhengisleysi hans [þ. e. Guðs]. Sönnun hans er ómennska hans. Maðurinn verður að stökkva inn í hann og leysa sig með þeim hætti úr viðjum hinna röklegu ímyndana.⁶¹

Séra Sturla fremur augljóslega „andlegt sjálfsmorð“ þegar hann fordæmir efann, sem áður hafði nært trúarlíf hans, og afneitar vitsmununum. Hann „stekkur inn í Guð“ til að sleppa frá lífsskilyrðum mannsins. En samtímis reynir hann, á þversagnarkenndan hátt, að þenja hugsun sína út fyrir takmörk hennar. Hann hafnar skynseminni um leið og hann skýrir allt á grundvelli hennar: Allt er skynsamlegt og skiljanlegt svo framarlega sem maðurinn afneitar skilningi sínum og skynsemi! Hugsun hans ryður sér þannig braut inn fyrir hlið leyndardómanna samtímis því sem hún afneitar sjálfri sér. Hún er blind og ófresk í senn.

Guðshugmynd séra Sturlu er þversagnakennd tilraun til að gera hið yfirskilvitlega skilvitlegt. Hún er rökfærsla í hring.

Í upphafi orsakaðist sálarstríð séra Sturlu af mótsögninni á milli trúar og reynslu. Þessa togstreitu „leysir“ séra Sturla með því að breyta handanleika Guðdómsins í röklegan veruleika í krafti þeirrar skynsemi sem hann í orði kveðnu afneitar. Hann gerir réttlætishugmyndir sínar að eigindum Guðs, hnoðar Almættið í eigin mynd. Drottinn verður spegilmynd hans sjálfs. Röksemdir séra Sturlu eru í eðli sínu hinar sömu og vina Jobs í *Jobsbók*. Þeir telja sig geta skýrt heiminn samkvæmt mannlegum siðalögmálum og setja sig með því jafnfætis þeim Guði sem þeir í orði kveðnu segja að sé yfirskilvitlegur veruleiki. Sama þversagnaflækjan einkennir hugarheim séra Sturlu. Og höfuðveikleiki hans liggur í augum uppi: hann gengur út frá ímynduðu guðshugtaki og hafnar mannlegri reynslu; hann ályktar af merkningarleysu.

Trú séra Sturlu er *siðlaus* því að hann varpar af sér allri ábyrgð. Ef vilji Drottins er í öllu sem er og verður skiptir vilji mannsins engu máli. Maðurinn er einvörðungu ábyrgur gagnvart Guði og ábyrgð hans felst í að treysta og trúa skilyrðislaust. Mennirnir eru „börn“ Guðs og þegar þeir gera „rangt“ er það af því að þeir vita ekki betur:

Gud er vor Fader og vor Moder. Som Børnene i alle Ting trygt kan stole paa deres Forældre – det vil sige de *gode* Forældre, saaledes kan vi ogsaa trygt stole paa Gud. Kun saa meget desto tryggere, som Gud er bedre end selv de bedste Forældre, – omhyggeligere, véd bedre hvad der baader os best. Hvad vi desværre ikke altid forstaaer. Og Gud *forlanger* denne Tillid af os. (64)

Sjálfstætt val er ofdirfska! – Af þessum sökum leggur séra Sturla líf konu sinnar í hendur forsjónarinnar. Guð getur ekki „viljað“ að hún deyi; það væri svo óréttlátt! Séra Sturla er sannfærður um að Guð muni halda verndarhendi sinni yfir honum.

Auðmýkt séra Sturlu er í eðli sínu tvíþent eins og afstaða hans til skynseminnar. Um það má hafa orð Kjeld Eلفeldts svo að vitnað sé til bókar hans um Gunnar Gunnarsson:

Han ser ikke, at han derved udfordrer naaden og almagten. Ved at bede, som om miraklet var muligt og altid muligt, frister han gud. Hans fatalistiske tro rammer tilbage paa ham selv.⁶²

Séra Sturla „freistar“ Guðs með því að biðja um kraftaverk. Hann sættir sig ekki við mannleg kjör, samsamar því vilja sinn því sem hann trúir að sé siðgæði Drottins – og brýtur með því lög náttúrunnar. Hann gerir óskhyggju sína að tilverulögmáli. Þannig er presturinn þræll og þrælahaldari í senn. Lífsskoðun hans er þversagnakennd blanda af storkun og undirgefni.

Séra Sturla vill ekki lúta frumlögum lífsins og reynir að flýja sköp sín sem náttúruveru. Hann krefst kraftaverks og reynir að upphefja þá eðlisbundnu framvindu sem tilveran lýtur. Að baki býr ástríðuþrungin þrá eftir „æðra réttlæti“. Hugmynd hans er vopn gegn ofurvaldi blindrar og ómennskrar náttúru.⁶³

Séra Sturla brotnar þegar kraftaverkið bregst. Sigur hins blinda náttúrulögmáls gengur af trú hans dauðri. Að sumu leyti minnir sá örlagaþrungni atburður á hliðstætt atvik í lífi Alyosha Karamazof í *Karamazofbræðrum* Dostóéfskís. Alyosha er ástríðumaður í trú sinni eins og séra Sturla. Einnig hann þarfnast „æðra réttlætis“. Í 3ja hluta skáldsögunnar er sagt frá dauða föður Zossíma og afleiðingum hans fyrir trúarlíf Alyosha. Eins og aðrir býst hann við kraftaverki við lát þessa manns sem talinn var dýrlingur í lifanda lífi. Þess í stað rotnar líkami munksins með óvenju skjótum hætti og í framhaldi af því er minning hans svívirt og úthrúpuð af æstum skríl. Atvikið er reiðarslag fyrir Alyosha:

/.../ it was not miracles that he needed, but only “higher justice”, which, according to his belief, had been violated, and it was this that dealt such a sudden and cruel blow to his heart. /---/ But it was

justice, justice that he hungered for, and not only miracles! And now the man who, according to his expectations, ought to have been raised above everyone else in the whole world, that very man, instead of receiving the glory that was his due was suddenly cast down and disgraced! What for? Who had judged him? Who could have decreed it? /---/ Where was Providence and its finger? Why did it hide its finger at the most critical moment (thought Alyosha) and seem to be anxious itself to submit to the blind, dumb, and pitiless laws of nature?⁶⁴

Það er réttlætiskennin og þörfin fyrir skilning sem vekja trúmenn eins og Alyosha og séra Sturlu til andspyrnu við sköpunarverk Guðs. En andstætt séra Sturlu tekst Alyosha að „lifa af“ þessa örlagaþrungnu reynslu og komast heill úr slagnum með heilsteyptri trú. Að því leyti er hann svipaður séra Ljóti í *Vargi í véum*.

Séra Sturla gerir sér loks grein fyrir að gerðir hans og ákvarðanir hafa verið ábyrgðarlausar og siðlausar, að hann er sekur maður. Um seinan verður honum ljóst að maðurinn verður að treysta á sjálfan sig og virða takmörk sín. Einlægni hans kemur í veg fyrir að hann láti reka á reiðanum eða dreifi vandanum með ómerkum hártogunum. Hann horfist í augu við fjarstæðuna – og tortímist.

Örlögum séra Sturlu er víða líkt við píslargöngu Krists: „Og hans Gang hjemover var saa tung, som sank han sammen under Vægten af et tungt Kors.“ (141) Presturinn lifir og fórnar sér fyrir náungann, ber synd hans og sök á herðum sér. Í hug hans fléttast saman kærleiksríkur sjálfsfórnarvilji og samsektarkennd:

Og den Følelse af Medskyld, han før havde haft, voksede, – blev til en sviende Pine i hans Sjæl. Han *var* jo ikke medskyldig i dette, – kunde ikke være medskyldig i det, beroligede hans Forstand. Men hans Hjerter blev ved: Din Skyld! – din Skyld! – din Skyld! hamrede det. (38)

Séra Sturlu finnst hann bera ábyrgð á því illa í mönnum. Samkenndin og samsektin tvinnast saman og magna sálarstríð hans. Mótlæti annarra er hans harmur, hans kvöl, og trúin ein kemur í veg fyrir að hann kikni. Kristslíkingin nær hámarki þegar séra Sturla bjargar einn síns liðs skip-

reika sjómönnum úr greipum hafsins. Á þeirri stundu fremur hann ofurmannlegt afrek; gegnir hlutverki *frelsarans* og brýtur dauðann á bak aftur.

— En þótt séra Sturla hafi bjargað lífi stendur hann uppi sem sekur maður; hann er lífgjafi og sigðberi í senn. Samtímis því sem hann frelsar sjómennina leggst kona hans banaleguna af hans völdum. — Og læknirinn kveður upp hinn óhjávæmilega dóm: „Morder! — Skurk!“ (244)

Þetta tvíeðli séra Sturlu fellur eðlilega inn í lýsingu hans alla; hann sveiflast á milli myrkustu örvæntingar og algleymisgleði, glötunar og friðþægingar; hann er engill og nánast djöfull í senn. Þversögnin er höfuðeinkenni hans.

Harmleik séra Sturlu má að nokkru leyti skýra í ljósi örlagahyggjunnar sem síðar meir varð stofninn í lífsskoðun Gunnars Gunnarssonar. Skilgreining Gunnars á ógæfumanninum í greininni *Örlög* virðist t. d. eiga mæta vel við lífshlaup prestsins:

[Sá sem] vildi sköp skirrast; reis gegn eðlilegri framþróun gefinna forsenda; afneitaði arfi og fortíð og reyndi að sveigja framtíðina eftir eigin geðþótta án tillits til þess, sem á undan var gengið; án þess að virða lögbandið er tengdi liðna tímann við liðandi stund og lengra fram. Sá sem svo breytti fékk sköpum að mæta svo um munaði: við hann komu örlögin harkalega. Ófýsin að hlita sköpum hafði þegar merkt hann. /---/ Héldi hann áfram að þrjúzkast gegn lögmálinu léku örlögin hann því harðar, sem hann streittist meira í móti. /---/ Afleiðing þessa var ein og óhjávæmileg: útpurrkun. Sjálfur var hann látinn fullnægja dóminum. /---/ Ungviðið af rót hans stóð einnig uppi örlögslegið: hann hafði rænt lífsþrótti í staðinn fyrir að auka hann.⁶⁵

Tilraun séra Sturlu til að sveigja náttúrulögmálin til hlýðni við sig hrindir einmitt af stað óstöðvandi tortímingarframvindu. Sá sem hunsar mannlega takmörkun fær sköpum að mæta svo um munar. En þrátt fyrir að skýra megi afdrif séra Sturlu í ljósi þessarar klausu um hinn örlögslegna mann er ólíklegt að örlagahugmyndir hafi vakað fyrir Gunnari þegar hann samdi *Ströndina*. Lífstrú og samræmis-hugsun örlagahyggjunnar höfðu ekki fest rætur í hugarheimi hans á þeim tíma.

II. 5. Niður í gljúfrið: Eldraunirnar

„Umærkelig drejede Aarets Hjul rundt.“ (276) Eins og Kjeld Elfeldt hefur bent á þá stefnir frásagnarframvinda *Strandarinnar* í hring. Örlagasaga séra Sturlu hefst að vorlagi og lýkur um vor; hún endar svo að segja í upphafi sínu.

Í byrjun sögu er Blíð, dóttir prestsins, að leik á ströndinni skoppandi og dansandi, lífsglöð og áhyggjulaus. Úti á firðinum opnast föður hennar dýrð Guðdómsins, fjörðurinn glitrar. Blíð leikur sér að mislitum steinum og syngur hástöfum *Tunglið, tunglið taktu mig* mjóum og skærum barnsrómi.

Í sögulok er sama myndin endurtekin nema hvað vitfirrtur öldungur er kominn í stað telpunnar saklausu; og sjórinn er nú með sífelldum litar- og blæbrigðum, ímynd hverfleikans. „Vitlaus presturinn“ leikur sér að mislitum steinum og sönglar einmanalega og yfirgefinn með raunalegri og hálfbrostinni röddu:

Tunglið, tunglið taktu mig
og berðu mig upp til skýja,
þar situr hún móðir mín
og kembir ull nýja.

Hjólíð hefur snúist hringinn. Í þessum myndum kristallast hugmynd Gunnars Gunnarssonar um óbætanlega ógæfu lífsins. Hringferðinni sjálfri lýsir hann með því að leiða söguhetju sína í gegnum margháttáðar eldraunir og hörmungar af náttúru og manna völdum. Eldraunirnar marka hver um sig sérstaka áfanga í framvindu sögunnar.

Eldraunir séra Sturlu eru hliðstæðar prófraunum þeim sem látnar eru ganga yfir Job. Báðir missa trúna á *mannúðlegan* Guð vegna tilefnislauss mótlætis sem þeir verða fyrir. Ósamræmið á milli þess sem þeir trúa og upplifa kippir undan þeim fótunum. Báðir reyna harða nauð tilvistar sem smátt og smátt vekur með þeim vitund um þýð-

ingarleysi mannlegrar óskar. Séra Sturla reynir að fjötra veruleikann með Drottni sínum, en gerir sér að lokum grein fyrir að Guð hafði einungis verið hugarfóstur hans sjálfs. Raunveruleikinn ber draumsýn hans ofurliði.

Í upphafi hefur séra Sturla „vald“ yfir umhverfi sínu í krafti trúarinnar. Allt styður ímyndað almætti hans: náttúrufrægurð, hamingjuríkt fjölskyldulíf og von um bjarta framtíð. Presturinn er vígbúinn von og trúarvissu sem fátt virðist geta grandað; hann er sannkallaður herra í sínum heimi. Sagan greinir síðan frá því hvernig þessi heimur hrynur í rúst af völdum félagslegs umhverfis, náttúruafla og skapgerðar prestsins. Ytri veruleiki þrýstir sér með óstöðvandi afli inn í vitund séra Sturlu, sprengir hann og eyðir „guði“.

Þannig er saga séra Sturlu eins konar valdabarátta eða hólmganga þar sem manneskjan stefnir draumi sínum gegn heiminum í tilraun til að koma mannlegum Guði til valda í tilverunni.

Eldraunirnar felast í ýmiss konar slysum sem steypast yfir prest og reyna þolrifin í trúarþreki hans. Rekja má ákveðna stígandi eða stigmögnun í þeim. Þau höggva sífellt nær honum uns hámarki er náð með dauða Blíðar. Hér á eftir verður gerð grein fyrir hverri prófraun fyrir sig.

1. Þegar í öðrum kafla verksins er brugðið upp litsterkri mynd sem undirstrikar gjána á milli hugmynda séra Sturlu og veruleikans. Í þorpínu ríkir fátækt og eynd ásamt sóðaskap og spillingu í félagslegum og siðferðilegum efnun. Samskipti þorpsbúa einkennast af fjandskap og illvilja í stað samhjálpur og góðvildar. Andrúmsloftið er lævi blandið og mengað fýlu sem „laa som en Pest over Byen“ (40) og smitar sálir mannanna. Dæmigerðir fulltrúar þessa samfélags eru fiskikerlingarnar; þær eru eins konar skuggsjá þar sem speglast allir viðburðir í þorpínu afskræmdir og skrumskældir, dregnir niður í svaðið.

Morguninn eftir hina miklu ákvörðun sína stendur séra Sturla ráðþrota frammi fyrir vanfærri stúlku sem nauðgað

hafði verið af stjúpa sínum. Séra Sturla getur aðeins fórnað höndum og spurt: Hvers vegna lætur Guð þetta gerast? „Hans jammerlige Afmagt blev ham med ét saa indlysende. Blot han havde Magt, – blot han var – – Gud!“ (37) Í ofdirfð sinni ákveður presturinn að hjálpa stúlkunni með því að taka hana inn á heimili sitt og dylja sannleikann um faðernið. Hann gerir „gott“ með „illu“ – með ósannindum. Þannig fer hann út fyrir leyfileg takmörk enda er kærleiksverkinu síðar meir snúið gegn honum sjálfum. Hann reynir að bæta fyrir vanmátt sinn með því að taka sér vald sem honum er ekki ætlað. Þetta er fyrsta prófraunin á trúarstyrk séra Sturlu. Eymdin og óþverrinn, örbirgðin og siðspillingin blasa við honum sem talandi tákn gegn trú hans. Honum finnst hann hafa „kastet Blikket ned i en svimlende Afgrund, der truede med at sluge ham, hvis han blot *tænkte* videre / . . . /“. (40) En hann heldur dauðahaldi í trúna á eitthvert vit, einhvern tilgang. Það hlaut að vera „en *Mening* med det. Blot en *højere* Mening, – en Mening, vi ikke kunde fatte.“ (41) Séra Sturla hvíkar ekki af trúnni á guðlega gæsku þrátt fyrir vitnisburðinn gegn henni. En hann „hörfar“ og leitar vars í órannsakanleikanum. Hann þykist ekki lengur skilja til fulls og treystir því að neyðin sé í raun glapsýn, að þegar allt komi til alls liggi vegir Drottins „frem til Lys, frem til Herlighed“. (41)

Í raun er þegar kominn geigvænn brestur í trúarsannfæringu séra Sturlu. Vissa hans var upprunalega ávöxtur lifaðrar reynslu. Á þeirri stundu sem hann skynjaði samhljóm tilverunnar var trú hans heil. Veruleikinn sáir hins vegar fræjum óttans í sál hans og fær hann til að laga veruleikann að trúnni. Trú hans er að þróast yfir í sjálfsvörn manns sem ekki getur unað veruleikanum eins og hann er: „For hvis man ikke havde Troen, maatte man synke i Fortvivlelsens Afgrund, – gaa til Bunds i Haabløshedens sorte Mørke.“ (41) Í vitund séra Sturlu er kærleikur Guðs að breytast úr lifuðum veruleika í æskilegan veruleika sem hann *verður* að leggja trúnað á.

2. Enn er vegið í sama knérunn. Besti vinur séra Sturlu, Finnur bóndi á Vaði, er hrakinn af búi sínu fyrir að neita að styðja þingframboð Thordarsens verslunarstjóra. Í einu vetfangi er áralangt strit að engu gert. Ógæfa vinar hans leggst þungt á prest enda á hann að vissu leyti sök á því hvernig komið er: „Aa, Livet, Livet! Saadan var det . . . Altid skulde det *knække* . . . Altid skulde det *mætre* . . . Lege sin grusomme Leg!“ (134)

Efasemdirnar gömlu eru komnar til sögu á ný en enn um stund getur hann leitað halds í hinni leyndu ráðsályktun: „Maaske havde Gaarden og Arbejdet med Gaarden optaget Finnur for meget.“ (135) Ef til vill yrði þessi ógæfa til að beina honum á rétta braut. En „langt inde i hans Sjæl sad der stadig en Orm og gnavede.“ (136) Hann þekkir vin sinn að guðrækni og góðum siðum og kemur þessu ekki heim og saman. Kennisetningin um að mótlætið sé ögun sefar hann ekki til fulls.

3. Séra Sturla reynir einnig að skýra fáránlegan dauða Krita með duldum ásetningi Guðs. En nú er nær höggvið trú hans en áður. Hér er um líf og dauða að tefla en ekki að eins félagslega eynd og harðrétti. Hvers eðlis er tilvera þar sem líf manna veltur á svo litlu? Mannaumingi drekkur sig fullan eftir að hafa veitt vel í fyrsta sinn á ævinni og drukknar af einskærri tilviljun. Eftir sig skilur hann ekkert nema nafn og tölu í bók. Þó var þetta manneskja sem lifði og fann til. Og séra Sturla spyr sjálfan sig hvort botnleysan, fjarstæðan og tilviljunin séu þegar allt kemur til alls lífið í hnotskurn. Í hugskoti hans mótast nú sú mynd sem á eftir að ásækja hann af sívaxandi afli:

– Denne uhyre Meningsløshed brød ligesom med Vold ind i séra Sturlas Bevidsthed – i et blinkende Nu saa' han i kold Klarhed Livet som en Strand, hvor Menneskene skyllede – kæmpende, eller døde og druknede og mishandlede – frem og tilbage i Brændingen . . . (139)

Í augnabliksskynjan opnast fyrir honum veruleiki þar sem maðurinn er ofurseldur tilviljunarkenndum og grimmilegum örlögum. Það getur enginn dulinn ásetningur legið að

baki. Séra Sturla reynir að túlka atburðinn sem persónulega áminningu Drottins til hans. En hvers átti þá Kriti að gjalda? Trú séra Sturlu er smám saman að breytast í flak sem óhjákvæmilega hlýtur að liðast í sundur. Hún byggist ekki lengur á ást og trausti heldur fjarstæðri ósk manns á barmi örvilnunar: „[Gud] du maa ikke slaa Haanden af mig; – saa forgaar jeg, – saa *forgaar* jeg, Herre!“ (139)

Séra Sturla hefur nú tekið á sig mynd útlaga og krosshanga; sálarstríð hans er orðið að píslargöngu nútíma-Jobs: „Og han kunde ligesom ikke finde Vejen til Gud, – det var ham umuligt at samle sit Sind til en Bøn.“ (141) Um stundarsakir öðlast hann hugarró í sjálfsfróun bænarrinnar og nærveru Blíðar. Honum finnst hann geta varist djöflum örvæntingarinnar svo lengi sem hann hefur dóttur sína. Hún veitir honum styrk og er eins konar „Pagt mellem ham og Vorherre“, (141) sáttmáli milli hans og Guðs.

4. Aftakaveður veldur miklum skipstöpum og fjöldi manna úr þorpinu ferst. Ungur formaður drukknar eftir að hafa bjargað áhöfn sinni á frækilegan hátt. Hvers vegna einmitt hann? Séra Sturla stendur ráðþrota frammi fyrir sorg sjómannsekkjunnar. Er Guð of langt í burtu? Ormur efans nagar hjarta prestsins af sívaxandi krafti:

Hvorfor knyttede Gud disse inderlige Baand Menneske og Menneske imellem, for saa at rive dem saa brutalt over? – Hvorfor lod han den syvende drukne, mens de seks blev reddet? (183)

Var lífið háð miskunnarlausu gerræði? Hvar hélt Forsjónin sig?

Vetur sem í hönd fer reynist mönnum og skepnum þungur í skauti. Fannkoma teppir allar samgöngur svo að þorpið einangrast og liggur við hungursneyð. Vöruflutningaskip strandar og kaupfélagssamtök bænda verða gjaldþrota þegar Markús, „huggun ekkjunnar“, kveikir í húsi þeirra út úr eintómum leiðindum. Húsið hafði ekki verið vátryggt, m. a. vegna afstöðu séra Sturlu sem þótti slíkt bera vott um vantraust á Forsjóninni.

Það líður að barnsburði frú Helgu, „hans Livs store Prøvelse“. (169) Efinn og áhyggjurnar setja mark sitt á prest: „... han var í Vinterens Løb bleven stærkt graasprængt, næsten helt hvidhaaret – og endnu magrere og mere foroverbøjet end før.“ (209)

5. Líf séra Sturlu tekur stakkaskiptum þegar kona hans deyr af barnsförum. Fram að því hafði hann staðist eldraunirnar og trúað, þrátt fyrir allt, á algóðan Guð. Dauði frú Helgu veldur hins vegar hvörfum í hugarheimi hans. Í lengstu lög klórar séra Sturla í bakkann og væntir kraftaverks:

Han havde hypnotiseret sig selv ind i en saadan Bønnens Ekstase, at han næsten syntes Gud stod hos ham og han hviskede ham sine brændende Bønnens Ord i Øret. Og han tænkte uafbrudt – bag ved og gennem sin Bøn –: Nu – nu bestemmer Gud, at Blodstrømmen skal standse ... Nu, -- nu. (247)

En að sjálfsögðu gerist ekkert. Trúin fær ekki breytt framvindu náttúrunnar, hún getur ekki flutt fjöll úr stað. Séra Sturla finnur að hann getur ekkert gert, bæn hans er sem neyðaróp. Íhlutunarleysi Guðs og magnleysi hans sjálfs sundra trúarþreki hans og lífið birtist honum í nýju ljósi. Tilveran opnast sjónum hans sem gerræðisfull og miskunnarlaus hringrás lífs og dauða. Í þessum grimm-úðuga „leik“ er maðurinn utanveltu fórnardýr:

Og Livet legede videre, – paa sin ubarmhjertige Vis. Kun tilsyneladende fik Døden Overhaand engang imellem. Livet blæste straks med sin frugtbare Aande nyt Liv i Mulden. Og Liv og Død forfulgte hinanden videre ... Nyt Liv! ... nyt Liv! ... Men alt Liv stundede mod Muld ... (251)

Lífið er af mold og hnigur til moldar; í því er sannleikurinn fólgin um mannlega tilveru. Það virðist ekki búa yfir neinum öðrum tilgangi en að viðhalda eilíflega þessari óbreytanlegu hringrás. Þvílíkum örlögum verður maðurinn að lúta hvort sem honum þykir ljúft eða leitt, og hver sem trú hans er. Hann er magnlaus þræll ómennskra máttarvalda:

Mennesker og Dyr, Planter og Muld leger videre den grusomme Leg, – paa hans Bud. /---/ Magtesløse staar vi, --- magtesløse – i Guds Haand. (251)

Því að einhver Guð hlýtur að vera til þótt hann hugi ekki að óskum manna.

Við þessa þolraun verður gjörbreyting á guðshugmynd séra Sturlu. Kærleiksríkur Guð vísur úr huga hans fyrir fjarlægum og dutlungafullum Jahve *Gamla-Testamentis-ins*. Guð kærleikans verður að Drottni miskunnarlaus réttlætis. Jafnframt breyttist afstaða hans til mannlegrar tilveru: Óbrúanlegt djúp er staðfest á milli Guðs og manns; maðurinn er einungis moldarvera sem Drottinn mer undir hæli sínum þegar honum þóknast; mannlífið er snautt af allri æðri merkingu. Séra Sturlu verður nú ljóst að trú og hamingja fylgjast ekki að og samfara því mengast hugarfar hans af hatri og ótta. Það eina sem enn getur sætt hann við lífið er Blíð. Hún er síðasta hálmstráið sem hann heldur í af veikum mætti og angist:

Og selv havde han ingen Anelse om, at det kun var af Frygt, han bad, – af Frygt for paa sin Side at bryde Pagten, – og derved maaske paadrage sig Straf paa sit allerømmeste Sted . . . miste Datteren – paa én eller anden Vis . . . (253_54)

Þrátt fyrir að máttarvöldin hafi brugðist vonum séra Sturlu trúir hann þannig enn á Guð. Drottinn hefur hins vegar breyst í huga hans, orðið að ægilegum harðstjóra sem manneskjan skal knékrjúpa fyrir. Hún verður að rækta með sér lund þrælsins vilji hún þóknast Guði. Séra Sturla skýrir þjáningu sína sem refsingu fyrir synd; hann hafði ögrað Drottni og kallað dóminn yfir sig:

Alene det, at han havde dristet sig til saa at sige at udfordre Guds Naade og Almagt, forekom ham nu at være en Synd, for hvilken ingen tænkelig Straf havde været for stor. Gud var altsaa fremdeles en naadig Gud, at han ikke havde hjemsøgt ham med en endnu haardere Revselse for hans Synd, – for hans ufattelige Hovmod, der havde grænset nær til Gudsbespottelse. (256)

Skjálfíð fyrir réttlátri reiði Drottins, þrumar séra Sturla yfir hjörð sinni. Hungrið og harðréttið eru refsing fyrir syndir ykkar! Prestur hefur misst alla sjálfsvirðingu og viljaprek. Þegar Thordarsen verslunarstjóri hótar að breiða út óhróður um hann beygir hann sig og lofar Drottin. Trúin hefur snúist gegn honum sjálfum:

Du vil at jeg skal ydmyge mig . . . ydmyge mig. Du vil knække mit Hovmod; – udrydde det til sidste Spire. Du vil træde mig i Støvet under din Hæl . . . Lære mig, at jeg villig skal bøje mig . . . ogsaa for det onde. (266–7)

Þessi viðbrögð séra Sturlu minna á sálmahöfundinn sem lofaði Guð hástöfum fyrir mótlætið og sagði:

Áður en eg var beygður, viltist eg,
 en nú varðveiti eg orð þitt.
 Þú ert góður og gjörir vel,
 kenn mér lög þín.
 /---/
 Það varð mér til góðs, að eg varð beygður.
 til þess að eg mætti læra lög þín.⁶⁶

Þjáníngin kennir hinum trúaða sem sagt að vera auðmjúkur og ofmetnast ekki. Guð er í syndinni, sagði Einar Kvaran: villa mannsins og raunir eru vegur Guðs með hann til meiri þroska og fullkomnunar. Slíkur er hugsunarháttur séra Sturlu orðinn.

Sálmahöfundurinn og séra Sturla telja báðir að niðurlæging mannsins sé guðlegt hjálpræði. Séra Sturla gengur næstum því jafnlangt og Sue í *Jude the Obscure* sem þakkaði Guði fyrir dauða barna sinna.

Í 69. *Davíðssálmi* segir hinn hrjáði maður:

þeir, er sitja í hliðinu, ræða um mig,
 og þeir, er drekka áfengan drykk, syngja um mig.⁶⁷

Sálmahöfundurinn kveinar yfir að góðverk hans og yfirbætur til að þóknast Guði hafi einungis leitt yfir hann fyrir litningu og róg. Kærleiksverk séra Sturlu hafa svipaðar af-

leiðingar. Honum eru kennd börn að ósekju og verður skotspónn fyrir háð og illgirni þorpsbúa. Þegar hann gengur á örlagastundu fram hjá húsi einu, heyrir hann til dæmis raulað:

Den lange Præst han vandrer rundt
alt i sin sorte Kofte;
han gaar jo nok saa stram og strunk,
me-n . . . falder dog ret ofte.
For der er disse smaa Guds Lam . . .
selv om en Præst er from og tam.

Ak ja, ak ja,

– de smaa Guds Lam. (291)

Séra Sturla getur sagt með Job: „Hann hefir gjört mig að orðskviði meðal manna, og eg verð að láta hrækja í andlit mitt.“⁶⁸

Söguhöfundur skilgreinir breytinguna sem orðið hefur á trúarlífi séra Sturlu með skilmerkilegum hætti:

Hans Hjerte havde ikke bestaaet Lidelsens Ildprøve. Umærkelig havde hans Væsen antaget noget af den Herres Væsen – saadan som han nu troede det at være –, i hvis Tegn han kæmpede og led sine Nederlag. Han havde oprindeligt dannet sig sit Gudsbillede i sit eget Væsens Form, – men udenfor sig selv. Han havde saavidt muligt set bort fra det gamle Testamente; stillet sig tvivlende og delvis ligefrem fjendtligt – men aldrig lunkent bortforklarende – over for dets Haardhed og Umenneskelighed. Og han havde udstyret sit Gudsbillede med alle de gode Egenskaber, han af sit Hjertes Fylde blot kunde tænke sig. / --- / Men da han i et Anfald af Svaghed – der for hans Bevidsthed havde forklædt sig som Styrke – havde overskredet sin Tros Grænser . . . og havde anmodet Gud om det umulige, – da bebyrdede han sin Gud med et Ansvar, der før eller senere *maatte* knække *ham selv* . . . saafremt han ikke ejede tilstrækkelig Smidighed til, i det afgørende Øjeblik at sno sig fra sin Del af Ansvarret – og Frimodighed til bagefter, med Prokuratorkneb og dunkle Bibelsprog, at rense og frikende sin Gud. (270–271)

Trú prestsins er orðin að skrípamynd af sjálfri sér. Það sem áður hafði verið frjálst val er nú lágkúruleg þrælsþjónusta skelfingu lostins manns.

6. Höggið sem ríður séra Sturlu að fullu er drukknun

Blíðar. Rof sáttmálans gengur af trú hans dauðri. Hann segir eins og Job: „Herren gav, Herren tog,“ (297) en bætir við: „Men hvorfor gav Herren? – Hvorfor tog Herren?“ (297) Hann getur ekki komið guðshugmynd sinni heim og saman við staðreyndir mannlífsins. Ef Guð er til þá er hann djöfullegur: „– – Aa Gud, – – aa Gud . . . din Djævel . . .“ (295) Fjarstæðan lýkst að lokum upp fyrir séra Sturlu. Hann sér að maðurinn er grundvallarlega og óbætanlega afskiptur í þessum heimi:

Vi mangler øjensynlig en paalidelig Maalestok for, hvad der er stort og hvad der er smaat . . . Og vi faar den aldrig. Thi vi er svage. lader Hjertet tale –: dét er stort for os, dét er smaat. Men for Livet er intet stort, – intet smaat. Det er blot os – *os selv* – der har forvansket Livet . . . Lagt ind Følelser og Begreber, som Naturen ikke ejer, ikke anerkender. (298)

Séra Sturla skynjar að maðurinn er útlagi í ómennskri og merkingarlausri veröld. Náttúran hefur snúið við honum baki og mannhverf þýðing hennar flest af: „Nu er jeg lukket ude, faldt det ham sagte ud af Munden, uden at han selv var klar over hvad han mente dermed.“ (298)

Séra Sturla getur ekki lifað sem útlagi í uppreisn. Hann getur ekki risið undir byrði sinni meðvitaður og flýr því inn í vitundarleysið og gleymiskuna. Við gröf Blíðar formælir hann lífinu og afneitar sköpunarverkinu líkt og Job í upphafi *Jobsbókar*. En það býr ekkert traust í ræðu hans; hún jafngildir dauða Guðs í vitund manns:

Forbandede Liv! – er der en Gud der har skabt dig og som styrer dig, saa er det en ond Gud, en afmægtig Gud, en dum Gud. Men der er ingen Gud – *ingen Gud!* – *ingen Gud!* . . . Hvad hjælper det, at I kommer med Markens Lilje, sigende: se, den har Gud skabt, – er den ikke vidunderlig? – og et Tegn paa hans Almagt? Jeg siger: nej! nej! *nej!* For har Gud skabt det ene, saa har han ogsaa skabt det andet. Har han skabt Markens Lilje, saa har han ogsaa skabt Havets grumme Uhyrer. Har han skabt det gode, saa har han ogsaa skabt det onde. Vil han undertiden *det* vi kalder godt, saa vil han mindst lige saa ofte *det* vi kalder ondt. Og en god Gud – en algod Gud – *kan* ikke ville det onde. Og det onde kan heller ikke ske *uden* hans Vilje, – hvis han er almægtig.

Men det er kun en Indbildning, at der findes en saadan Gud. /---/
 Livet er kun en Strand, vi alle skylls op paa, og lider Skibbrud paa –
 hver paa sin Vis. Livet leger med os, som den lumske Bølge, – smiler
 mod os, blot for at gøre Faldet, Fortvivlelsen endnu større. Vi er alle
 blot Strandvaskere . . . Strandvaskere – paa – Livets – Strand . . . (302)

Lífið er ekki annað en strönd sem mannkynið brýtur skip
 sín á. Mennirnir eru sjórekin lík á þessari strönd. Lífið og
 tortímingin eru eitt. Sú er niðurstaðan af lífssögu séra
 Sturlu Steinssonar.

II. 6. Um engildóm og djöfulskap

Í *Ströndinni* er að finna litríkt safn persóna auk séra
 Sturlu. Hlutverk þeirra er einkum tvíþætt. Í fyrsta lagi er
 þeim ætlað að varpa ljósi á skapperð og lífsskoðun séra
 Sturlu. Eigindir hans eru skýrðar með hliðstæðum og and-
 stæðum í mynd annarra persóna. Í öðru lagi sýna persónu-
 lýsingarnar gildi ýmiss konar lífsviðhorfa.

Höfuðandstæðurnar í þessu persónusafni eru á milli
 Helgu prestsfrúar og Thordarsens verslunarstjóra. Þau eru
 tákn ósættanlegra afla sem jafnframt speglast í sál prests-
 ins. Helga er holdtekja hins hreina, gjöfula og jákvæða í
 tilverunni. Hún á að vera heil í hugsunum sínum og gjörð-
 um, býr yfir takmarkalitilli fórnarlund, auðmýkt og kær-
 leika. Hún á þann sálarfrið og staðfestu sem séra Sturla
 þráir. Andspænis þessum „dýrlingi“ er Thordarsen mang-
 ari, holdtekja sundrungrar og lágkúrulegrar illmennsku. Á
 milli þeirra standa síðan blandaðri manngerðir; þeirra
 merkilegastar eru e. t. v. lækurinn Páll Brandsson og
 Finnur bóndi á Vaði.

Persónulýsing Helgu er að mörgu leyti meingölluð eins
 og raunin er um fleiri kvenlýsingar Gunnars Gunnarssonar.
 Hún er einum of „hrein“ og „fullkomin“; sjálfstjórn hennar
 og fórnfýsi með ólíkindum. Gagnstætt öðrum persónum
Strandarinnar svífur hún sem í lausu lofti, rómantísk hill-
 ing eða goðsögn án róta í veruleikanum, auk þess sem rök-

legar veilur búa í lýsingu hennar. Helga er holdtekja hugsjónar sem mjög á undir högg að sækja í *Ströndinni*. Það kann að vera orsök þess hversu persónugerð hennar er ófullkomin.

Helga gerir sér alla tíð grein fyrir að trú manns hennar er sjálfsblekking. Hún veit að dauðinn bíður hennar:

Intet Øjeblik havde hun søgt Lindring i et forfængeligt Haab; – det laa hendes stærke Sjæl og helstøbte Væsen saa fjernt at indhulle sig i nogen Slags Selvbedrag. (240)

Yfirburðir Helgu gagnvart séra Sturlu felast í því að hún veit betur. En þrátt fyrir vitneskju sína velur hún leið þjáningar og dauða; hún leggur lífið í sölurnar fyrir ást sína:

Længe havde hun været klar over, at for hende var Kærligheden alt, – Liv og Død kun en Bisag. / --- / Hun vidste at nu gav hun sit Liv for sin Kærlighed / . . . /. Men ikke et Øjeblik vaklede hun. Uden at købslaa betalte hun den dyre Pris for Lykkens korte Minutter. (240)

Tilvera hennar virðist vera stanslaus og skilyrðislaus fórn, hollusta án takmarkana. Ávallt er það sálarþjáning eiginmannsins sem henni er efst í huga hvernig sem ástatt er um hana sjálfa – enda skynjar hún sig vart nema sem hluta af honum. Óskelfd og hugdjörf mætir hún dauðanum. Séra Sturla gerir sér grein fyrir þessu um síðir:

Hun havde vidst at hun vilde dø, tænkte han. / --- / Intet Øjeblik var hun bukket under i Svaghed; – intet Øjeblik havde hun tænkt paa sig selv. Hendes Liv, – hendes Sjæl og Legeme, – havde tilhørt ham saa udelt, at selv hendes Død var blot en Kærlighedsgerning imod ham. (252)

Sem fyrr segir eru fólgna rökvillur í lýsingu Helgu sem líklega hafa ekki verið höfundu meðvitaðar. Þegar grannt er skoðað sést að Helga stenst ekki sem fulltrúi sjálfsafneitunar og fórnar. Persóna hennar er öll málum blandin.

Á einum stað er hugrenningum Helgu lýst á svofelldan hátt:

Men hun vidste ogsaa, at midt i al denne hans Frygt og Uro gemte han en Gnist af Haab. Og den vilde hun gøre sit til at holde vedlige – saa længe det lod sig gøre . . . (240)

Samband þeirra Sturlu er þannig í reynd reist á blekkingu. Helga styður við sjálfsblekkingu prestsins til að geta notið sælu ástarbrímans. „Heilsteypt“ og „alger“ fórn hennar er byggð á óheilindum. Hér er einhver tvídrægni á ferðinni. Liggja ef til vill eigingjarnar hvatir að baki sjálfsfórninni? Er sjálfsafneitunin blandin sjálfselsku? Helga hyggst léttu lífsins byrðar manningum, sem hún ann hugástum, en „fórn“ hennar hefur þveröfug áhrif. Þessar fáu „mínútur sælunnar“ jafngilda ekki aðeins lífi Helgu heldur leiða tortímingu yfir séra Sturlu. Efinn og ófullnægjan hefðu verið betri kostur.

Thordarsen verslunarstjóri er alger andstæða Helgu. Hann er síngirninn og sjálfselskan holdi klædd, óheill og sundraður persónuleiki. Allar tilfinningar hans hafa safnast í heilaspuna, stórkostlega metnaðardrauma fjarri öllum veruleika. Á æskuárum dreymdi Thordarsen um að stjórna völdugri þjóðlegri uppreisn gegn dönsku versluninni og verða leiðtogi í fjármálum landsins. Í verunni seldi hann sig og tók að féfletta landann. Á fullorðinsárum snúast dagdraumar hans um litríka framtíð sem aðsópsmikill stjórn-málaforingi og ræðuskörungur. Allir snúast þessir vonardraumar um sjálfan hann.

Thordarsen er ekki meðvitaður í neikvæði sínu eins og Páll Einarsson í *Sælir eru einfaldir*. Athafnir hans stafa fyrst og fremst af veiklyndi; hann er leiksoppur lágkúrulegra hvata sem hann reynir að klæða gylltri slæðu sjálfsblekkingarinnar. Thordarsen er samsettur persónuleiki og á tíðum í baráttu við sjálfan sig. Lítilmannleg bolabrögð hans og eyðileggingarstarfsemi verða ekki til árekstralaust. Þegar hann hefur tekið ákvörðun um að láta til skarar skriða gegn prestinum verður honum ljóst að hann hefur gefið sig að einhverju sem gerir hann að lítilmenni og finnur til skammartilfinningar innra með sér:

Var det fordi han vidste, at begyndte han først, saa vilde han, i Nødsfald --- ja, bruge alle Midler? ... Fordi han vidste, at han ikke kunne taale at tabe ... (59)

Í hugarheimi kaupmannsins togast á sjálflæging og sjálfs-upphafning. Oftast nær tekst honum að hemja vitundina um eigin láγκúru. En stundum brýst hún fram í öryggisleysi og innri óróa, gremju og jafnvel heiftúð. Gott dæmi um það er fundur hans og Finns á Vaði. Thordarsen er meðvitaður um lítilmennsku sína og missir vald á sér af þeim sökum. Vilji hans fær ekki við neitt ráðið. Að lokum fer svo að „lágur“ hvatir bera annað ofurliði í sál Thordarsens. Sjálfsblekkingin veitir honum styrk til illra verka. En þrátt fyrir að honum takist að velta prestinum úr sessi biður hann ósigur. Draumarnir verða aldrei annað en draumar.

Læknirinn, Páll Brandsson, er af öðru sauðahúsi en Thordarsen þótt einnig hann sé fulltrúi niðurriffsafla og eyðileggingar. Hann er skarpskyggn og kaldhæðinn raunsæismaður sem auðveldlega sér í gegnum neikvæða fordild vinar síns, kaupmannsins. Í mörgu minnir hann á Gísla Torfason í *Vargi í véum*; kaldlyndið og napurleikinn, slægðin og hugsjónaleysið eru hin sömu. Báðir eru meistarar í kaldrifjuðu ráðabruggi og undirmálum. En læknirinn er þó ekkert tilfinningalaust illmenni. Við banasæng Helgu er honum brugðið:

Den stærke aldrende Mand, der havde siddet kold ved saa mange Dødslejer hvor indre Frygt og ydre Smerter gav sig Luft i Skrig og Jammer, kunde have grædt ved dette Leje, hvor en Kvinde med roligt Blik saa' Døden i Øjnene. (244)

Páll Brandsson er nokkuð óráðin persóna og lesandanum veitist takmörkuð innsýn í hugarheim hans. Hlutverk hans innan sögunnar er þó ótvírætt: hann er ásamt Thordarsen verkfæri hins illa og ástlausa í mannlífinu.

Finnur á Vaði er einn af þeim sem sótt hefur hamingju sína í „lífþrungna játningu vinnunnar“:

Og aldrig havde han været saa tilfreds, som naar han stod og sled saa Sveden haglede af ham, – gennemblødte hver Trevl paa hans Krop. /---/ Arbejdet havde været hans daglige Glæde, og Resultaterne havde været hans Lykke. (131)

Í persónugerð Finns má greina eigindir *hins heila manns* sem heilsteyptur og staðfastur lifir í sátt við móður Jörð, manngerð sem Gunnar Gunnarsson stefnir gegn hinum klovna útlaga í verkum sínum.

Finnur virðist, við fyrstu sýn a. m. k., vera óveill og heill persónuleiki. Hann er þrautseigur og viljasterkur, heiðarlegur og góðhjartaður, traustur og framkvæmdasamur. Hann yrkir jörðina og heyr baráttu í þágu meðbræðra sinna; starf hans er í tákni fórnfúsrar sköpunar. Samt lýtur hann í lægra haldi fyrir aðstæðunum eins og séra Sturla. Það sem veldur er innri veila eða klovningur. Hann hafði látið drauminn ráða ferðum sínum, reist sér hurðarás um öxl, færst í fang hluti sem hann réð ekki við. Af þeim sökum rofnar líftaug hans um leið og hann missir jörðina úr höndum sér.

Draumar Finns eru vitanlega „jákvæðari“ en órar Thordarsens en í eðli sínu eru þeir afsprengi sömu veilunnar. Þegar á reynir er lífsstefna Finns valtari en foksandur af því að hún er bundin ytri aðstæðum. Þegar jörðin er á burt gliðnar allt jafnvægi og látlaus órói fyllir hug hans:

Hvad der før hos ham havde været en sund Virketrang, var nu blevet til en feberagtig Jagen, der drev ham frem til rastløs Virken hver Time paa Dagen, saa han hver Aften gik i Seng trættene end han havde kendt til før. (150)

Endurreisn kaupfélagsins færir honum enga fullnægingu. Hann er sem rötarslitin jurt á framandi slóðum. Að lokum hrekst Finnur með fjölskyldu sína vestur um haf á vit algerrar útleðar.

Séra Sturla, Thordarsen, Finnur á Vaði – og Helga að vissu leyti – eru öll útlagar í tilverunni. Þau eiga sér draum sem ekki rætist; biða ósigur fyrir aðstæðunum; flýja eða deyja. Slík er þeirra saga.

Höfundur fellir sjaldan beinan dóm yfir persónum sínum en afstaða hans til þeirra skín engu að síður í gegn. Hann notar til dæmis óspart þá gamalkunnu aðferð að birta sögusamúðina í útlitslýsingum. Þeim persónum sem

lesanda er ætlað að kunna vel við er lýst vandvirknislega og kostir þeirra tíundaðir. Hins vegar takmarkast lýsingin á neikvæðum persónum við fáein fráhrindandi einkenni. Í þessu sambandi notar höfundur lýsingu augna á skipulegan hátt. Við fáum að vita að Thordarsen er „rynket og graa i Ansigtet, med vidtopspilede kolde vandblaa Øjne, der gjorde deres til at lade ham synes ældre end han var . . .“ (46) Andstæða hans og prestsins kemur vel í ljós þegar lýst er fundi þeirra eftir dauða Helgu. „Saa rettede han sine store lyse ubarmhjertige Øjne lige mod Præstens brune bønlike . . .“ (265) Á öðrum stað er augum prestsins lýst svo: „De blaa Øjne, hvori det rene Hvide stak saa stærkt af mod Ansigtshudens vejrbidte brunlige Lød, lyste allerede af indre Ild.“ (63) Látum augnalitinn liggja milli hluta en hér er ytra borð látið afhjúpa innræti persónanna. Sama tækni er notuð í lýsingu Páls Brandssonar og Finns. Augnaráð læknisins er slægðarlegt, í því leynist ávallt „det poliske Blink“. (146) Augu Finns eru hins vegar „blaa og stærke“. (79)

II. 7. Hólmgangen við hafið

Tákn strandar og djúps gegna lykilhlutverki í *Ströndinni* og kristalla heimssýn verksins. Í eftirmála Landnámu-útgáfunnar segir höfundur:

Strönd sú, er mér fannst riða lífið á að draga upp sem sannasta, réttasta og hlífðarlausasta mynd af, lá sem sé að víðari vogum en hraunhöfn austfirzks kauptúns . . .⁶⁹

Strandlífið í sjávarþorpinu á að vísa til aðstæðna manna hvar og hvenær sem er. Kauptúnið er minnkuð mynd þess heims sem við öll byggjum. Ströndin sem tekur við líkum sjómanna og barna er tilveran sjálf, örlögbundinn vettvangur alls mannlífs. Lífið er ekki annað en strönd sem okkur öllum skolar upp á, og við brjótum þar skip okkar hvert með sínum hætti, segir séra Sturla.

Í formælingaræðu sinni kemst presturinn svo að orði að lífið leiki sér að manningum eins og lævis brosandí bylgja, einungis til að gera fallið og örvæntinguna meiri. Fegurðin er einungis svipul ásýnd sem felur ljótleika og dauða. Gullslituð bára fjarðarins heillar séra Sturlu í upphafi sögu. Sjávarflöturinn endurspeglar himininn og öll vera virðist sameinuð í helgri dýrð. En þegar skyggja tekur breytist myndin og fjörðurinn verður svartur og ógnvænlegur. Úr djúpinu rísa myndir hryllings og ógnar. Þetta táknmal skírskotar bæði til náttúrunnar og vitundar séra Sturlu. „Djúpið“ er í senn ímynd hins botnlausa neikvæðis tilverunnar og tómsins sem presturinn skynjar innra með sér. Sagan af séra Sturlu er saga manns sem smám saman dregst að þessu svartnættishyldýpi og steypist í það. Röklus öfl sálarinnar og yfirþyrmandi veruleiki buga vitund hans.

Séra Sturla veit alla tíð að trúin ein getur bjargað honum frá að „hrapa“. Trúlaus myndi hann sökkva í „Fortvivlelsens Afgrund, – gaa til Bunds i Haabløshedens sorte Mørke.“ (41) Þegar líða tekur á örlagasögu hans verður þessi mynd tóms, djúps og svartnættis sífellt algengari. Á angistarstund finnst presti að hann standi „... paa Randen af Ubevidsthedens Afgrund og det stod ham frit for at styrte sig i Dybet.“ (268) Freistingin að fremja andlegt sjálfsmorð verður æ áleitnari; hann langar til að „give Slip og lade sig synke – synke . . . i en indre Døds dulmende Dyb – bort fra ham.“ (268) Séra Sturlu er ofviða að vera manneskja og í lokin sleppir hann tókunum og hverfur í djúpið.

Margir rithöfundar hafa notað tákn hafs og djúps í svipuðum tilgangi og Gunnar Gunnarsson en óneitanlega sækir að manni sá grunur að hann hafi sótt fyrirmyndir sínar til Steingríms Thorsteinssonar og Jóhanns Sigurjónssonar. Þeir notuðu báðir ámóta táknmyndir og Gunnar. Ljóði Steingríms *Efra og neðra* svipar t. a. m. mjög til táknheims *Strandarinnar*:

Aleinn ræ eg út' á djúpi,
Ó, sú sjónin skær!
Sjórinn gullnum sólskinshjúpi
Sveipast fjær og nær.

Sjór er gagnsær – grilli' eg niður.
Gnötra eg við að sjá:
Hafskip sokkið! – helgrár bryður
Hákarl bleikan ná.

Áfram ræ eg, ei skal dvelja,
Áfram, bátur! svíf;
Yfir sólbros, undir helja,
Ó, þú falska líf!⁷⁰

Lífið táldregur mennina, vekur þeim hamingjudrauma með fölskum vinarhótum. En að baki sólbjartri ásýnd býr óhugnaður og tortíming, hel og dauði. Hafskipið sokkna er tákn fyrir afdrif allra vona: strand og ósigur.

Sams konar mynd er að finna í fjölmörgum ljóðum Jóhanns Sigurjónssonar. Í *Gefðu mér hlátur þinn segir skáldið*:

Gefðu mér hlátur þinn, söngglaði sær,
og þinn svifléttu dans yfir votum steinum,
þó að þú geymir í grafdjúpum leynum
grábleikan dauðann, þú sýnir ei neinum
annað en sólroðið andlit, sem hlær.⁷¹

Jóhann notar táknmyndina á sjálfstæðari hátt í *Ódysseifi hinum nýja*⁷² þar sem hann fléttar saman tákn hafdjúps og siglingar, strandar og strands, og bregður með því móti upp stórkostlegri mynd af einsemd og útleigð mannsins í heiminum.

Mennina dreymir um hamingju og völd sem þeim eru ekki tilkvæm. Mannleg viðleitni strandar ævinlega á takmörkun mannlegrar getu. Sagan af „hólmgöngu“ Sölva litla, sonar Finns á Vaði, við hafið sýnir glögglega þessar grimmilegu aðstæður jafnframt því sem hún birtir hugmyndaheim *Strandarinnar* í hnotskurn.

Sölvi og Blið ganga niður á ströndina til leikja. Bæði

lifa í ævintýraheimi eins og börnum er títt. Sölvi þráir að verða mesti maður í heimi og reynir að sanna draum sinn með því að yfirgnæfa hávaða brimsins. Hann vill öðlast vissu um takmarkalaus möguleika sína með því að sigrast á náttúruöflunum, verða meiri en náttúran.

Fyrst í stað hverfur rödd Sölva í drunum brotsjóanna, drukknar í þeim „som en Mus i en Vandtønde“, (284) en skyndilega sér hann

/---/ en Bølge, højere og vægtigere end de to foregaaende, komme rullende og – med haanlig Overlegenhed, ligesom triumferende, syntes han – smide sin tunge Vægt med frygtelig Kraft mod Klippesiden. I samme Nu dens Larm drøede gennem Luften, satte han begge Hænder som en Tragt for Munden – og skreg . . . af alle Kræfter, lige imod den. (285)

Rödd hans heyrir, hann hefur sigrað þessa hrokafullu bylgju. En bylgjan er „lævis“ og ekki er allt sem sýnist. Sigurinn er náttúrlega blekking því að mannlegur máttur má sín einskis gagnvart náttúrunni. Sjálfsblekking Sölva tortímir honum og leiksystur hans. Sjálfsöruggur og fullur hroka ögrar hann hafinu – tilverulögmálinu – og öslar of langt út frá ströndinni. Útfallið villir honum sýn og hann drukknar ásamt Blíði. Veruleikinn tortímir drauminum og mannum með.

Mynd mávsins speglar tragíska lífssýn höfundarins líkt og táknmyndir hafs og strandar. Hún kemur fyrir tvisvar sinnum í skáldsögunni. Í fyrra skiptið magnar óhugnanlegt væl vargsins fólki ótta á dimmum vetrarnóttum þegar dauðinn ríður yfir ísa:

Nu og da hævde en Maage sig fra sit ensomme Skær, og fløj skrigende bort. Dens Skrig lød saa uhyggelige i den døde Stilhed, – hvor de skar sig frem til et vaagent Øre, virkede de som en Uhyggens Gift-draabe, der fik Hjertet til at krympe sig i Vaande. (273)

Mávurinn er eins konar tákn þessara hungurnóttu yfir „et Land, der syntes uddødt“ (273) og fyllir feigar manneskjurnar kvíða og angist.

Mávurinn tengist einnig ógn og fári í síðara skiptið. Þá

birtist hann séra Sturlu sem staðfesting tómlégrar hryllingsveraldar. Það er eins og öll rök – eða rökleysa – lífsins safnist í mynd þessa hungraða og grimma fugls: Skimandi mávur, hvað sérð þú í djúpinu? Hugboð séra Sturlu stappar nær vissu: mávurinn sér ekki annað en spegilmynd sína. Fjarstæðan og tómið eru sannleikur lífsins:

Fattede *du* Livets Visdom? – du Rovfugl med det kolde Hjerter, de altid vaagne Øjne, og den umættelige Appetit? – Fattede *du* Livets Visdom? ... Er Dybet intet Dyb? – og Livet intet Liv? – og Døden ingen Død? ... Du har kun dit Skrig til Svar. Og til et Spørgsmaal uden Fornuft passer et Svar uden Mening ... (298)

Maðurinn getur ekkert svar fengið við spurningum sínum. Hlutskipti hans er alger óvissa og ringulreið því að merkingin er glötuð.

Hvað er sannleikur? spyr Uggi í *Fjallkirkjunni*. Gunnar Gunnarsson fer aðra og nútímalegri braut en rithöfundar á borð við Dostóéfski og Hardy að þessu leyti. Hann er ekki viss um að veröldin búi yfir röklegri þýðingu, að eitthvert vit sé í spurningum mannsins. Eru allar hugmyndir manna ef til vill glapsýnir einar; er tilveran merkingarlaus óskapnaður?

ÞRIÐJI KAPÍTULI: VARGUR Í VÉUM

III. 1. Úlfurinn í helgidóminum

Í *Vargi í véum* sem kom út árið 1916 treður Gunnar Gunnarsson svipaða slóð og í *Ströndinni*. Hann lýsir sem fyrr togstreitu mannlegs vanmáttar og yfirþyrmandi máttarvalda. En þó að verkin séu náskyld fjallar Gunnar um efnivið sinn af nýjum sjónarhóli í *Vargi í véum*. Ef til vill mætti skýra innbyrðis afstöðu þessara verka með því að vísa til skilgreiningar Maurice Friedmans á skáldskap Herman Melvilles og Dostóéfskís: „The dualism that Melville finds between man and his universe Dostoyevsky removes into the human heart.“⁷³ Orrustuvöllurinn er nú sál mannsins sem heyr hólmgöngu við sjálfan sig.

Í *Ströndinni* er fjallað um mann sem uppgötvar smám saman fjandsamlega og framandi tilveru. Meginviðfangsefni skáldsögunnar er dauði Guðs, þ. e. fjarvist hans og afskiptaleysi af kjörum manna sem helst virðast ofurseldir hlífðarlausum höfuðskepnum. Séra Sturla deyr andlegum dauða af því að hann getur ekki lifað án tilgangs. Hann tortímist á þeirri stundu sem von hans slokknar. Í *Vargi í véum* eru krufin þau áhrif sem merkingarkreppan og guðleysið hafa á sálarlíf einstaklingsins. Segja má að sagan hefjist þar sem *Ströndin* tekur enda. Verkið er könnun á veruleika manns sem lifir af dauðdaga Guðs. Spurningin sem leitast er við að svara er hvort maðurinn geti lifað án Guðs – í örvæntingu.

Fjarstæðan á upptök sín í misræminu á milli framboðs og eftirspurnar, möguleika og getu. Hún vísar þannig í tvær áttir. Annars vegar sprettur hún af ómennsku tilver-

unnar – þögn náttúrunnar – sem setur manninum stólinn fyrir dyrnar. Hins vegar er hún afleiðing af takmörkun mannsins sjálfs. Þessar tvær hliðar eru óaðskiljanlegar. Maðurinn fær ekki vilja sínum framgengt vegna yfirþyrmandi tilveruraka og eigin vangetu. Í *Ströndinni* er höfuðáhersla lögð á fyrra atriðið en í *Vargi í véum* á hið síðara. Söguhetju síðarnefndu bókarinnar dreymir ekki um farsæla handleiðslu æðri máttarvalda eins og séra Sturlu. Hún veit að það er á hennar valdi að berjast til sigurs eða ósigurs. Fjarstæðutilfinning Úlfs Ljótssonar stafar af því að hann getur ekki komið vilja sínum og þörf heim og saman. Hann býr ekki yfir nægri orku til að virkja möguleika sína.

Úlfur Ljótsson er, eins og margar söguhetjur Dostóéfskís, velættað gáfumenni á „glapstigum“. Hann gengur, eins og þær, utan alfaravega í leit að takmarki sem honum sjálfum er lítt ljóst hvert er. Úlfur er sonur Ljóts dómkirkjuprests í Reykjavík. Hann hefur menntast í Kaupmannahöfn og lokið lögfræðiprófi með ágætum. Framtíðarbrautin virðist blasa við honum breið og greið. Sá galli er þó á gjöf Njarðar að Úlfur hefur leiðst út í slark og drykkjuskap. Líferni hans hneykslar sómakæra borgara og veldur því að lokum að hann hrökklast úr starfi sínu í Stjórnarráðinu.

Úlfur svallar ekki ánægjunnar vegna heldur til að deyfa innra óþol, svæfa orminn sem nagar og finna stundarfrið frá sjálfum sér. Hann gerir sér grein fyrir að þetta er víta-hringur en hefur ekki andlega burði til að takast á við vandamál sín:

Ja, han var sikkert det elendigste og foragteligste Menneske i hele Verden. Mon der nogen Sinde havde levet en større Pjalt end han? Der var maaske nok dem, som var værre end han – mere ligefrem onde, – for saadan egentlig ond var han dog vist ikke, – det manglede han vist simpelthen Karakter til! Men der var sikkert ingen, der var en større *Pjalt!* . . . Og gaves der noget foragteligere end at indse hvilken Pjalt man var – og dog ikke gøre noget for det? (38)

Tilraunum Úlfs til að komast til botns í sjálfum sér og yfir-

stíga sjálfsfirringuna lýkur ávallt með harmkvælum og uppgjöf.

Stundum býður Úlfi í grun að eitthvert utanaðkomandi vald leiki líf hans grátt. Þessi máttur er, eins og við sjáum síðar, lífið sjálft. Úlfur getur ekki fellt vilja sinn að verðandi tilverunnar og finnst ýmist að lífið sé illskan einber eða persóna hans sjálfs fyrir neðan allar hellur.

Vargur í véum fjallar um utangarðsmann eins og nafnið gefur til kynna. Úlfur Ljótsson er í andstöðu við skipulag mannfélags og tilveru. Hann er óalandi og óferjandi þar eð hann þverbrýtur siðaboð stéttar sinnar og gengur í berhögg við almennt velsæmi. Með drykkjuskap sínum og uppátækjum flæmir hann sjálfan sig í útlegð. Samfélagið hefur ekki rúm fyrir mann eins og hann. Úlfur getur ekki lifað við þau kjör sem honum bjóðast og bíður ósigur af þeim sökum.

Heiti bókarinnar vísar til þessara aðstæðna Úlfs á táknrænan hátt. Það skírskotar til frásagnar *Egils sögu* af Eyvindi skreyju sem vó mann á friðhelgum stað, í hofshelgi:

Eyvindr hafði vegit í véum, ok var hann vargr orðinn, ok varð hann þegar brott at fara.⁷⁴

„Vargur í véum“ var friðlaus og réttdræpur útlagi, óalandi meðal manna. Gunnar Gunnarsson notar heitið á táknrænan hátt. Úlfur er vargur í mannfélaginu, honum er hvergi staður ætlaður, mennirnir afneita honum, lífið hafnar honum. Hann er „úlfur í helgidóminum“ eins og hann kallar sjálfan sig:

Det var tungt, – det var ikke til at bære. *Hvor* han end kom, var han og blev en fremmed for Livet og Livets Vilkaar, en fredløs i alle Forhold, – inden for Samfund og Menneskehed en Varg i Veum – Ulven i Helligdommen. (263)

Hann á hvergi „heima“. Vegna „eðlis“ síns er hann dæmdur til eilífrar glötunar: „I hans Hjerte aad og gnavede det – – – Ormen i hans Indre, de fordømtes Orm . . . nej, den døde aldrig.“ (261) Friður á jörðu er honum bannaður eins og hofbrjótinum forna.

Úlfur er að mörgu leyti skyldur „sakamönnum“ Dostóeðskis sem fórna venjum og siðgæðisreglum í örvæntingarfullri og skilyrðislausri leit að innra frelsi. Þessir „frjálsu“ siðleysingjar kunna ekki að staðfesta „frelsi“ sitt á jákvæðan hátt, brjóta aðeins niður og missa sjónar af því sem nauðsynlegt er til að geta lifað í samfélagi. Þeir tortíma sjálfum sér í sífellt sársaukafyllri útlegð. Úlfur er skyldur þeim að því leyti m. a. að hann storkar samfélaginu. Hann er utangarðsmaður í uppreisn gegn borgaralegu umhverfi sem samræmist ekki hugsjónum hans og vekur honum andstyggð. Úlfur ögrar á opinskáan hátt spilltum valdamönnum og afhjúpar þá sérplægni sem gagnsýrir stjórnmalalífið. En – eins og vinur hans Eldjárn segir – þá sér hann ekkert nema ranghverfuna. Og hann lætur sitja við orðin tóm; flýr af hólmi.

Í raun kemst Úlfur aldrei lengra en að afneita. Frelsi hans takmarkast við að hafna; og staðfestuleysi hans gerir neitunina máttlausa:

Selv havde han været saa inderlig klar over hvor det bar hen – helt fra Begyndelsen. Men dels havde det voldt ham en letsyndig Morskab at forarge, – rigtig vise Borgerskabet, at her var der endelig en Mand, der gjorde hvad han fandt for godt. (80)

Úlfur veit að líferni hans og afstaða auka einungis hið „illa, slaka og sljógandi“ í fari hans. En hann er ekki fær um að rísa yfir neikvæðið og virkja vilja sinn til skapandi athafnar.

Vandkvæði Úlfs eru einkum af tvennum toga. Í fyrsta lagi er skapgerð hans klofin og samræmislaus. Í öðru lagi beinast þrár hans út fyrir landamæri mannlegra möguleika. Klofningurinn býr bæði innra með honum og milli hans og veraldarinnar.

Innri maður Úlfs er óheill og sál hans sundurtætt af þversögnum. Hann sveiflast á milli háleitustu hugsjóna og lægstu hvata án þess að fá að gert. Innri nauðung knýr hann áfram í trássi við skynsemi hans. Úlfur gerir sér grein

fyrir að mótsagnir í vitundinni eiga stóran þátt í staðfestuleysinu:

Hans Sind var Modsætningernes: husede den højeste reneste Glæde ved Siden af den laveste Lyst, – spændte fra begejstret, altforglemmende og i sin *Vilje* altopofrende Stræben til den usleste og utilgiveligste Modløshed og Ligegladhed, – rummede saavel Ildens hede Rasen som Isens kolde Stivnen. (263–64)

Þessi innri óstöðugleiki er ein gildasta ástæðan fyrir óförum Úlfs. Hann getur ekki lifað heill í neinu til lengdar því að hann sjálfur er skiptur. Uppruna þessa rótleysis er að finna í innstu hugarfylgnum Úlfs; það á upptök sín í sálrænum veruleika sem meðvitund hans getur ekki hamið. Séra Ljótur, faðir Úlfs, skilgreinir mannssálina á eftirfarandi hátt:

Menneskesjælens tilsyneladende Ro og Ligevægt var ikke til at stole paa, – den kunde ofte skjule udforskkelige Afgrunde. Menneskesjælen var som Havet: uberegnelig – tilsyneladende upaalidelig, – og i Grunden var den vel ligesom Havet undergivet store ydre og ikke selvforskyldte Forvandlinger /---/. (232)

Andlegt jafnvægi er grunnur sem getur brostið óforvarendis og dulin öfl tekið ráðin af meðvitundinni. Að mati Ljóts er þessi síbreytileiki þó ekki alger; að baki býr eðliskjarni sem helst stöðugur hvað sem á dynur: „– men i sit Væsen og Indhold dog altid den samme“. (232) Í framhaldi af því dregur séra Ljótur þá ályktun að maðurinn sé *saklaus*: hann er leiksoppur afla sem hann ræður ekki við, – hann er ábyrgðarlaus: „... og vel derfor uden Skyld – – *uden Skyld*“. (232)

Hugmyndir séra Ljóts lýsa örlögum Úlfs mæta vel. Saga hans er í sjálfu sér ekki annað en rökstuðningur þeirra. Einhvers konar innri nauðung – í slagtogi við sjálfsfyrirlitningu – knýr hann þá braut sem hann sjálfur veit að leiðir til tortímingar. Viðnámsþrek hans er næsta lítið og á milli vilja hans og máttar virðist óbrúanleg gjá:

Hans Grundskade var vel, at der intet Forhold var imellem hans Evner og hans Længsel. Hans Higen havde bestandig været forud for hans Formaaen. – *Maaske* var han født som en Ørn, – men det var i

saa Fald en Ørn med Spurvevinger! -- Og nu laa han her, drattet ned fra Flugten! – en laset Drømmer, – en fredløs og fordømt . . . (265)

Hið skipta eðli Úlfs gerir vonir hans um hamingjuríkt og varanlegt jafnvægi að engu; vanmætti og friðleysi útlagans eru hlutskipti hans.

Úlfur lifir í veröld sem hvergi nærri fullnægir óskum hans og þrám. Hróp hans hverfa bergmálslaust í tómið. Hann er útlagi í sjálfum sér, meðal manna, í heiminum. Viðleitni hans strandar ekki einvörðungu á innri takmörkunum og skilningsleysi spillts samfélags heldur og á lífsrökunum sjálfum. Í augum Úlfs er manneskjan léttvægur hlekkur í órofa keðju blindrar efnisþróunar þar sem líf og dauði skiptast á án afláts. Í þessari grimmdartilveru eru mennirnir einskis virði, þeir spretta og eyðast án sýnilegs tilgangs. Blindur Guð virðist hafa þá að leiksoppi.⁷⁵

Eyðingin sem slík er átumein í sál Úlfs; hún magnar auðnarkennd hans og tilgangsleysi. Þegar Úlfur stendur við banabeð Gísla Torfasonar birtist takmörkunin honum í skelfilega skýru ljósi: „Han kunde ikke tænke paa andet, end at snart vilde Livet være ebbet ud af dette knoglede Legeme . . . og saa vilde Forraadnelsen intræde.“ (142) Úlfur fyllist ógleði, ekki síst af því að í örlögum Gísla bankastjóra sér hann sín eigin örlög og allra annarra manna; þessi dauðvona maður er hann sjálfur:

Dette var al Livs Ende. En Gang vilde han selv komme i den samme Situation. (142)

Ógleðinni fylgir dauðans angist: „Han blev med at se for sig det frygtelige Syn af den gamle døende Mand.“ (146) Hann reynir að flýja; komast undan ógninni í hæli áfengisguðsins og vímunnar . . . en það verður ekki snúið á lög málið. Eitrið getur ekki deyft *vitundina* til lengdar:

Han syntes, at han aldrig før havde indset saa klart Livets Intethed. Livets Tomhed, Livets grænseløse Sjofelhed og umaalelige Trøstesløshed. (158)

Honum finnst lífið hégóminn einber; grafarklukkurnar klingja í sál hans.

III. 2. Þíslarvotturinn

Í öðrum kapítula sögunnar er greint frá draumi Margrétar Thorgeir, unnustu Úlfs. Þessi draumur er merkilegur fyrir ýmissa hluta sakir. Í fyrsta lagi er hann dæmi um „frásagnarfyrirhyggju“, þ. e. hann endurspeglar framvindu og merkingu sögunnar í heild sinni. Hann er eins konar sjálfsmynd skáldsögunnar. Gunnar Gunnarsson notar reyndar drauma á þennan hátt víðar í verkum sínum. Í öðru lagi upplýsir táknmál draumsins þá merkingu sem höfundur virðist leggja í örlög Úlfs.

Draumurinn skiptist í fjóra hluta og hefur hver um sig ákveðna skírskotun:

Først havde hun kun set en mørk Høj med et Kors paa. Hun havde staaet med en sviende Følelse af Ensomhed i sit Hjerte og stirret paa det høje hældende, lidt skæve Kors, der tegnede sig sort mod en regn-graa Himmel. (17–18)

Margréti finnst hún nauðbeygð til að fara upp á hæðina með krossinn skelfilega þar sem bíða hennar þjáningar verri en dauðinn:

Saa var Højen med én Gang bleven til et Skibsskrog, med Master og Rig, – og Skibet duvede og duvede, – og alting duvede og duvede, – og hun svimlede, greb for sig – og faldt. (18)

Hún fyllist skelfilegum kvíða fyrir „einhverju örlögþrungnu“ sem hún getur ekki breytt og hlýtur að koma. Síðan breytist myndin og aftur er hún stödd á þíslarveg-inum:

Saa pludselig, uden nogen Overgang, stod hun midt i en støjende Skare, der under Latter og Skraal førte et bastet og bundet Menneske af Sted mod den mørke Høj, hvor der nu knejste en Galge, mens de uafsladelig slog ham og spyttede paa ham. /---/ Rundt omkring sig saa' hun adskillige hun kendte, – deres Ansigter var forvrængede i hæsleg skadefro Munterhed. Nogle havde fraadende Dyresnuder, andre

havde lange viftende lodne Øren, og endnu andre gik der med hvide Dødningeansigter. Hendes far var ogsaa med. /---/ Er det Frelseren? – Frelseren! vrængede han haanlig til Svar, og nu var han pludselig Pontius Pilatus og hendes Far – i én og samme Person, – kan du da ikke se at det er Úlfur Ljótsson! – I det samme vendte den bundne Mand hovedet – og hun saa' hans Ansigt. Aa, dette blege smertefortrukne Ansigt! – hun vilde huske det til sin Dødsdag . . . Det var Úlfurs Ansigt, men det Udtryk havde hun aldrig set i det før. Der lyste af hans Ansigt, et rødtligt flakkende Lys, og han havde en Tornekroner paa Hovedet. (18–19)

Kristslíkingin varpar ljósi á þá merkingu sem fólgin er í örlögum Úlfs. Úlfur er ekki „einber ræfill“ heldur píslarvottur. Hann er mannsins þjáði son sem ber ok tilverunnar á herðum sér, þjáningu þess að vera til. Hann er saklaus dæmdur af miskunnarlausu samfélagi og bannlýstur af sjálfu lífinu. Hann er „maður krossins“ eins og Stavrógin í *Djöflum Dostóéfskís* (Stavros: maður krossins). Úlfur má ekki við ofureflinu og hlýtur að tortímast. Hann getur ekki snúið framvindunni við, því að píslarvætti hans á upptök sín djúpt í „eðlisforsendum“ hans sjálfs og almennum aðstæðum manneskjunnar um alla tíð.

Margrét veit að hún verður að fylgja Úlfi upp píslarveginn. Þau eru tengd böndum sem dauðinn einn getur rofið. Hæðin og skipsflakið eru dauðatákn og það síðarnefnda er forboði um endalok Úlfs.

Í lokabætti draumsins eru Úlfur og Margrét ein saman. Hún býðst til að leysa hann úr fjötrum en hann hristir einungis höfuðið: örlagadóminum verður ekki áfrýjað:

Nu skal vi skilles, sagde han /---/. Dø? svarede han, – aaja, det kan man ogsaa kalde det. Men egentlig skal jeg hen og sejre. Vi ses ikke mere . . . Og saa var han borte, forsvundet. (20)

Þrátt fyrir að lífshlaup Úlfs sé samfelld hrakfallaför liggur fyrir honum að sigra – á sína vísu. Kristur sigraðist á dauðanum en Úlfur „sigrar“ lífið – óvin sinn. Örlög beggja tákna „sigur“ manns, staðfestingu manns.

III. 3. Bráðin í soranum

Persónusafn *Vargs í véum* er samsett á svipaðan hátt og í *Ströndinni*. Það er myndað af persónum sem ýmist eru hliðstæður eða andstæður við höfuðpersónuna. Annars vegar eru ástríkar og heilsteyptar manngerðir sem búa yfir andlegu jafnvægi og sálarstyrk. Þær eru táknmyndir hins jákvæða í tilverunni, holdtekjur mannshugsjónar Gunnars Gunnarssonar. Hins vegar eru fulltrúar hins neikvæða, persónur haldnar löstum og lágkúrulegum hneigðum. Til fyrri hópsins teljast séra Ljótur dómkirkjuprestur, Margrét Thorgeir og Eldjárn skipstjóri, en til hins síðari m. a. Geir Thorgeir ráðherra og Gísli Torfason bankastjóri. Vettvangur Úlfs er á milli þessara hópa; sál hans er klofin og samsett úr einkennum beggja, hreinleika og sora í bland. Í 13da kapítula segir Úlfur við Margréti:

Du ligner Far / . . . / . – I er begge besjælede af den hellige Renhed, der er Livets skønne Maal og – tror jeg – egentlige Mening. *Jer* kan intet tilsmudse eller forringe. – Men saadan er jeg ikke, Margrét. Jeg er af blandet Metal, – mig klæber der Rust og Smuds ved. (223)

Margrét Thorgeir er svipuð Helgu í *Ströndinni*, búin óveilli skapgerð, kærleiksríkri lund og takmarkalausri fórnfýsi. Hins vegar er hún öllu raunverulegri og sennilegri persóna en kona Sturlu. Fórnfýsi hennar gengur ekki út í öfgar og höfundur rýnir meira í skaphöfn hennar og aðstæður.

Margrét fórnar heimili sínu, fjölskyldu og félagslegri stöðu fyrir ástina. Hún brýtur allar brýr að baki sér, lætur rödd hjartans tala og fylgir Úlfi í útleðina. Ákvörðun hennar verður þó ekki til átakalaust. Höfundur lýsir grannt þeirri baráttu sem á sér stað innra með henni milli boða skynsemi og tungutaks tilfinninga:

Forraade en Menneskesjæl? . . . Svigte sit eget Blod? . . . Nej, det kunde hun heller ikke. Og det var netop det, hun gjorde, hvis hun nu

svigtede Úlfur. /---/ Den eneste Maade, hvorpaa *hun* kunde nedværdige sig, var ved at svigte . . . (30)

Margrét velur að fylgja Úlfi – láta tilfinningarnar ráða og ganga veg þjáningarinnar.

Séra Ljótur, faðir Úlfs, hefur mikilvægu hlutverki að gegna sem táknræn andhverfa Úlfs. Kjeld Elfeldt telur reyndar í bók sinni um Gunnar Gunnarsson að þolraunin sem trúfesti séra Ljóts við Guð verður fyrir sé meginviðfangsefni sögunnar. Að hans dómi eru örlög Úlfs of ómerk til að geta verið möndull sögunnar.⁷⁶

Skilgreining Elfeldts er á misskilningi byggð að mínum dómi. Í fyrsta lagi er Úlfur ekki einber ræfill – „þjalt“ – sem litlu skiptir hvort lífs er eða liðinn. Formgerð og tákn-mál sögunnar sýna ljóslega að hann er tragískur persónuleiki frá hendi skáldsins. Í öðru lagi er séra Ljótur fulltrúi lífsviðhorfa og reynslu sem *ekki standast*. Séra Ljótur hefur samúð höfundar en hann er einn þessara „heilögu einfeldninga“ sem sætta sig við bölið í mannheimi á þeirri forsendu að það hafi dulinn tilgang. Hrottaskapur styrjaldarinnar veldur honum hugarangri en hrín þó ekki á hugmynd hans um þennan „besta heim allra heima“; nauð mannanna styrkir hann þvert á móti í trúnni á „góðsemi“ tilverunnar: „Der maa jo dog være en Mening i hvad der sker.“ (71) Þessi lífsskoðun bjargar séra Ljóti í gegnum þykkt og þunnt, súrt og sætt. Raunirnar færa hann einungis nær Guði. Séra Ljótur er maður tíma sem *var*; hann er forngripur, uppvakningur sem talar tungum liðinnar tíðar.

Mismunur séra Ljóts og séra Sturlu í *Ströndinni* er einkum fólgin í því að trú hins fyrrnefnda er ekki reist á kraftaverkinu. Séra Ljótur þarfnast ekki yfirnáttúrlegrar sönnunar á tilveru Almættisins; hann reynir ekki að staðfesta sjálfan sig samtímis Guði heldur gefur sig Drottni á vald. Hann er ekki sundurtættur á milli ihugunar og tilfinningar eins og séra Sturla.

Séra Ljótur beygir hjarta sitt í fullri auðsveipni undir lögmál þeirrar veraldar sem hann trúir að Guð hafi skapað

af gæsku sinni. Stundum á hann í innri baráttu en auðmýktin varðveitir ávallt trú hans.

Séra Ljótur býr yfir því algera trausti sem birtist í formála og eftirmála *Jobsbókar*: Drottinn gaf og Drottinn tók. Lofað veri nafn hans. Íhlutunarleysi og fjarlægð æðri máttarvalda leiddu til dauða Guðs í hjarta Sturlu, en séra Ljótur hefur hins vegar óbifanlega trú á að allt sé þetta prófraun – jafnvel tortímingin:

Og han *maatte* have sin Mening, med dem, han -- *knuste*. For han alene kendte Tilværelsens Gaade . . . (233)

Breysk mannkindin verður að beygja sig undir vilja Hans! Séra Ljótur heldur sálarþreki sínu óskertu þrátt fyrir hörmungarnar sem yfir hann ganga. Bjargföst trú hans og lund gera hann farsælan þrátt fyrir allt: Sælir eru einfaldir!

Að sumu leyti minnir séra Ljótur á föður Zossíma í *Karamazofbræðrum* Dostóéfskís. Líkt og Zossíma býr hann yfir djúpum kærleika, dæmir ekki og treystir á hið góða í mönnum. Zossíma og séra Ljótur eru báðir öndverðir þeirri bölsýni og einstaklingshyggju sem ríkir meðal samferðamanna þeirra. Zossíma kennir að menn beri ábyrgð hver á öðrum og trúir á mátt „virkar ástar“ í samskiptum fólks. Sú trú hans á upptök sín í hugmynd um órjúfanleg tengsl allra fyrirbæra. Að dómi Zossíma er Guð sínálægt og algott almætti sem maðurinn verður að þjóna með ást, náungakærleik og samhjálp. Ég held að eftirfarandi orð hans gætu að verulegu leyti átt við trúarafstöðu séra Ljóts:

Brothers, be not afraid of men's sins. Love man even in his sin, for that already bears the semblance of divine love and is the highest love on earth. Love all God's creation / . . . / love everything.⁷⁷

Séra Ljótur er andstæða sonar síns, jafn heill í lífi sínu sem lífsskoðun. Kjeld Elfeldt bendir réttilega á að Gunnar Gunnarsson vilji með persónu séra Ljóts sýna fram á jákvætt gildi trúar fyrir manninn: Aðeins trú eða staðföst heimsskoðun getur vísað manninum leið um refilstigu tilvistarinnar og tryggt hann gegn tómléika og sjálfseyðingu.

– En heilög auðsveipni séra Ljóts er einfaldlega ekki á færi nútímamanns eins og Úlfs: „Men det var nu en Gang saadan, at man maatte danne sig sin Mening ud fra sine egne Forudsætninger . . .“ (161)

Bæði Margrét og séra Ljótur standast eldskírnina þegar Úlfur ferst. Séra Ljótur sigrast á mótbárunni sem komin var fram á varir hans, leitar vars í órannsakanleika Guðdómsins og beygir hjarta sitt; Guð gefur honum „en Anelse om, at hvad der nu skete hans Søn – var dog det bedste, der kunde ske ham.“ (277) Lausn Margrétar er öllu óljósari – en hún kiknar hvorki né missir tangarhald á lífinu þrátt fyrir hörmungarnar:

Nu, da det sværeste Anfald var ovre, fyldte Livet hendes bløde og stærke Sind med sin gode skærmende Kulde. Hun mærkede Kulden, var sig sin Sløvhed bevidst . . . og hendes gode uskyldige Hjerter krympede sig i bittert Samvittighedsnag. (277)

Hún hefur *svalann* – þá eigind sem ekki verður án lifað, þolið og styrkinn; heilindi hennar og skapfesta tryggja henni áframhaldandi líf.

Séra Ljótur og Margrét eru fulltrúar heilsteyptrar lífs-trúar og fórnfúsar ástar: vegur þeirra er lífsins leið. – En hver verður að búa að sínu. Skapgerð og lífsskynjun nútímamannsins Úlfs Ljótssonar neyða hann til að feta aðra stigu.

Eldjárn skipstjóri á Voninni er einnig dæmi um heilsteyptan mann. Hann er fulltrúi hins fórnfúsa starfs og samviskusama þolgæðis sem Úlfi eru ótilkvæm.

Eldjárn, – han vidste altid hvilken Vej han skulde gaa, – han var aldrig i Tvivl, – for ham eksisterede der ingen Svinkeærinder. Han var ikke en Mand, der gik hen og forkludrede sit Liv. For ham var Virkeligheden Virkelighed – og slet ikke nogen ilde Virkelighed endda! (63)

Að mörgu leyti minnir Eldjárn á Finn frá Vaði í *Ströndinni*. Hann lætur ekki „gagnslaus“ heilabrot tefja sig frá verkum, vitund hans er ekki klofin á milli skynsemi og tilfinninga, vegur hans er beinn og breiður. Hann er maður hins

hagnýta og jarðbundna en býr jafnframt yfir hreinni barnslund, einfaldleika og fórnfýsi. Hann er holdtekja lífsvilja andspænis sjálfseyðingaraflinu sem á sér bústað í Úlfi.

Geir Thorgeir ráðherra er lýst sem lítilmenni á borð við Thordarsen verslunarstjóra í *Ströndinni*. Á yfirborðinu er hann öruggur og jafnlyndur, traustur og réttlátur. En jafnvægið er ekki annað en gríma sem hylur innri auðn og öngþveiti. Kjölfestan er engin þegar á reynir. Örlagastund Geirs er þegar Gísli Torfason flettir ofan af smæð hans og gerir honum ljóst að hann hefur alla tíð verið handbendi annars manns. Vitneskjan um það sviptir Geir allri fótfestu. Hann gerir sér grein fyrir að *allt* líf hans hefur verið sjálfsblekkingin einber, persónuleiki hans lygi frá rótum: „Bevidstheden derom blev ved at stikke ham som en giftig Brod. Langsomt forbitrede den ham hele hans foregaaende Liv.“ (173) Geir er sárnauðugt að horfast í augu við sannleikann og reynir að ljúga grímuna á sig að nýju. Vissuna reynir hann að hrekja niður í hugardjúpin; það er eina lífsvon lyddunnar:

Men paa Bunden af hans Sind laa den, – omend endnu lænket af hans Livsvilje, trælbundet af hans Selvopholdelsesdrift, – den ubarmhjertige Sandhed, at han kun – altid og i alting – havde været en anden Mands Redskab /---/. (173–74)

Hrun sjálfsmyndarinnar er uppspretta öryggisleysis og angistar sem skekja allan lífsgrunn Geirs. Hún veldur þeirri heiftyðgi sem hann sýnir dóttur sinni, Úlfi og séra Ljóti. – Ekki bætir úr skák að Úlfur hefur lesið hann ofan í kjölinn og hreytt sannleikanum framan í hann. Afskipti Geirs af ástarsambandi Úlfs og Margrétar afhjúpa hann sem ástlausan, grunnfærinn og lítilmótlegan mann. Persónan tekur stakkaskiptum: „Og som Luftens Strømme forvandlede Havet til et brølende Uhyre – saadan forvandlede Sindets Storme og Livets Tilskikkelser Sjælen, – ofte til noget ondt og ufatteligt,“ (232) segir séra Ljótur. Þær hugrenningar sýna vel næman skilning hans á hverflyndi og þversögnum

mannssálarinnar. Getur maðurinn yfirleitt komist til botns í sjálfum sér?

Gísli Torfason er af svipuðu sauðahúsi og Páll Einarsson í *Sælir eru einfaldir*. Munur persónanna er sá einn að Gísli er ekki meðvitaður í neikvæðinu. Hann er heill í drottnunargirni sinni og sérplægni, heill m. a. af því að hann gerir sér ekki grein fyrir öðrum möguleikum. Sjónarhorn hans takmarkast við nánasta umhverfi og dægurhagsmuni.

Han havde aldrig tænkt videre over Døden for sit eget Vedkommende. Og Tanken var kommen ham saa overrullende. Han følte en rent barnlig Skræk for Tilintetgørelsen. (128)

Hugsunin um eyðinguna vekur honum ótta um stund – en ekki angist. – Hann sættir sig fljótlega við hana og býr sig undir hið óhjákvæmilega, ekki með því að gera upp líf sitt heldur þau fjármál sem hann á óafgreidd.

Á lífsleiðinni hefur Gísli notfært sér aðrar manneskjur á miskunnarlausan hátt og fátt vílað fyrir sér. Ástin hefur aldrei átt heima í húsi hans. Gísli er fátækur í anda því að lífið sjálft hefur aldrei orðið honum umhugsunarefni eða yndi. Hann hefur skort ímyndunarafl og hæfileika til að finna til. Í raun hefur hann ekki lifað lífinu; sjálfshyggjan hefur gert hann ónæman, blindan og ómannlegan. Gísli er fulltrúi sálarlausrar og ástlausrar sérplægni – og deyr sem slíkur: „Og i hans allerede halvt brystne Øjne var der et rasende Blik.“ (145)

III. 4. Leiðin til heljar

Maðurinn er firrtur utangarðsmaður án hugsýnar og birtu. Útlegð hans er án enda af því að minningin um tíma sem var og vonin um fyrirheitið land eru honum horfnar. Af rótum þessa klofnings á milli manns og lífs sprettur fjarstæðutilfinningin.⁷⁸

Þessi hugleiðing Alberts Camus varpar nokkru ljósi á aðstæður Úlfs Ljótssonar. Sjálfur gerir hann sér ekki fulla

grein fyrir þeim fyrr en á banadægri. Því hann á sér minningu um glataðan tíma þótt hann trúi vart á fyrirheitið land; vonin blundar innra með honum – mótvægi þeirrar örvæntingar sem stundum leiðir hann á ystu nöf sjálfsmorðsins. – Vonleysið er aldrei algert því að í hugarfylgsum hans leynist örlítil von um endurlausn á brekkubrún. Saga Úlfs er saga látlausrar togstreitu á milli sárrar örvæntingar og þrákelkinnar – oft ómeðvitaðrar – vonar. Úlfur getur ekki lifað í fjarstæðunni. Af þeim sökum er örvilnan hans hálfvolg svo nálgast sjálfsblekkingu. Hann getur ekki risið undir okinu – því að án vonar er ókleift að lifa, án vonar er engin framtíð til!

Úlfur reynir að sporna við fótum og afla sér tilgangs með ýmiss konar hætti. Hann veit – eða grunar – að vonirnar eru draumar, hugarórar, en einhvern veginn verður að lifa: „Men det Selvbedrag maatte nu en Gang til, for at gøre Livet udholdeligt.“ (99) Maðurinn getur ekki verið sannur og sjálfum sér trúr í þessum heimi; – hann færirst samstundis! Honum er nauðsyn að verða sér úti um einhverja gervihugmynd, „et Surrogat at leve Livet til Ende paa“. (40) Þversögnin í Úlfi er ekki síst af þessu sprottin. Hann er meðvitaður um sjálfsblekkingu sína en aðhyllist hana samt – meðvitað og ómeðvitað:

I Grunden var de sidste Aars Drømme / . . . / ham temmelig ligegyldige, og skønt han ofte selv indsaar det, vilde han dog ikke lade dem fare, – for *nogen* Tilknytning maatte man jo dog have til Livet, saalænge man levede med. (40)

Stundum finnst Úlfi að hann geti þroskað sig frá sjálfsblekkingunni – voninni – og lifað án tilgangslausra og fáránlegra draumóra:

Undertiden forekom det ham – og den Forestilling fremkaldte altid i hans Sind en vis sløv Tilfredshed, blandet med en bitter nagende Selvforagt – at han var paa Vej til at forsone sig med Livet, saadan som det nu saa' ud til at ville forme sig for ham. Han ventede sig ikke mere af det – den logiske Følge deraf var, at det altsaa ikke mere kunde skuffe ham. (39)

Því að sá einn sem vonar verður fyrir vonbrigðum! – En Úlfi er ljóst að slíkar hugrenningar eru blekkingin einber.

Úlfur getur ekki leyst lífsvanda sinn af því að viðhorf hans eru gagnsýrð af sljóleika, sundrunu og viljaleysi. Hann getur ekki boðið lífinu byrginn af því m. a. að hann hefur óbeit á sjálfum sér. Sjálfsfyrirlitningin er einn hans stærsti bölvaldur; hann er fangi eigin niðurlægingar. Þetta, ásamt öðru, veldur því að Úlfur getur ekki samþýðst tilverunni. Hann reynir hins vegar margar leiðir til að flýja veruleika sinn: *svallið, stjórn málin, ástina og vinnuna*. Hvarvetna rekur hann sig á vegg og biður ósigur.

Leið ástríðunnar er kostur sem Úlfur kýs framan af. Hún veitir honum stundarfrið og deyfir veruleikakenndina. En svallið gefur skammvinn gríð; lífið kemur ávallt til baka að nýju. Ímynduð ástríðuköst geta ekki fullnægt tilfinningaþörfum hans og skilja eftir sig takmarkalaus óbeit. Áfengisneyslan æsir ímyndunina um stundarsakir, en hún er ekki lausn heldur vítahringur sem sviptir hann sjálfstjórn og sjálfsvirðingu.

Úlfur veit að líferni hans atar hann auri og gerir hann að minni manni. Oft á tíðum er vanlíðanin svo megn að hann kemst á fremsta hlunn með að fyrirfara sér. Samt sem áður veitir drykkjuskapurinn Úlfi dulda fróun. Hann fullnægir frumstæðum hneigðum sem Úlfur gerir sér óljósa grein fyrir. Sjálfsfyrirlitning hans samslungin sjálfseyðingarvilja fær útrás; svallið er m. ö. o. langvinnt sjálfsmorð. Auk þess hefur Úlfur nautn – blandna samviskubiti – af þeirri sorg sem hann veldur öðrum með framferði sínu. Hann er að hefna sín á heiminum:

Dels havde han næret et lønligt Haab om, at det muligvis kunde gøre Margrét ondt at han bar sig saadan ad. Og nu syntes han undertiden, at han ligefrem hadede hende. (80)

Úlfur drekkur bikar niðurlægingarinnar í botn. Hann gerir sig hvað eftir annað að skotspæni götulýðs, kallar yfir sig fyrirlitningu samfélagsins og loks grófa valdbeitingu „Réttvísinnar“.

Litrík lýsing Gunnars á leið manns til dýpstu miðurlægingar og útleigðar í samfélagi manna minnir um margt á sögur Dostóéfskís.

Úlfur er þversagnakenndur persónuleiki eins og komið hefur fram og í honum búa gagnstæðar hneigðir. Öðrum þræði býr með honum þrá til hins góða og göfuga, sjálf-gleymin fórnfýsi og „hreinleiki“. Á hinn bóginn er hann í klóm kjarkleysis og tortímingarfýsnar. Þessar innri andstæður valda því að hann nær engum tókum á veruleikanum, hann getur ekki staðfest sig í neinu þrátt fyrir viljann til góðra verka: Friður á jörðu er honum fyrirmunaður:

Alt hvad han drømte om og længtes mod brast for ham, fordi han kun ejede Drømmens og Længselens Evne – men manglede det sejge Mod, den haardhudede Udholdenhed. Alt hvad han fik fat paa blev borte for ham, – Virkeligheden randt som Sand ud imellem hans Fingre – hans Haand var kun skabt til at holde fast paa det uvirkelige. – Han var i Livets Band. (264)

Úlfur er á sína vísu hugsjónamaður og hugur hans hneigist að stjórnámálum. Hann elur jafnvel með sér draum um glæstan feril sem atkvæðamikill leiðtogi. Þessi draumur ristir að vísu ekki djúpt en „Hvis det lykkedes ham, saa havde han dog ikke levet helt forgæves, sagde han til sig selv.“ (40) Vitanlega rennur þessi ósk út í sandinn eins og annað. Hann hafnar þingsæti; hugsjón hans nær aðeins til orða en ekki verka. Í veislunni til heiðurs Teiti gamla Skúlasyni heldur Úlfur hvassyrta tölu yfir boðsgestum, sýnir þeim fram á óheilindi þeirra, sérplægni og gerspiltan hugsunarhátt – og rýkur að því loknu á dyr. Eldjárn skipstjóri sýnir Úlfi fram á að hann sjái aðeins ranghverfuna á öllum hlutum. Hann hefur ekki þrautseigju til að berjast og yfirstíga neikvæðið. Rótfestuleysið er honum óyfirstíganleg hindrun.

Á einum stað er auðnarkennd Úlfs lýst með svofelldum hætti:

Han havde forlængst opgivet at naa det eneste, som syntes ham attraaværdigt, – det eneste, han havde længtes efter med hele sin Sjæl.

Og siden han havde gjort sig klart at det var haabløst at haabe, omsonst at længes, var Livet forekommet ham tomt og øde. (39)

Hvert var það mark sem brást og Úlfi þótti jafngilda lífi sínu og hamingju? Sjálfur telur Úlfur að gæfuleysið eigi rætur að rekja til þess að upp úr slitnaði með honum og Margréti Thorgeir þegar hann hélt til náms í Kaupmannahöfn. Námsárin höfðu verið honum samfelld eyðimerkurganga.

Áfallið í ástamálum ýtti Úlfi af stað niður brattann. Af þeim sökum varð Margrét smámsaman að tákni þess lífs sem Úlfur þráir og ímyndar sér að sé Paradís á jörð; hann á sér minningu um sælustundir og örveika von um að endurheimta þær.

Framvinda sögunnar sýnir að trú Úlfs á mátt ástarinnar er blekking. Ástin er aðeins tálhugmynd, sem hann býr sér, til að lífið verði ekki um of óbærilegt. Bölið verður ekki upprætt því að það er samtvinnað sjálfum lífsforsendum hans.

Ferill Úlfs er framvinda til síaukinnar útleðar. Hann flæmist úr stétt sinni og umhverfi, gerist háseti á fiskiskipi sem heitir því táknræna nafni Vonin og flytur út í Viðey ásamt Margréti sem hann giftist í trássi við vilja fjölskyldu hennar. Um stundarsakir ímyndar hann sér að glæstustu vonir hafi ræst. Hann hyggur að ást og starf séu kjölfestan sem hann hafði verið á hnotskógi eftir. Vinnan grípur hug hans fyrstu dagana á sjónum. Honum finnst lífið þar vera ævintýri líkast. En fljótlega verður honum ljóst að kenndir hans samræmast ekki veruleikanum, að algleymi vinnunnar er í raun argvítugur og leiðigjarn þrældómur, látlaust og vanþakklátt strit.

Lífið hafði gjörbreyst um stund, hlaðist tilgangi, samræmi og fegurð; hvít segl, silfurglitrandi fiskur, sólbrá á sænum. Úlfur hafði upplifað friðinn – *en*:

Ja netop, som et Æventyr! – Lykken -- og Døden . . . Saadan gik det ham altid. (260)

Lokatilraunin til samræmis hefur mistekist. Þetta íþyngir Úlfi því meir sem hann veit að hann hefur brugðist Margréti. Hún er heil í ást sinni og hugur hennar ekki dreifður og festulaus eins og hann.

Dauðinn er úr þessu eini kostur Úlfs. Allar vonir eru brostnar:

Jeg egner mig nu en Gang ikke til at leve. Det er ligesom jeg og Livet er Fjender – og Livet har Overtaget. Alle Vegne skubber det mig ud. Intet Steds har det brug for mig . . . (259)

Úlfur er ekki „lífshæfur“ því að hann skortir „svalann“ sem nauðsynlegur er til að lifa af. Lífið reynist honum yfirsterkara á öllum sviðum; það úthýsir honum fyrir fullt og allt.

– En Úlfi hlotnast þrátt fyrir allt ákveðin uppreisn að lokum. Á dauðastund, eftir að „Vonin“ er strönduð, reynist hann „maður“ til að standa undir örlagabyrði sinni og spyrna á móti broddi dauðans. Þá fyrst auðnast honum að yfirstíga staðfestuleysið, upphefja neikvæðið og finna „eðliskjarnann“ í sjálfum sér:

Og pludselig forekom det ham, at Livet, hans Fjende, stod legemliggjort i Luften ved hans Side – og uden Anstrengelse gjorde alle hans Svingninger med.

– Ja, nu har du da sejret! bed det sig frem imellem hans blodløse Læber.

Men saa snart Ordene var ham ude af Munden, var han igen rede – med en sidste Modstand.

Det var jo ikke rigtigt! tænkte han. – Livet havde sandelig ikke sejret. Det var tværtimod *ham*, der var Sejrherreren! For her hang han, og vidste at det var forbi – og var alligevel ikke Spor af bange for Tilintetgørelsen! . . . ikke Spor!

Det fo'r igennem ham som en Fryd, at han ikke var bange. Endelig! – endelig var Sejren der! /---/ *Endelig* havde hans Væsen vist, at det ejede en uknækkelig Kærne! Han var ikke nogen Pjalt længer! – endelig! (276)

Samtímis kemst hann út úr vítahring sjálfs sín og öðlast skilning á þeim böndum sem tengja mann við mann. Sam-

kennd og samábyrgð taka völdin af kvíða hans um eigin hag:

Fra nu af vidste han næsten ikke mere af sin egen Smerte, – al hans Angst for sig selv var borte. Kvalfulde døsig Tanker blev ved at kredse om de to derinde, Margrét og hans Far, – og paa kort Tid, som Smerten strakte ud til en Evighed, led han hele *deres* Gru igennem. (275)

Síðastur skipshafnarinnar sleppir Úlfur takinu og sveiflast í djúpið.

Viðreisn Úlfs er fólgin í dauðdaga hans. Þá fyrst gerir hann raunverulega „uppreisn“, verður uppréttur maður. – En, nota bene, uppreisnin leiðir hann, eins og aðra útlaga Gunnars Gunnarssonar, til enn meiri útleðar: útpurrkunar. „Sigur“ hans endurspeglar í senn mannlegan möguleika og óbætanlega takmörkun mannlegs lífs.

„Frelsun“ Úlfs er í því fólgin að honum tekst að eyða hræðslunni við lífið og dauðann og taka heilshugar á móti örlagadómi sínum. Vilji hans frelsar hann frá sársaukanum og angistinni. Að vissu leyti minnir þetta á örlög Kirilofs í *Djöflum* Dostóéfskís. Kirilof taldi að sjálfsmorðið væri æðsta birtingarmynd mannlegs vilja. Að dómi hans frelsaði sjálfs-viljinn maðinn frá blekkingu Guðs og gerði hann að *guðmenni*. En forsenda þess var að hann ynni bug á kvíðanum og hefði kjark til að fremja „ástæðulaust“ sjálfsmorð, tæki fram fyrir hendurnar á lögum lífsins. Kirilof og Úlfi svipar saman í því að dauðdaginn er sjálfsstaðfesting og „sigur“ beggja. Þeir sanna gildi sitt, frelsi og reisu, með viljanum til að útrýma því lífi sem hefur dæmt þá í útleð. Það er fyrst á dauðastundinni sem þeir *lifa* í raun en eru ekki *lifaðir*.

Úlfur getur ekki fremur en séra Sturla gert málamiðlun við lífið. Af þeim sökum ferst hann. En í dauðanum öðlast hann vald hins óttalausar og þar með þá lífsfyllingu sem hann hafði þráð. Lokaniðurstaðan af lífshlaupi hans er þannig jákvæð og neikvæð í senn, hún er sigur í ósigri.

Þrátt fyrir bölþrungið vonleysi þessarar skáldsögu örlar á örsmárrí vonarglætu.

III. 5. Úlfur Ljótsson og Stavrógin

Lýsing Úlfs Ljótssonar hefur almennt gildi. Með henni dregur höfundur upp mynd af kjörum nútímafólks sem glatað hefur Guði og misst fótanna í veglausri veröld. Þessi persónulýsing er hliðstæð sjálfslýsingu Judes Fawley í *Jude the Obscure* Hardys:

I was perhaps, after all, a paltry victim to the spirit of mental and social restlessness, that makes so many unhappy in these days.⁷⁹

Vandkvæði Úlfs eru vandamál sem herjað hafa á þessa öld og orðið ótal rithöfundum að yrkisefni. Sundruð sjálfsvitund, stefnulaust líf, trú og sjálfsblekking, eru uppspretta mikilla og margvíslegra bókmenna.

Úlfur á mörg skyldmenni í evrópskum skáldskap alda-skiptanna; Gunnar Gunnarsson fetaði slóð sem fjölfarin var á þeim árum. Margir danskir rithöfundar skrifuðu t. a. m. lífssögur auðnuleysingja sem ber af leið og verða úti í veruleikanum. Nægir að minna á Herman Bang (*Haabløse Slægter*), J. P. Jacobsen (*Niels Lyhne*), Holger Drachmann (*Forskrevet*), Johannes V. Jensen (*Danskere* og *Einar Elkær*) og Henrik Pontoppidan (*Lykke-Per*). Allir fjalla þessir höfundar um svipaðan lífsvanda og Gunnar þótt sumir þeirra leiti sögulegra og þjóðfélagslegra skýringa á tilvistarhögum manneskjunnar. Mannsmynd þeirra er „örninn í þratarhamnum“ sem ekki ræður við líf sitt og verður bráð innri sem ytri sundrungar. Söguhetjur Jensens og Pontoppidans eru sérlega athyglisverðar hliðstæður við Úlf Ljótsson að þessu leyti.

Úlfur sver sig einnig í ætt við hinar klofnu manngerðir Dostóéfskís. Margir og gildir þræðir liggja t. a. m. á milli hans og Stavróginis í *Djöflunum* þótt persónugerð og hugsun

Stavrógin risti að vísu miklu dýpra en Úlfs. Báðir eiga við sálræna skiptingu og magnleysi að stríða og líf beggja er óheilt. Stavrógin er bæði skarpskyggn og sjálfsgagnrýninn, hugdjarfur og áræðinn. Og hann er gæddur meiri sjálfstjórn en Úlfur. En hann er fullur tómleika og lífsleiða vegna „innihaldsleysis“ tilvistarinnar og innri þversagna sem hann getur ekki leyst. Hann lifir:

... knowing that there is no extreme that can ever catch him up in such a way that he may really give himself to anyone or lose himself in anything.⁸⁰

Óheilindi hans og ástríðuleysi valda því að hann er hálfur í öllu sem hann gerir. Ekkert getur hrifið hann til lengdar af því að persónuleikinn er sundraður; engin hugmynd eða tilfinning náð tökum á honum nema um skamma hríð. Líf hans er „hálfvolgt“ – hvorki fugl né fiskur – eins og hann segir sjálfur. Ekki síst á þetta við um kvennamál hans sem eru skammvinn ástríðuköst. Stavrógin getur hvorki elskað né hatað af heilu hjarta.

Þessi einkenni Stavrógin koma einnig fram í lýsingu Úlfs. Þeir virðast vera samkynja túlkanir á sams konar manngerð og aðstæðum. Eftirfarandi sjálfsgreining Stavrógin leiðir skyldleika þeirra einkar vel í ljós:

I've tried my strength everywhere. You advised me to do that so as to learn "to know myself". When I tried it for my own sake and for the sake of self-display, it seemed infinite, as it has before in my life. /.../ But what to apply my strength to – that's what I've never seen and don't see now /.../. I can still wish to do something good, as I always could, and that gives me a feeling of pleasure. But the one and the other feelings are, as before, too petty, and strong they never are. My desires are never strong enough. They cannot guide me. /.../ I tried wild debauchery and wasted my strength in it: but I do not like debauchery and I had no desire for it /.../. Perhaps you dream of giving me so much love and lavishing upon me so much that is beautiful in your beautiful soul that you hope at last to set up some aim for me by it? No – you'd better be more careful: my love will be as petty as I am myself, and you will be unhappy. /.../ from me nothing has come but negation, with no magnanimity and no force. Even negation

has not come from me. Everything has always been petty and lifeless. Kirilof, in his magnanimity, could not compromise with an idea and – shot himself. But I can see that he was so magnanimous because he was insane. I can never lose my reason and I can never believe in an idea to the same extent as he did. I cannot even be interested in an idea to the same extent. I can never, never shoot myself.⁸¹

Þessi miskunnarlausu sjálfslýsing á nánast í öllum atriðum við persónugerð Úlfs. Stavrógin og Úlfur reyna báðir að kryfja sjálfa sig og komast fyrir rætur vandans, en árangurslaust. Sálarlíf þeirra verður ekki skýrt, rökvisin getur ekki haft hemil á röklausum hneigðum sem með þeim búa. Tilfinningar beggja eru dreifðar og þversagnakenndar; og þeir eru ekki heilir í neinu. Í báðum er viljinn til góðra verka borinn ofurliði af lítilmótlegu viljaleysi og frumstæðum girndum; þeir eru „andsetnir“. Úlfur skilgreinir sjálfan sig með nánast sama hætti og Stavrógin hvað þetta varðar:

Hans Vilje og Stræben var omsonst, fordi han deri som i alt andet var for flygtig, for spaltet. Selv hans Længsel vilde aldrig kunne tvætte ham ren, thi kunde den end blusse nok saa stærkt op – den blev dog aldrig en evig-brændende Flamme . . . (161)

Hvorki Stavrógin né Úlfur geta orðið „neitt“, staðfest sig í neinu. Þeir geta ekki einu sinni orðið óþokkar! Báðir segja þeir með sögumanninum í *Notes from Underground*: „. . . I did not know how to become anything: neither spiteful nor kind, neither rascal nor an honest man, neither a hero nor an insect.“⁸² „Neðanjarðarmaðurinn“ er frummynd þeirra beggja.

Stavrógin reynir eins og Úlfur leið stundarástríðunnar. Hann býður siðferði og velsæmi samfélagsins byrginn, og niðurlægir sjálfan sig meðvitað. Að baki býr sjálfseyðingarvilji líkt og hjá Úlfi. Báðum hlotnast óeigingjörn ást kvenmanns sem þeir yfirgefa, hvor á sinn hátt, skelfdir við þá tilhugsun að gölluð skapgerð þeirra leiði ógæfu yfir þær. Hvorki Stavrógin né Úlfur lifa lífinu sem gerendur þess. Þeir eru lifaðir, þ. e. þeir eru þolendur ytri og innri afla sem þeir ráða ekki við. Báðir eru haldnir einhvers konar

sálrænni nauðung sem vit þeirra og vilji mega sín einiskis gagnvart. Dostóefskí lætur að því liggja að orsökkin felist í geðveilu, en það er aðeins óbein tilgáta sem lesanda er í sjálfsvald sett að dæma um. Gunnar Gunnarsson gerir slíkt hið sama, sbr. samræðu séra Ljóts og Geirs Thorgeirs í 14da kafla *Vargs í véum*.

Stavrógin framdi sjálfsmorð þrátt fyrir staðhæfingu sína í bréfinu. Hann gafst upp og lauk ævinni sem niðurbrotinn maður. Úlfur fremur einnig sjálfsmorð – óbeinlínis. En dauði hans er ekki í tákni uppgjafar. Hann lokar dyrum lífsins sem „sigurvegari“; í dauðanum sannar hann gildi sitt sem manneskju og býður hinum blinda Guði lífsins byrginn. En þessi díalektík „sigurs“ og „ósigurs“ dregur þó ekki dul yfir það að lokaályktun *Vargs í véum* er hin sama og í *Ströndinni*.

Sá sem enga trúna hefur hlýtur að farast! Maðurinn verður að velja á milli „herrans“ og „heljar“!

FJÓRÐI KAPÍTULI: SÆLIR ERU EINFALDIR

IV. 1. Upplausn veruleika

Gunnar Gunnarsson sendi frá sér *Sælir eru einfaldir* árið 1920, fjórum árum eftir útkomu *Vargs í véum*. Þessi skáldsaga fjallar um sams konar vandamál og fyrri verkin þótt merkjanleg sé þróun í átt til „jákvæðari“ viðhorfa. Gunnar virðist staddur á krossgötum. Þess gætir einnig í *Drengnum* og *Fóstbræðrum* sem komið höfðu út fáeinum árum áður. Því fer þó fjarri að höfundurinn hafi gert upp við sjálfan sig og heiminn. Peder Hesselaa hittir að mínum dómi naglann á höfuðið þegar hann segir að „Efterkrigstiden med al dens Gru og Opløsning af menneskelige Grundforhold er denne Bogs tragiske Sujet.“⁸³ Gunnar virðist þó hafa lagt að baki skeið yfirþyrmandi vonleysis og bölmóðs, því að skáldsagan færir okkur boð um að lifa – þrátt fyrir allt.

Sælir eru einfaldir fjallar um atburði einnar viku í Reykjavík, líklega árið 1918. Í sögunni ber það upp á sama dag að eldgos hefst austur í sveitum og drepsótt berst til landsins. Samskipa sóttkveikjunni er önnur plága, Páll Einarsson, nýskipaður prófessor í sagnfræði við Háskólann. Innan skamms hafa þúsundir manna orðið fórnarlömb drepsóttarinnar; dauðinn ríður um garð réttláttra sem rangláttra og hjúkrunarlið heyr örvæntingarfulla baráttu dag og nótt en má sín lítils. Grafarklukkurnar hringja látlaust og nályktin mengar bæ og ból. Tilvera bæjarbúa hefur breyst í martröð dauða og eyðileggingar.

En þetta ástand er einungis baksvið hildarleiks sem geisar í sál nokkurra persóna. Miðdepill sögunnar er prófraun Gríms nokkurs Elliðagríms sem er virtur og vinsæll læknir

í bænum. Hann hefur eigindir Frelsarans líkt og Gestur eineygði, séra Sturla og Úlfur Ljótsson. Græðari sem léttr þjáningum af meðbræðrum sínum, krossberi sem ber vesöld náungans á herðum sér. Sagan greinir frá því hvernig sálarþrek og lífstrú þessa manns bresta og hann að lokum missir vitið.

Páll Einarsson ber mikla ábyrgð á hörmulegum afdrifum Gríms, og að verulegu leyti snýst sagan um mannjöfnuð og togstreitu þeirra tveggja. Páll ber viðurnefnið „Kölski“ með réttu. Markvisst og meðvitað vinnur hann að eyðileggingu í forgrunni myrkurs og dauða. Hann er „djöfulskapurinn“ holdi klæddur, táknmynd hins diabólíska í mannlífinu.

Við fyrstu sýn virðist fjandskapur Gríms Elliðagríms og Páls eiga upptök sín í eljaraprætum. Gefið er í skyn að Páll hafi fyrrum lagt hug á Vigdísi, sem síðar varð kona Gríms, og hyggi nú á hefndir. En fjandskapur þeirra á sér dýpri rætur. Hann sprettur fyrst og fremst af ósættanlegum lífsskoðunum; Grímur er fulltrúi trúar, sköpunar og kærleika en Páll er málsvari trúleysis, eyðingar og sjálfshyggju.

Formgerð og táknmál sögunnar hafa viðtæka skírskotun til sköpunarsögu Biblíunnar. Eins og bent hefur verið á er „sköpunarsögunni snúið við, þ. e. nánast snúið upp á andskotann“⁸⁴ í þessu verki. Það greinir frá heimsslitum í lífi eins manns. Á sjö dögum hrynur veröld hans í rúst af völdum ógnvekjandi náttúruhamfara og mannglegrar illsku.

Í sögunni er að finna beinar vísanir sem styrkja þessa táknbyggingu. Að kvöldi sjötta dags hugleiðir sögumaðurinn, Jón Oddsson, þær ógnir sem hafa dunið yfir:

Den sjette Dag, gentog jeg mumlende idet jeg vaklede videre under Byrden af min Angst, min Uro, min Ensomhed og min store uklare Bedrøvelse. – Den sjette Dag . . . Var det ikke paa den sjette Dag, at Gud Herren saa' ud over alt hvad han havde gjort? – Og se, det var saare godt . . . (293)

Víðar er að finna kaldhæðni af þessu tæi. Lokaorð verksins hljóða á þessa leið: „– Og det blev Morgen og det blev

Aften den syvende Dag.“ (332) Vikan er liðin, eyðingar-
öflin hafa fullnað sitt ætlunarverk og geta hafist handa á
nýjan leik.

Við sjóndeildarhring rís eldsúlan, eins og tákn þeirra
ægimagna sem máttvana manneskjurnar eiga við í fyrir-
fram töpuðu stríði. Í lok hvers kafla skírskotar sögumaður
til hennar. Hún er eins konar viðlag þeirra atburða sem eiga
sér stað í mannheimi:

Langt ude i Natten stod stadig den røde Ildsøjle urokket. – Det var
vel blot et naturligt Udslag af min nedtrykte Sindsstemning, at det
faldt mig ind at den stod der som et ondt Varsel, – som en grundløs
Vredes gaadefulde Tegn. (165)

Jarðeldurinn, þessi ófrjóí bruni efnisheimsins, er tákn
grimmúðugar tilveru þar sem mannleg viðleitni má sín
einskis. Hann opinberar mönnum vanmátt þeirra og ó-
mennsku náttúrunnar. Jörðin er eins og skurn sem getur
brostið þá og þegar; hún er ekki „heimili“ manns heldur
framandslóð.

Allur tortímingarmáttur tilverunnar virðist losna úr læð-
ingi með eldgosinu og drepsóttinni. Menn vita ekki lengur
sitt rjúkandi ráð og öll kjölfesta virðist týnd og tröllum
gefin. Öryggisleysið og angistin speglast víða í myndmáli
verksins. Sögumaður lýsir t. a. m. öskufalli fyrsta gosdags-
ins á svofelldan hátt:

Først sluknede Solskinnet. Saa var det som om Lyset langsomt sivede
ud af Stuen. Det skumrede . . . Men det var ingen almindelig, ingen
naturlig Skumring. /---/ For det føltes som om det svindende Lys
sugede Stoffet af Tingene og kun efterlod en graa, farveløs, næsten
ulegemlig Form, der kunde smuldre for det mindste Pust. Jeg fik mere
og mere en kvælende Fornemmelse af at jeg sad som en Skygge blandt
Skygger. (42–43)

Jón Oddsson skynjar tilvistina sem ískalt og efnislaust
tóm. Tilveran missir manneskjulega merkingu sína og
breytist í formleysu sem getur umturnast á andartaki án
þess að maðurinn fái rönd við reist. Allt er orðið óraun-
verulegt og óvísst.

Við þessar aðstæður eru menn sviptir öllu jafnvægi, framandleikinn og öryggisleysið grípa þá heljartökum. Aðstaða þeirra er enn erfiðari fyrir þá sök að upplausnin nær einnig til sálarlífsins sem virðist undirorpið tilviljunarkenndum og óræðum öflum. Hún getur sundrast hvenær sem er eins og jarðskorpan. Á þetta bendir danski gagnrýnandinn Hans Brix í ritdómi um skáldsöguna í *Illustreret Tidende* 10. okt. 1920:

Blot Presset paa vore Hjerneseller forøges en Smule, eller det gaar uforholdsmæssigt Slid paa vor aandelige Styrke. saa kastes vi ud i en Rædsel, der er langt større end Døden.

Í raunveruleikanum þrumir maðurinn á heljarþröm, tilvera hans og sálarstyrkur hanga á bláþræði.

Sögupersónur í *Sælir eru einfaldir* lifa með eldinn á aðra hönd og drepsóttina á hina. Gjöreýðingin sýnir vígtennur sínar á áþreifanlegan hátt. Við síbylju grafarklukkna heyja þær dauðastríð sitt, nauðugar viljugar verða þær að ryðja lífi sínu braut í skugga yfirvofandi tortímingar – lifa sem dauðlegar verur. Gunnar Gunnarsson lýsir í bók sinni jaðaraðstæðum þar sem mannum er nauðugur einn kostur að lifa andspænis dauðanum.

Við þessar aðstæður vakna spurningar um hin hinstu rök. Er tilveran miskunnarlaus „leikur“ duttlungafullra goðmagna? Er lífið ekkert „líf“? Er mannveran einungis efni sem blossom og slokknar í sömu andrá án markmiðs og tilgangs? Hinn sýnilegi veruleiki opinberar takmörkun, svipulleika og merkingarleysi. Gegn honum stefna persónurnar hugsjón sinni um takmarkaleysi, eilíft líf og æðri merkingu. Þær reyna að eyða fátækleikanum og guðgjöra heiminn við fádæma erfiðar aðstæður.

Sælir eru einfaldir er eitt af formföstustu verkum Gunnars Gunnarssonar. Að sumu leyti minnir gerð sögunnar á stranga formfestu hins gríska harmleiks en ef að er gáð sést að skyldleikinn ristir ekki djúpt. Hin tragísku átök í sögu Gunnars leysast ekki þrátt fyrir hringlaga formgerð

hennar. Formfestan megnar ekki að upphefja öngþveitið og eyðileggingaröflin. Samræmisleysi og óvissa eru veruleiki persóna að leiðarlokum. Hið neikvæða er ekki hafið í veldi allsherjarlög máls og reglu eins og í harmleiknum gríska.

IV. 2. Það rís úr djúpinu

Í *Vargi í véum* segir Úlfur Ljótsson: „Lykken beroede vel til syvende og sidst ikke paa andet end at have Magt over sine Handler – og over sine Tanker.“⁸⁵ Hér skýrir Úlfur eina meginorsök tragískrar lífskenndar. Samræmisleysið í mannlegri vitund gerir andlegt jafnvægi og varanlega hamingju að fjarlægum möguleika.

Í *Sælir eru einfaldir* er sálræn þýðing klofningsins könnuð. Það eru ekki einungis eldgos og drepsótt, ofþreyta og mannleg illska sem hrinda Grími Elliðagrími í hyldýpið. Röklaus öfl innra með honum sjálfum eiga ekki minnstan hlut að máli.

Að dómi vina er öryggi Gríms óbifanlegt. En sjálfur gerir hann sér grein fyrir að þverstæð öfl togast á í djúpum mannsálarinnar, óstjórnleg öfl sem brotið geta af sér viðjar skynsemi og vilja. Þessir duldu og óútreiknanlegu kraftar gera viðleitni til „andlegs jafnvægis“ vonlitla. Misræmið og rökleysan eru kannski hinsti veruleiki vitundarinnar þegar allt kemur til alls:

Har du lagt Mærke til hvilke Puds Underbevidstheden kan spille os? Vi har for Eksempel dannet os en Mening om en Ting eller et Menneske – Tingen kan være os ganske ligegyldig eller af stor Vigtighed, det kommer ud paa ét. /---/ Og saa pludselig en Dag viser den sig at være bleven os ganske fremmed – og erstattet af en helt ny og ofte ganske modsat Mening! Tingen behøver ikke at have forandret sig. Der er tilsyneladende ikke sket noget. Men ikke desmindre har skjulte Kræfter arbejdet i vort Indre, – Kræfter, der forsmaar Brugen af vor bevidste Tænkeevne. I vort Sind er der sket Ting, som vi ikke aner det mindste om, før pludselig et Udbrud – maaske fremkaldt af en ren Tilfældighed – lægger vort Indre blot og bringer os til Erkendelse og Eftertanke. – Vi Mennesker er nogle skrøbelige Væsner /.../. (40–41)

Þessi hugleiðing Gríms sannast ápreifanlega í rás sögunnar. Hann missir smám saman vald á sjálfráðu hugarstarfi sínu og dulin mögn taka af honum ráðin. Vitundarlífið reynist sama óstjórnlega rökleysan og allt annað. Er varanlegt jafnvægi nokkuð annað en draumsjón við þessar aðstæður? Á vitundarveran kost á andlegri ró þegar hún lifir á svo ótraustum grunni?

IV. 3. Ástin og eilífiðin

Í hugarheimi Gríms Elliðagríms býr þversögn sem skapar honum tragísk örlög. Í orði kveðnu viðurkennir hann mannlega takmörkun og lokar ekki augum fyrir nöktum staðreyndum lífsins. Engu að síður getur hann ekki sætt sig við að lífið sé takmörkunum háð. Grímur afneitar ekki rökvitinu eins og séra Sturla en það gefur honum ekki ástæðu til að lifa. Ósamkvæmnin í sálarlífi læknisins – togstreitan á milli vits og vilja – er Akkillesarhæll hans.

Grímur viðurkennir sem fyrr segir að mannleg þekking sé takmörkuð og að nauðsyn beri til að virða landamærin:

Jeg gaar med til at vi standser ved Grænsen af vor Erkendelse og indrømmer at vi ingenting véd. Det er ærlig Mands Færd. Men gaar vi videre og udtaler en paa Antagelser, Anelser eller Tro bygget Mening – enten den saa har Karakteren af en Dom eller en Lovsang – saa er vi ude i Hovmod og Forfængelighed – paa en anden Maade! Den Slags Udtalelser kan i visse Tilfælde have digterisk Værd – intet derudover. (28–29)

Trúin er m. ö. o. skáldskapur, köngullóarvefur. Maðurinn getur ekki dæmt um það sem hann þekkir ekki. Hugmyndir Gríms eru að þessu leyti skyldar kenningum Alberts Camus. Báðir hafna gervi-þekkingu og átrúnaði sem stefnir út fyrir landamæri mannlegs skilnings. Það sem er utan mannlegs reynsluheims verður ekki ákvarðað, þ. á m. tilvera Guðs. Maðurinn verður að vita og virða takmörk þekkingar sinnar til að villast ekki í andlegri þöku og sjálfsblekkingu. Ein-

ungis með því móti getur hann nýtt lífsmöguleika sína til fulls:

/---/ jeg har – hvad du synes at savne – et Instinkt, som holder mig fra saavel absolut at fornægte som absolut at bejæe noget, som jeg er ude af Stand til at erkende. Dette Instinkt er for mig som en Slags aandelig Rygrad. Og jeg har en bestemt Følelse af, at saalænge jeg ikke øver Vold imod *det*, saalænge *lever* jeg – aandeligt talt. Eller maaske rettere: Saalænge staar alle Livsmuligheder mig aabne. (55)

Sá trúir sem jatar eða neitar eindregið því sem skilningi hans er ofviða. Hann tortímir valkostum sem honum standa til boða, gerir sjálfan sig fátækari en efni standa til. Hann er lifandi lík í andlegum skilningi.

Þessar hugrenningar Gríms sýna að hann er lengra kominn en séra Sturla í *Ströndinni*. Forsendurnar sem hann leggur hugsunarhætti sínum til grundvallar eru sem reistar á reynslu prestsins.

Aðstæður mannsins eru slíkar að hann getur hvorki jatað né neitað, trúað né trúað ekki. Er hægt að lifa við slík skilyrði? Grími er það um megn og þegar á reynir þolir hann ekki – fremur en séra Sturla og Úlfur Ljótsson – að lifa í því samræmisleysi sem hann í orði kveðnu viðurkennir að er háttur mannlegs lífs. Skynsemi hans getur ekki haft hemil á þörfinni fyrir andlegt akkeri og leiðarvísi. Dauði Guðs krefst styrks sem hann á ekki til. Örlög Gríms má túlka í ljósi þess að hann er sjálfum sér ósamkvæmur. Vitsmunaleg sannfæring hans stenst fáránleikanum ekki snúning, því eins og hann viðurkennir með sjálfum sér getur hann ekki lifað án draums. Í samræðu við Jón Oddsson segir hann:

/.../ for os er Aandens Omraade endnu *det mørke Fastland!* Vi kender det saa godt som kun af Navn – trods vore Strejftog dertil, maa det endnu kaldes uudforsket. Men vi kan ikke benægte dets Eksistens! (28)

Þetta raunsæislega viðhorf stendur ekki djúpum rótum. Hið „myrka meginland“ verður að „ljóssins ríki“ í huga

Gríms, veruleika sem gefur lífinu gildi. Líkt og guðstrúar-
maðurinn fremur hann andlega kviðristu á sjálfum sér.

Hugsjónahyggja Gríms er byggð á því að *efnisveröldin* og *hugarheimurinn* séu af gjörólikum toga. Hann getur ekki sætt sig við að lífið sé efnisleg hringrás og telur sér því trú um ódauðleika mannsálarinnar. Andspænis *and-anum* bliknar fallvaltleikinn að hans dómi. Afneiti maður honum, afneitar hann sjálfum sér og deyr. Grímur aðhyllist þannig svipaða sjálfsblekkingu og séra Sturla: andinn og Guð gegna hliðstæðu hlutverki í lífi þeirra.

Grímur Elliðagrímur er innst inni trúmaður – „einfeldningur“. – Krafa hans um trúnað við skynsemina nær skammt þegar hann upplifir myrkrið í heiminum, tilviljunina og þjáninguna. Hann getur ekki lifað í slíkri veröld fremur en séra Sturla. Eitthvað „annað“ verður að vera til! Og vonin er öskotsstund að breytast í brotjarnan sannleik.

Grímur er upplýstur efasemdarmaður sem trúir ekki á þríeinan Guð. Hann getur ekki afneitað dómgreind sinni með því að gefa sig röklausri ástríðu á vald eins og t. a. m. spíritistinn Björn Sigurðsson:

Det, som ophøjer *dem*, og gør dem misundelsesværdige og paa en Maade store, vilde nedværdige os og gøre os smaa og usle. Hvis vi vilde forsøge at tage Livet paa samme Maade som de, vilde vi bære os ad som en blind Mand der var bleven kureret for sin Blindhed, men som lukkede Øjnene og vedblev at holde dem lukkede, for ikke at se det klare, det skærende Lys . . . (182)

„Einfeldningarnir“ eru öfundsverðir vegna þess jafnvægis sem trúin veitir þeim. En leið þeirra er ekki vegur manna eins og Gríms, sem dæmdir eru til sálarstríðs, angistar og efasenda. Þeir geta ekki lokað augunum fyrir staðreyndum og svarið gegn betri vitund að niðamyrcur sé sólarbros.

Vonin um andlegan varanleika gerir lífið bærilegt í augum Gríms. Án hennar væri tilveran ekkert annað en hringiða miskunnarleysis og grimmdar. Grímur er sannkallaður tvíhyggjumaður: „For en Drøm har da ogsaa sin Eksistens – sin Virkelighed!“ (54) Andinn er hóbýli eilífðar og ómerkir

fallvaltleikann sem allt *virðist* vera undirorpið. Tortíming hinnar stundlegu jarðvistar sannar ekkert:

Man kan ingen gyldig Slutning drage af Legemets Undergang. Og ved et Dødsleje er det jo kun det man ser – hverken andet eller mere. Og *selv* om Sjælen ikke skulde fortsætte nogen personlig Tilværelse efter Døden, indser jeg ikke at det kan gøre nogen Forskel – hvis man tror paa de kommende Slægter, – tror paa at den guddommelige Gnist i Mennesket, Menneskets ideelle Stræben, i *sig selv* er uforgængelig. (160)

Ef til vill er það aðeins „dýrið“ í okkur sem eyðist í dauða-andránni.

Eilífðarhugmynd Gríms er samofin óljósri framþróunar-trú. Allt líf er gætt tilgangi að hans dómi. Séra Sturla trúði því að Guð stefndi með allt líf til ljóss og dýrðar. Grímur treystir því að lífið eigi sér vitrænar forsendur og stefni fram á við, að tilveran sé óendanleg þróun jafnt frá sjónarhóli einstaklings sem mannkyns. Hann trúir á *guðdóms-neistann* í mannsálinni, ódauðlega hugsjónaþrá mannkynsins. Trúarbrögðin eru gölluð segir hann, en þau vitna þó um þrá til hins háleita og göfuga! Þessi trú á lífið og manninn er lífsakkeri hans:

Ingen Skabning der fødes undgaar Livets Martyrium, Dødens Ildprøve. Det er et meget stort Ansvar at paatage sig, at sætte nyt Liv i Verden. Man maa tro for at kunne gøre det – tro paa Livet, tro paa at der er en Mening med Tilværelsen. (162)

Maðurinn verður að eiga sér draum um tilgang og fullkonnun til að tilgangsleysið bugi hann ekki; án æðri merkningar ekkert líf!

Lífsskoðun Gríms er reist á grunni sem er fallvaltari en foksandur – því að óskinn gerir ekki manninn eilífan. Veröldin hlýðnast ekki boðum mannlegra tilfinninga. Grímur byggir lífsskoðun sína á þekkingarleysinu sem slíku; haldreipi hans er ekki „meginlandið“ heldur „myrkrið“ sem yfir því hvílir. Hann gerir hið æskilega og óþekkt að undirstöðu lífsviðhorfa sinna.

Óljósar hugmyndir Gríms um „andann“ líkamnast í sam-

bandi hans við Vigdís. Vigdís er undirstaða allra hans drauma – því að *ástin* er honum jarðvegur alls annars.

Grímur hefur háspekilega afstöðu til ástarinnar. Hún er annað og meira en kærleiksrík samvera og samúð; hún staðfestir æðri tilgang og ódauðleika:

Og inderst inde er det min urokkelige Overbevisning, at det ikke alene er en aandelig Tiltrækning der danner Grundlaget for Vigdís' og min Kærlighed, men at vi simpelthen *altid* har skullet mødes og *aldrig* skal skilles! Den Styrke der betinger, at vi overhovedet ikke kunde tænkes at svigte hinanden i Sind eller Ord – end ikke i vore allerskjulteste Instinkter –, den Styrke maa dog være udslaget af en *mer* end menneskelig Magt, ikke sandt? /---/ Den Tillid til hinanden vi hver især lever paa, er – ja lad mig sige det, siden det falder mig paa Tungen – er stærkere end Døden . . . Altsaa stærkere end alt hvad der kan forgaa. (163)

Ástin er með öðrum orðum leið til að sigrast á broddi dauðans. Í raun kemur Vigdís í stað himnasjólans sem séra Sturla tignaði en Grímur getur ekki trúað á. Hún er „sönn-unin“ sem hann reiðir sig á, lyfið sem læknað hann af þrálátum efasemdaköstum.

Trúnaðurinn og traustið sem þau Vigdís bera í brjósti hvort til annars er líftaugin. Takmarkaleysi þeirra gerir Grími kleift að una þeirri takmörkun sem virðist einkenna lífið:

Thi saalænge der bare findes ét eneste Menneske man kan fæste fuld Lid til, – saalænge man blot kender ét Sind der lader éns Tvivl og Væg-ringer forsvinde som Dugg for Solen, – saalænge der er én man ubetinget kan stole paa – ubetinget kan tro paa, – *tro* paa, Páll Einarsson! – saalænge har man ikke Gnist af Ret til at tvivle om at der er aaben Vej fremover, – og at der dog og trods alt kan være en fornuftig Mening i Tilværelsen. (258–259)

Í smásögunni *Ekkjumaður* (Enkemand), sem Gunnar samdi árið 1917, má sjá drög þeirra hugmynda sem hér hafa verið reifaðar. Í sögunni eru raktar huggleiðingar manns um látna konu sína. Á milli þeirra hafði verið skilyrðislaus trúnaður, heilindin verið *alger* og mismunur á *minu* og

þínu ekki verið til. Þau höfðu verið sem einn andi og eitt hold:

Der var som et hemmeligt Forbund imellem dem. Forklaringer behøvedes aldrig – dertil forstod de hinanden for godt. Hvad andre Mennesker brugte lange Samtaler til, kunde de meddele hinanden gennem et enkelt lille Ord.⁸⁶

Þetta „leyndarsamband“ afdráttarlausrar samkenndar var sá lífsins brunnur sem maðurinn sótti alla hamingju sína í. Bros *hennar* var honum uppspretta tilgangs og fullnægju: – í sit Smil gav hun sig selv helt og fuldt. Det var ufatteligt, at et Menneske *kunde* smile saaledes. Saa rigt – og givende – og forstaaende. – saa uskyldigt alvidende og alttilgivende.⁸⁷

Bros *hennar* var heilagt í dýrlegu sakleysi sínu, aflbrunnur lífstrúar og gæfu:

Det Smil havde gjort hende til noget af en Guddom for ham – han som ingen anden Guddom ejede, – i sin Angst for at fornede sin Sjæl. ingen anden Guddom *turde* eje.⁸⁸

Og ekkjumaðurinn spyr hvernig manneskja sem á óendanleikann innra með sér geti dáíð.

Þessi trú á guðdómleika manneskjunnar og *fullkom*ð trúnaðarsamband í millum manna kemur víða fram í ritum Gunnars á árunum fyrir 1920. Helga í *Ströndinni* og Margrét í *Vargi í véum* búa til dæmis báðar yfir ofurmannlegum þrótti sem samslunginn er takmarkalausri góðfýsi. Fórnin og kærleikurinn eiga að vera þeirra innsta eðli. Gunnar Gunnarsson festi von sína við slíkar manneskjur; tilvera þeirra kom í veg fyrir algera upplausn og örvæntingu. Guðdómsneistinn í manneskjunni var hið eina sem gat sætt hann við lífið, því að allir aðrir guðir höfðu brugðist – og án guðs yrði ekki lifað!

Í *Ekkjumanni* er mennskum guðdómi stefnt gegn hinni líffræðilegu nauðsyn sem allt líf virðist lúta. Niðurstaða sögunnar er fólgin í sigri lífs og kærleika *þrátt fyrir* tortíminguna. Ástkonan – kvenengillinn – deyr en bros *hennar* og andi lifa áfram í sál mannsins:

Nu var det der igen – straaledde i hans Erindring: *hendes* Smil! /---/ Saa levede altsaa hendes Smil, levede og var ham nær, – skønt hun selv var borte. Men saa var der jo en Mulighed – en Mulighed for at leve videre.⁸⁹

Takmörkun holdlegrar tilveru megnar ekki að eyða hinum ódauðlega kjarna. Sá sem býr yfir óendanleikanum innra með sér deyr ekki. Ekkjumaðurinn stenst prófraunina: lífs-trú hans lifir.

Hugmyndaheimur *Ekkjumanns* er af rómantískum toga þegar allt kemur til alls. En svipuð viðhorf einkenna einnig verk ýmissa íslenskra raunsæishöfunda fyrir tíð Gunnars. Smásagan *Tilhugalíf* eftir Guðmund Friðjónsson er til að mynda fjarska áþekk *Ekkjumanni*, þótt prófraunina vanti í hana. Í sögunni leggur höfundur bóndanum fársjúka eftirfarandi orð í munn:

Ég elska ljósið í manssálinni. Í því er trú mín fólgin. Þar hef ég fundið guðdómsneistann. Ég elska kærleikseðlið eins og það er fegurst til og göfugast.⁹⁰

Þetta „eðli“ er að dómi bóndans guðsættar, eilíft og himneskt. Eiginkona bóndans hafði opnað honum þessa tilverusýn. Hún er honum eitt og allt, ástúðin sjálf og sjálfsfórmin:

Og þegar ég sé inn í augu Guðrúnar minnar, leiftrandi af ástúð og löngun til að fórna sér fyrir mig, þá sé ég guð um leið og trúi því að hann sé til.⁹¹

Hann trúir á anda konu sinnar; hún staðfestir kærleikann sem ræður yfir lífinu, fléttar saman lífstrúna og eilífðarvonina.

Sælir eru einfaldir sýnir skipbrot þessarar trúar á manninn. Hinn mennski guðdómur reynist „hjáguð“ og mannsandinn takmörkunum háður eins og annað. Samt sem áður leggur Gunnar ekki kærleika og fórn fyrir róða; þau eru e. t. v. ekki „vegurinn til guðs“ en leið engu að síður.

IV. 4. Lífshæfni og valdabarátta

Páll Einarsson er neikvæður gagnvart lífinu og væntir einskis af því. Styrkleiki hans er í því fólgin að hann er sjálfum sér samkvæmur og reynir ekki að skjóta sér undan afleiðingum skoðana sinna. Hann gerir sér grein fyrir að útleiðing manneskjunnar er óbætanleg og allar vonir út í hött. Þessi skilningur gerir hann miskunnarlausan gagnvart „einfeldningunum“ sem hvíla í náðarfaðmi sjálfsblekkingar og falsks öryggis. Á einum stað lýsir hann lífsskoðun sinni á svofelldan hátt:

– Ser du, sagde han, – man kan indrette sig forskelligt her i Verden. Man kan indrette sig negativt – om jeg saa maa sige. Saa er man paa den sikre Side, og har den store Fordel aldrig at blive skuffet. (82)

Sá sem er „jákvæður“ verður fyrr eða síðar fyrir vonbrigðum. Við sjáum síðar að þessi kenning kemur Páli í koll. Hún leiðir hann á braut siðferðilegs nihilisma sem gengur í berhögg við þarfir lífsins.

Páll telur að maðurinn eigi að takast á við lífið í fánýti þess og ódæma hverfuleik en leita ekki skjóls í skýjaborgum. Að hans dómi er takmörkunin grundvallarástand mannlegrar tilveru og allt líf vígt dauðanum. Eilífðardraumurinn er ekki annað en sjálfsblekking lítilsigldra manna. Í samtali við Grím Elliðagrím skýrir hann upptök þessa draums á athyglisverðan hátt:

I Menneskehedens Barndom, den Gang de befolkede de døde Ting ud af deres egen barnlig-barokke Fantasi, skænkede de sig selv en uødelig Aand – for ikke at staa tilskamme! De gjorde det ud fra den Trang til at *befolke*, der gaar igennem hele Menneskeslægten, – en Trang der synligt og haandgribeligt giver sig Udslag i den rent legemlige Formerelse – der sandsynligvis danner den hemmelige Basis for disse Fantasier, – samt udfra den Angst der synes uadskillelig fra denne Trang – Angsten for at møde den Udslættelse, der danner Slutningsparagrafen i Livets Lov, – Angsten for at erkende sin selvfølgelige og naturlige Begrænsning, – Angsten for det Tomrum vi i mægtig og os selv ufattelig Visdom har døbt Evigheden! (154)

Eilífðarhugmyndin sprettur m. ö. o. annars vegar af fjölgunarhvötinni og lífsviljanum. Menn vilja lifa endalaust, með einhverjum hætti, og óskhyggjan blæs þeim eilífðinni í brjóst. Hins vegar býr óttinn við tortíminguna að baki, skelfingin frammi fyrir tóminu.

Samkvæmur fánýtishyggju sinni hafnar Páll einnig framþróunarhugmyndinni. Maðurinn hefur aldrei komist af stigi frumstæðra eðlishvata, þótt hann telji sér trú um það. Undir faguðu yfirborði er maðurinn enn siðlaust villidýr, háður frumstæðustu hneigðum og girndum, s. s. ránhneigð, blóðþorsta og tortímingarfýsn. Þessar eigindir skjóta alltaf upp kollinum þrátt fyrir yfirbreiðslu menningarinnar því að þær eru hjarta og nýru mannverunnar.

Páll Einarsson fylgir huggunarlausri lífsskoðun sinni út í æsar að því leyti að hann hafnar öllum gildum og siðaboðum og reynir að lifa „tilgangslausu“ lífi. Ef Guð er ekki til þá er allt leyfilegt! Ef engin eilífðarverðmæti eru til þá falla siðaboðin um sjálf sig. Manninum er heimilt að láta hart mæta hörðu og skara eld að eigin köku án tillits til annarra en sjálfs sín.

Den som i sit Hjerte er overbevist om at det hele kun er en eneste stor Vilkaarlighed og Meningsløshed, er selvfølgelig berettiget til at sætte haardt imod haardt, tage Handsken op, og give sin egen Tilværelse den eneste – omend relative – Mening han kan øjne: at mele sin egen Kage. Spørgsmaalet bliver saa blot om det er én nok, – om det tilfredsstillter én . . . (255)

Í augum Páls er lífið miskunnarlaus barátta manns við mann um svigrúm og tilverurétt. Í þeim hildarleik koma siðgæðishugsjónir ekki við sögu: *gott* og *illt* eru einungis haldreipi hinna veiku og huglausu. Eini mælikvarði lífsins er að hans dómi *málband lífshæfninnar*:

Livet stiller os kun det ene – vi kan godt sige iskolde – Spørgsmaal: Kan du klare dig? Det siger ikke: Ned med dig – du er ond! – eller: Du er saa god – her er min Haand! Det spørger blot, ligegyldigt og uinteresseret: Kan du klare dig i Kampen? (51)

Hugtökin „sterkur“ og „veikur“ eru hentugri til að skýra lífsbaráttuna en „góður“ og „illur“ því að siðgæðið er sprottið af tilfinningum og hugtökum sem náttúran á ekki til og viðurkennir ekki. Í lífinu getur manneskjan því aðeins „sigrað“ að hún sé fær um að axla óhjákvæmilegar byrðar og kikna ekki í stríðinu fyrir tilveru sinni. Sigurinn er í því fölginn að láta ekki bugast af kjörum mannlegs lífs. Sá sem fer með sigur af hólmi er sterkastur og um leið bestur „saa- vist som et levende Legeme altid var bedre end et Aadsel.“ (51)

Þetta er undirstaðan sem lífsstefna Páls er reist á. Rétt- læting hans er fölginn í þeim hugmyndum sem hann gerir sér um eigindir manns og tilveru.

Páll kennir að lífið sé miskunnarlaus barátta manns við mann. Gunnar Gunnarsson er ekki fyrstur íslenskra rithöf- unda til að orða slíkar hugmyndir. Uppistaðan í smásögu Einars Benediktssonar, *Valskreiðrið*, er einmitt hugmynd af svipuðu tæi. Sagan greinir frá ástarsambandi unglinga sem vakna til vitundar um „eðli“ lífsins og slíta samvistum í framhaldi af því:

Meðan við lékum okkur, var allt eins og það átti að vera; í leikjun- um eru aðeins dregnar upp myndir af alvörunni, og vér höfum oft jafnt gaman af því að vinna og tapa þar, sigra og sigrast. En þegar leikjunum er lokið kemur allur annar svipur yfir sækjendur og verj- endur í þessum kappleik, sem kallaður er líf.⁹²

Veruleikinn er eilíf valdabarátta í millum manna þar sem sá viljasterkasti sigrar:

Í leikjunum, eins og lífinu sjálfu, kemur það fram, að tvennir viljar geta aldrei orðið að einum eða sama vilja. Tveir eða fleiri geta, að því sem ráðið verður af því yta, fallt á eitt mál. En í raun réttir er það þá ætíð svo, að annað lýtur yfirráðum hins.⁹³

Hver og einn reynir að beygja náungann undir vilja sinn; það er lögmál mannlegra samskipta. Alger heilindi á jafn- réttisgrundvelli eru óvinnandi vegur. Gunnar Gunnarsson hefur aðrar forsendur en Einar Benediktsson, en í raun er

niðurstaða *Sælar eru einfaldir* keimlík meginhugmynd *Vals-hræðursins*.

Hugmyndir Páls um siðleysi lífsbaráttunnar eiga rætur að rekja til kenninga sem voru ofarlega á baugi í menningarheimi Vesturlanda á fyrstu áratugum þessarar aldar. Mörg hugtök úr heimspeki Nietzsches voru þá í tísku, en oftast nær slitin úr upphaflegu samhengi sínu. Nietzsche-sinnar reistu gjarna boðskap sinn á vígordum eins og „ofurmenni“, „þrælasíðferði“ og „drottnarasiðferði“, „handan góðs og ills“ og „allt er leyfilegt“.⁹⁴ Ósjaldan blönduðust áhrifin frá Nietzsche útþynntum darwinisma sem menn á borð við Ernst Häckel boðuðu. Það er ekki úr vegi að íhuga lítið eitt ítök þessa hugmyndastraums í persónusköpun Páls Einarssonar.

Að dómi Páls eru algild siðaboð mannlegar hugsmiðar einar; „skylda“ og „kærleikur“ orð út í bláinn: „Lad os være Mænd og slette saadanne forældede Gloser som *god* og *ond* af Sproget / . . . / (51) Hér má greina anda þess siðleysisboðskapar sem fylgdi Nietzschehyggjunni. Nietzsche sýndi fram á í verkum sínum að frumspeki og trúarbrögð ættu sér mannlegar forsendur og að siðalögmálin væru afstað. Siðferði, hugsjónir og tilfinningar mörkuðust af sögulegum kringumstæðum, væru afsprengi hefðar og félagslegra hagsmuna. Hugtök góðs og ills væru búin til og fyllt merkingu af ríkjandi stéttum hvers tíma; í þeim fælist ekkert algilt eða almannlegt. Milli góðra verka og slæmra væri því enginn eðlismunur. „Samviskan“ og „siðsemin“ væru afsprengi úrættaðrar þræslundar.

„Frjáls“ manneskja er ætíð ill, sagði Nietzsche, af því að hún byggir á eigin forsendum en ekki siðvenjum. Hún er löggjafi sjálftrar sín.

Páll Einarsson sækir meginrök sín fyrir merkingarleysi siðaboðanna í ákveðna hugmynd um manneðlið. Manneskjan er að hans dómi villidýr og menningin hjúpur ofbeldis-hneigðar og valdagræðgi. Skoða má þessa hugmynd sem einföldun á kenningum Nietzsches sem hélt því fram

að skynsemin og rökhyggjan væru verkfæri hvatanna er ættu rætur handan góðs og ills. Hvatirnar væru frumkraftur alls því að þær væru lífið sjálft. Stærsti hlutinn af vitundarstarfi okkar er dulvitaður, sagði Nietzsche. Hin meðvitaða hugsun er einungis skýring eftir á. Sterkir menn dylja þetta ekki og segja hiklaust: Ég vil! Hvötin réttlætist af sjálfri sér. Þrátt fyrir þessar hugmyndir setti Nietzsche manninn ekki einfaldlega á bekk með dýrum eins og Páll Einarsson gerir. Hann gerði ráð fyrir sérstakri „þekkingarhvöt“ og „fagurfræðilegri hvöt“ hjá mannum.

Páll staðhæfir eitt sinn að atburðarás liðinna ára, og á þá líklega við heimsstyrjöldina 1914–18, staðfesti skoðun hans á því að manneskjan sé blóðþyrst skepna í eðli sínu. Hér má finna þráð yfir í Nietzsche sem hélt því fram að stríð hefðu bæði sínar ljósu og dökku hliðar. Manneskjan þyrfti stundum að fá útrás fyrir illsku sína, þjáningu og spennu. Menningin þarfnaðist tímabundinnar útrásar í villimennsku. Þessi þráður er samt harla veikur og augljóst mál að hugmyndir Nietzsches sem slíkar eru ekki afgerandi í persónugerð Páls.

Páll dregur þann lærdóm af kenningu sinni um manneðlið að málband lífshæfninnar skeri úr um örlög mannskepunnar. Þessi kenning er leidd af tilraunum ýmissa spekinga til að mynda siðakerfi á líffræðilegum grunni.⁹⁵ Margir álitu á sínum tíma að það væri rökrétt framhald á þróunarkenningu Darwins. Samkvæmt hugmyndum Häckels og félaga leiddu „náttúruvalið“ og „lífsbaráttan“ til sigurs hins sterkasta og lífshæfasta. „The survival of the fittest“ gilti að þeirra dómi ekki aðeins í náttúrunni heldur og í mannfélaginu. Mannshugsjón þeirra var eðlilega hinn ruddafengni maður sem einskis svífst í sókn sinni til valda. Málsvarar þessa „félagslega darwinisma“ sóttu gjarna röksemdir í rangtúlkanir á ofurmennishugmyndum Nietzsches. Eins og margoft hefur verið bent á er ákveðið samhengi á milli þessarar kenningar og framvaxtar kapítalismans. Nýlenduherrarnir reyndu að réttlæta yfiringang sinn með því

að benda á lærdóm náttúruvísindanna. Sjá: Vér erum lífs-hæfastir og höfum því rétt til að ráðskast með líf yðar og limi. Vér erum konungar af náttúrunnar náð! Þessi hrotta-fengna siðfræði liggur lífskoðunum Páls að miklu leyti til grundvallar.

IV. 5. Bölvun dómgreindarinnar

Sem fyrr segir hafa gosið og drepsóttin mikilvægu hlut-verki að gegna í *Sælir eru einfaldir*. Þessar plágur rjúfa daglegan straum lífsins og neyða fólk til örvæntingarfullrar baráttu á jaðarsvæðum mannglegrar reynslu. En meginefni sögunnar er ekki stríðið við þennan ófögnuð heldur andleg burtreið Páls Einarssonar og Gríms Elliðagríms.

Grímur lýsir andstæðu þeirra Páls svo:

Min Grundbetragtning er i og for sig ikke saa væsensforskellig fra din, – Modsætningerne træder egentlig først frem i de Slutninger vi drager. (254)

Báðir upplifa guðlausan heim, fánýti og dauða. Hins vegar draga þeir gjörólíkar ályktanir af þessum aðstæðum. Grímur leggur akkeri sínu í ídealískri lífstrú; ástin og fórnin verða leiðarljós hans í myrkri veröld. Páll kastar á hinn bóginn fyrir borð öllum tilgangi. Samkennd og samábyrgðartilfinning, kærleikur og von eru andlegar kveisur að hans dómi.

Páll fer með sigur af hólmi yfir Grími m. a. af því að hann er sjálfum sér samkvæmari. Lífið sjálft er „líftaug“ hans en ekki vafasöm hugsýn. Aftur á móti fer hann út fyrir leyfileg takmörk í afneitun sinni eins og síðar verður vikið að.

Maður getur ekki játað og neitað í senn, segir hann eitt sinn við Grím: „. . . En Mand maa jo enten være Fugl eller Fisk, Grímur Elliðagrímur!“ (257)

Það er ekkert *bæði* og heldur einungis *annaðhvort eða!* Þú getur ekki viðurkennt merkingarleysið í öðru orðinu og neitað því í hinu sem Grímur gerir. Hann gengur að því vísu að „annar“ veruleiki sé til utan efnisheimsins *af því að*

honum er ekki veruleikinn að skapi. Páll gerir sér grein fyrir þessu og notfærir sér það til hins ýtrasta.

Að dómi Páls er Grímur staddur á millibilsstigi. Hann er of þroskaður til að dýrka stokka og steina, skurðgoð og steinstyttur, en skortir samt þroska til að lifa án átrún-aðargoða. Grímur er meðvitaður um mein tilverunnar og reynir ekki að skálda staðreyndir á brott. Veilan í sálarlífi hans er í því fólgin að hann játar *þrátt fyrir* óbrjálaða skynsemi sína; hugsjón hans er afsprengi örvæntingar en ekki lifaðrar reynslu.

Oftar en einu sinni leggur sögumaður áherslu á dómgreind Gríms og skýra hugsun. Vinir hans treysta ályktunarhæfni hans svo til takmarkalaust, samanber orð sögumanns í 1ta kafla sögunnar:

Vi ansaa det derfor for saa godt som udelukket, at han overhovedet kunde tage fejl. Og denne vor Anskuelse delte han utvivlsomt selv, hvad der sandsynligvis blev en af Grundene til hans tragiske Skæbne. (10)

Þetta sjálfstraust Gríms á sinn þátt í ógæfunni af tveimur ástæðum:

Í fyrsta lagi er Grímur *of öruggur*. Þrátt fyrir að hann í orði kveðnu geri sér grein fyrir takmörkunum vits síns og vilja treystir hann um of á eigin dómgreind. Hann heldur efasemdum í skefjum með rökum og skapar innri þenslu sem að lokum brýtur af sér allar viðjar og tekur ráðin af meðvituðu hugarstarfi hans.

Grímur vill ekki viðurkenna með sjálfum sér að Páll sé hættulegur sálarheill hans og hjónabandssælu. Stolt hans og sjálfstraust koma í veg fyrir það. En í hugskotinu býr samt grunur eða kvíði sem hann reynir að vinna bug á með því að storka örlögnum – bjóða hættunni heim.

Grímur *veit* að rógur Páls er út í bláinn, að Vigdís er honum trú og að dauði sjúklinga hans á sér eðlilegar ástæður, en samt sem áður verða þessar aðdróttanir að illkynja æxli í vitund hans. Rógurinn, sem við fyrstu sýn virðist

tiltölulega háskalaus, gerjast í djúpum sálar hans og eitrar út frá sér.

Grímur missir vitið með bráðum hætti, en það er aðeins á yfirborði. Örlagastundin er ekki annað en endahnútur á langvinnri þróun sem átt hefur sér stað í undirvitund hans. Grundvöllurinn hefur smám saman verið að breyta án þess að Grími hafi verið það fyllilega ljóst. Lesanda er látið eftir að rekja þetta innra drama Gríms en oft á tíðum vekja hugleiðingar sögumanns hugboð um það. Sömmuleiðis vekur atburðarásin þessa óheilladaga margsinnis grun um yfirvofandi skelfingu og dulda tortímingarframvindu í sál læknisins.

Í öðru lagi hefur Grímur næga dómgreind til að sjá takmarkanir dómgreindarinnar. Hann er of meðvitaður um meinsemdir og takmarkanir lífsins til að geta gefið sig á vald trúarvissu. Slíkt væri andstætt samvisku hans – vitsmunalegur óheiðarleiki. – Lífstrú Gríms er af þessum sökum með ýmsum fyrirvörum og í vitund hans fléttast von og efi. Af þessum sökum er meðvitund hans friðlaus og þversagnakennd: „Jeg tror, Herre – hjælp min Vantro . . .“ (179) Hann getur ekki afneitað rökviti sínu eins og Björn Sigurðsson, og því síður látið sig óþægilegar staðreyndir engu skipta. Í samtali Gríms og sögumanns á fjórða degi óheillavikunnar kemur þetta viðhorf skýrt fram. Jón segir:

Nej jeg beundrer Broder Benjamin og hans ubøjelige Verbum, – de har begge to *det* fremfor mig, som er vigtigere end alt andet – naar det gælder at klare Livet og Livets Kaar.

— Du mener Fred i Hjertet? sagde Grímur Elliðagrímur.

— Ja – en Fred der beror paa god Samvittighed og en saa godt som fuldstændig Mangel paa Interesse for unyttige Spekulationer.

— Du er stadig lige paa Nippet til at ønske dig de enfoldiges Fred! (181)

Og andlegt jafnvægi, friður á jörðu, er jafn vonlaust mál og ósk kornabarnsins að eignast sólina að leikfangi, klykkir Jón út með. Líkingin sú hittir í mark.

„Meðvituðum“ manni er ekki búin andleg ró; vitsmuna-

líf hans er fullt af mótsögnum og gagnstæðum hneigðum, undirorpið sviptingum á milli glæstustu vona og dýpstu örvæntingar. Bölvun dómgreindarinnar býr honum ömurlíf.

Það kemur skýrt í ljós í lýsingu Gríms Elliðagríms. Höfundi tekst vel að lýsa vitundarlífi á mörkum trúar og efa, upphafningar og upplausnar. Grímur tórir á trúarlegu haldreipi en á sífellt í vök að verjast fyrir efaköstum:

Jeg har Øjeblikke hvori al Tro, alt Haab forlader mig – og jeg kun ser Mørke. Jeg har Øjeblikke hvori det forekommer mig saa indlysende og uigendriveligt at det hele kun er et Spil af Tilfældigheder, at jeg ækles og ledes. (161)

Páll Einarsson notfærir sér togstreituna í sál Gríms, lætur vitundarveilu hans vinna fyrir sig. Hann veit sem er að lífsskoðun Gríms verður einungis varin *brátt fyrir* veruleikann, að lífið allt hrópar gegn sannfæringu Gríms. Það er t. a. m. auðvelt að benda á breyskleika mannanna. Þeir liggja í augum uppi og Grímur, sem upplýstur maður, gerir sér grein fyrir þeim. Hann fellst jafnvel á að höfuðeinkenni mannsálarinnar kunni að vera „staðfestuleysi, óráðvendni, sviksemi, miskunnarleysi, illvilji, smásálarskapur, eigingirni, ósannsögli, ragmennska, grimmd“. Trú hans á hið góða og göfuga í manninum er bundin trausti hans á Vigdísi. Hún er undantekningin sem *afsannar* regluna. En trú Gríms er völt. Ófullkomnunin sem alls staðar blasir við og virðist jafnvel gagnsýra hann sjálfan vekur honum ósjálf ráðan ugg í brjósti. Hann getur ekki hrint efasemdunum frá sér með góðu móti:

Men er det ikke forførdeligt, at se Mennesker handle ifølge onde Indskydelser, – ja, drevne af en bevidst Vilje til det onde! Og i Besiddelse af Magt til virkelig at *gøre* ondt! – – Og dog er det endnu forførdeligere at mærke onde Tanker, onde Instinkter i sin egen Sjæl . . . (178–79)

Trú Gríms á göfgi og fullkomnun mannsandans á eðlilega í vök að verjast fyrir slíkri reynslu.

Grímur helgaði sig læknisstörfum að námi loknu í stað þess að afla sér virðulegs lærdómsframa af því að hann sá tilgang í að þjóna meðbræðrum sínum. Læknisstarfið var

honum hugsjón, heilög fórn. En hún missir gildi sitt ef eyðingin er lögmál lífsins. Þá verður hún jafn tilgangssnauð og önnur mannleg viðleitni.

Dag eftir dag þarf Grímur að horfast í augu við dauðastrið fólks. Takmörkunin blasir hvarvetna við nærtæk og yfirþyrmandi. Hvernig er hægt að halda óskertri trú á möguleika lífsins í slíkri veröld myrkurs og tortímingar:

— Hvad har vi Mennesker egentlig gjort? – Hvad har vi forbrudt? . . . For dette her er jo Helvede! Der er fuldt af Djævle omkring os! (178)

Þessari tragísku sýn vex ásmegin þegar líða tekur á vikuna. Margt hjálpast að: drepsóttin færist í aukana og ofþreyta gerir Grím veikari fyrir lævísun rökum Páls.

Í lýsingu Gríms fléttast saman sundrung sálarlífs og lífskoðunar. Grímur er nútímamaður sem verður að berjast samtímis við sjálfan sig og heiminn. Vitundin er bölvun hans af því að hún ógnar látlaust þeim trúarviðhorfum sem ein geta sætt hann við lífið, og neyðir hann til að horfast í augu við veruleikann.

IV. 6. Burtreið Krists og Kölska

Páli veitist það létt verk að grafa undan sálarþreki Gríms enda hefur hann aðstæðurnar með sér. Af fádæma skarp-skyggni laumar hann eitrunu í sál læknisins og lætur það gerjast. Hann er fljótur að uppgötva snögga blettinn á honum og gengur síðan á lagið með markvissum og slóttugum hætti.

Páll er holdtekja eyðileggingarmáttar og ber auknefni sitt „Kölski“ með réttu. Sumir sjá í gegnum hann þegar í upphafi eins og Pétur Ólafsson, en ekki Grímur og Vigdís. Þeim snýr hann um fingur sér.

Páll sækir að Grími úr þremur áttum. Hann gerir atlögu að læknishugsjón og heiðri Gríms, grefur undan trú hans á mannsandann og sáir grunsemdum í hug hans um Vigdís. Sjálfur virðist Páll ósæranlegur; hugsjónaleysi hans gerir hann *lifshæfari*.

Í samtali Páls og sögumanns á öðrum degi kemur sálfræðileg skarpskyggni Páls vel í ljós. Grímur, segir Páll, er einn hinna trúðu þótt trú hans sé óljós. – Og sá sem trúir á sér jafnan eitthvert átrúnaðargoð, sem trú hans stendur og fellur með. – Og Páll gerir sér grein fyrir því að Grímur sækir alla sína lífstrú til Vigdísar; án hennar yrði hann merkingarleysisinu að bráð:

Og i det Øjeblik Grímur Elliðagrímur maa revidere sin Tro med Hensyn til Vigdís, i det Øjeblik bliver der ikke meget tilbage af hans taagede Tro paa *Menneskeanden* – i det Øjeblik bliver der vist overhovedet ikke stort tilbage af alt hvad der hedder Grímur Elliðagrímur! (84)

Páll reynist sannspár. Hann dreypir eitri sínu á djöfullegan hátt og lætur að því liggja að samband þeirra Vigdísar hafi eitt sinn verið nánara en kunningsskapurinn einn. Síðar heimsækir hann Vigdísi, sem er ein heima við, og biðst afsökunar á framferði sínu. Vigdísi þykir ekki ástæða til að geta komu Páls við mann sinn – eins og Páll hafði ætlast til. Hvers vegna þegir Vigdís um þessa heimsókn? Það hvarflar ekki meðvitað að Grími að Vigdís sé honum ótrú en samt sem áður sest efinn að í hugskoti hans. Grímur minntist ekki á vitneskju sína um heimsóknina og finnst Vigdísi það kynlegt. Treystir hann henni ekki? Sært stolt og óljós móðgunartilfinning mynda smám saman vegg á milli þeirra. Eitthvað kemur í veg fyrir að þau geti opnað hvort öðru hug sinn og rætt málin. „Og saa – – pludselig vokser der noget op, – noget man ikke véd hvad er, – noget man ikke er Herre over . . .“ (198)

Margt hjálpast að til að magna þessa kreppu: ofþreyta Gríms, mannleg hégómagirnd og þrjóska, og síðast en ekki síst ráðkænska Páls. Án þess að Grímur geri sér það fullljóst er lífsgrundvöllur hans að molna. Á fjórða degi segir hann við sögumann:

– Har to Mennesker mon nogensinde siden Verdens Skabelse virkelig *talt ud* med hinanden? . . . Jeg véd ikke engang om jeg vil give dig Ret i Ønskeligheden deraf, Jón Oddsson. – Husker du det gamle Ord, at den,

der har set Gud maa dø? . . . Er det mon ikke bare en Omskrivning for, at man ikke bør kigge bagom Tingenes ofte saa bedaarende Ydre, – ikke bør vrænge sig selv til sidste Fold, – ikke bør *tale ud*? . . . Thi den, der har indset altings Forfængelighed, altings Intethed, – den som med andre Ord har *set Gud* – maa dø . . . (205)

Sá sem séð hefur Guð mun deyja, m. ö. o. sá sem upplifað hefur botnlaust tilgangsleysið, tómið og fánýtið á sér ekki viðreisnar von – lífsstrengur hans er slitinn. Grímur „deyr“ af því að guðinn sem hann trúði á reynist vera blekking.

Grímur lagði ástina til grundvallar lífi sínu; hún réttlætti tilveruna, huggaði í huggunarleysinu. Þegar hún reynist takmörkuð missir hann fótanna.

Að kvöldi fimmta dags er eitrinu fyrst fyrir alvöru steyppt í sál Gríms. Páli og Grími hefur lent saman og Grímur reynir að styðja trú sína með svofelldum rökum: Á meðan til er þó ekki sé nema ein manneskja sem maður getur treyst til fulls er opin leið þrátt fyrir allt; þá er ekki hægt að neita því að skynsamlegur tilgangur kunni að vera í lífinu. Með því leggur Grímur vopnin upp í hendurnar á Páli: Er slík manneskja til?: „– Jeg kender i det mindste ét saadant Menneske!“ (259) svarar Grímur. – Og Páll hreytir út úr sér með hæðnishreim: „Salige er de enfoldige!“ (259) Þessi dropi fyllir mælinn. Grímur getur ekki varist svo lævisri árás. Sögumaður gerir sér grein fyrir að þessi stund skiptir sköpum í lífi vinar hans. Hann grunar að nú muni eitrið éta sig æ dýpra, allt að innstu hjartarótum án þess að nokkur mannlegur máttur fái að gert.

Grímur reynir um stundarsakir að fresta óhjálkvæmilegri sprengingu, en öryggisleysið og einmanakenndin sækja sífellt fastar á. Jón Oddsson fylgir honum en nærvera hans er takmörkuð huggun: „Jeg vil antage at han tog mig med som et Forsøg paa at bryde sin overvældende Ensomhed.“ (262–3) Grímur hefur beyg af að vera með sjálfum sér en einveran verður ekki rofin. Grímur getur ekki „opnað sig“ fyrir vini sínum því að manneskjan verður að heyja baráttu sína ein sín liðs þegar á reynir. Enginn getur hjálp-

að henni nema hún sjálf. Grímur hafði reynt að útrýma grundvallarlegri einsemd manneskjunnar með andlegum samruna við Vigdís. Ástin var í hans augum brú til nýs lífs, leið úr einangrun. Veruleikinn er hins vegar ekki slíkur og einsemdin óbætanleg. Á Grími sannast orð spánka heimspekingsins Unamunos: Ástin er dóttir vonarinnar og móðir örvæntingarinnar.⁹⁶ Þegar á reynir standa manneskjurnar hver á sinni strönd með óradjúp á milli.

Grímur krefst fullkomunar af mönnum. Þegar líður að lokum gerir hann sér grein fyrir að geta manns er ekki slík, að krafa hans var í raun ofurmannleg.

Og er í raun réttir annar munur á mönnum en sá að sumir eru „ögn betri“ en aðrir? En þessi vitneskja getur ekki sætt Grím við neinn milliveg. Hann er maður hins algera og frábitinn allri málamiðlun. Af þeim sökum hlýtur hann að farast.

Hvert er hlutverk Vigdísar í þessum málum? Að sumu leyti sver hún sig í ætt við „kvenenglana“ í *Ströndinni* og *Vargi í véum*. Hún er dyggur og dygdugur kvenmaður sem fórnar sér fyrir ástina og sveipar allt umhverfi sitt móðurlegum kærleik. En hún er mun samsettari persónuleiki en þær Helga og Margrét. Vigdís er klofin manngerð eins og Grímur og gegnir f. o. f. því hlutverki að sýna fram á takmörkun ástar og einlægni. Lesandinn fær ekki mikið að vita um sálarástand hennar. Í rauninni er atferli hennar einungis skýrt með „kvenlegri þrjósku“. Þrákelknin gerir hana blinda á hættuna sem stafar af Páli. Hún aumkar hann af því að aðrir eru honum óvinveittir. Skammsýni hennar hvað snertir Grím á sér svipaðar orsakir:

Saadan er vi Mennesker, Jón Oddsson! Som Børn, der leger med Glas, saaledes handler vi med vor Lykke – saa usikker er den i vore Hænder . . . Jeg véd godt, Jón Oddsson, at inderst inde var og forblev Grímurs Tillid og Tro urokket. Jeg har vidst det hele Tiden. Og alligevel – alligevel saarede det min Selvretfærdighed, at han ikke forblev fuldkommen uberørt . . . (300)

Að kvöldi sjötta dagsins kemur Grímur að Páli í húsi sínu. „Djöflarnir“ ná yfirhöndinni og vitund hans splundrast; hann missir vitið:

– Det var som at glide dybere og dybere ind i en Taage, et Mørke. sagde han, – omtrent som det maatte være at drukne. Han havde en Fornemmelse, som øvedes der Vold mod hans Bevidsthed – som blev den langsomt kvalt . . . (307–8)

Ástand hans er skilgreint sem „djöfulæði“; djöflarnir hafa náð valdi yfir vitund hans og draga hann með sér niður í djúpið. Hið diabólíska gengur með sigur af hólmi og Grímur hverfur á vit síns *vítis*.

Vitund Gríms brestur af því að hann skynjar þann „Guð“ sem Kölski, Páll Einarsson, er tákn fyrir: Guð tortímingar, rökleysu og siðleysis. Þessi Guð rennur saman við vitund hans að leiðarlokum. Tortímingarframvindan hefur runnið sitt skeið.

IV. 7. Trú, siðgæði, tragedía

Í *Sælir eru einfaldir* lýstur saman trúarlegum, siðferðilegum og tragískum lífsviðhorfum. Þessi viðhorf birtast í fjölbreytilegum mannlýsingum verksins sem spanna litrófið allt frá dýrlingi til djöfuls. Höfuðstofn persónusafnsins er þó „hinir einföldu“; þeir, sem lifa sælir í sinni góðu trú. Einfeldningarnir skiptast í tvo meginhópa. Annars vegar eru „menn staðreyndanna“ sem lifa sáttir við sitt nánasta umhverfi og leiða ekki hugann út fyrir þröngan sjóndeildarhring hversdagsins. Eilífðarvandamálín eru í þeirra augum gagnslausar grillur. Þeir fylla líf sitt nærtækum hugðarfeinum daglega lífsins, hjúpaðir grunnhyggni sem heldur frá þeim angist og kvíða. Af þessu tæi eru Benjamín Páls-son, Geir Helgason, Jón gamli í kofanum, tengdamóðir Gríms og e. t. v. Pétur Ólafsson. Þau lifa öll eins og þau eigi eilífðina í fórum sínum, dauðinn er þeim ekkert vandamál að því er virðist. Hins vegar eru „trúmennirnir“ sem trúa afdráttarlaust á yfirskilvitlegan heim og afneita eða

hliðra sér hjá staðreyndum mannvistarinnar. Hin trúarlega lífsstefna birtist skýrast í lýsingu þeirra Björns og Önnu. Bæði búa yfir þeim sálarfriði sem einlæg trú veitir að sögn, en eru að öðru leyti andstæður. Björn Sigurðsson er hjákátlegur fulltrúi einfeldningslegrar andatrúar, krypplingur til líkama og sálar. Stundum sameinar hann þó grunnhyggni og djúpsæi. Sæluvegur Bjarnar er ekki leið vitsmunaverunnar því að hann krefst þess að menn hafni því sem er fyrir það sem e. t. v. *verður*, ýti staðreyndum til hliðar fyrir von um annað líf „fyrir handan“, afneiti lífinu í nafni „framhaldslífs“.

Anna litla er af öðru sauðahúsi en Björn. Hún er „dýr-lingur“, tákn ljóssins í því myrkri sem umlykur mannheim. Anna býr yfir fádæma styrk sem aðrar persónur skortir. Í henni holdgast hugsjónin um varanlegan sálarfrið og samræmi. Ekkert getur haggað trausti hennar til Guðs og gæska hennar og samúð eru svo til takmarkalaus.

Anna elst upp í einveru og þjáningu en ber örlög sín með ofurmannlegu þolgæði og æðruleysi. Líf hennar er tákn þess vegar sem er bannaður mönnum á borð við Grím, Pál og Jón Oddsson. Bikarinn sem hún drekkur af getur aldrei orðið heilsubrunnur þeirra, því að dauði Guðs hefur endanlega lokað hliðunum gullnu. Sögumaður gerir sér gjörla grein fyrir þessu þegar hann situr við dánarbeð vinkonu sinnar:

Jeg husker, at da jeg havde siddet urørlig i nogen Tid faldt jeg paa Knæ foran Sengen og forsøgte at bede – til *hendes* Gud. Men den Smule Forbindelse jeg mens hun endnu levede – og kun gennem hende – havde haft med ham, viste sig allerede at være afbrudt. Alt var øde og tomt . . . (136)

Í návist telpunnar – ígildi friðardúfunnar – hafði þjakað hjarta Jóns hlotið stundarfrið. Sú fróun er tekin af honum. Að mörgu leyti minnir samband þeirra á samband Gríms og Vigdísar. Í báðum tilvikum lýtur lífið og uggleysið lægra haldi fyrir dauða og angist.

Vegir mannanna eru margvíslegir. Sumir taka siðgæðisvitund sína í arf og tileinka sér hana á vélrænan hátt án þess yfirleitt að velta vöngum yfir gildi hennar. Siðgæðið er í augum þeirra tæki til að komast af árekstralaust við umhverfið.

Aðrir eru meðvitaðri og reyna að koma reglu á öngþveitið, binda það viðjum almennra lögmála. Margir þeirra hafna hinu yfirskilvitlega að því leyti að þeir leita lögmála í mannlegum reynsluheimi. Gildin verða að eiga upp-tök sín í og skírskota til mannlegra samskipta. Þeir takmarka hið algilda við mannheim andstætt guðstrúarmönnum.

Grímur Elliðagrímur er siðgæðisvera af þessu tæi. Hann reynir á meðvitaðan hátt að lifa samkvæmt gildum sem hann hefur leitt af eigin lífi. Ósigur hans stafar ekki síst af því að hann gerir þessi gildi að almennum lögmálum og krefst fullkomunar þar sem ekki er annað en ófullkomnun og vöntun. Hann reynir það vonlausa: – að búa til eilífðargildi í heimi án Guðs.

Sá sem skynjað hefur afstæði allra verðmæta stendur frammi fyrir lögmálslausum heimi. Grundvöllur almennra siðaboða brestur og ringulreiðin ríkir. Í tragískri sýn birtist tilveran sem vígvöllur fárs og feigðar. „Sjáandinn“ er týndur og firring hans illbærileg. Hann getur sjaldnast fundið neina leið til að aðlagast mannfélaginu á nýjan leik, og því síður tengst einhverju handan þess. Líf hans er brotakennt og sundurlaust, örvænting, sjúkleiki til dauða.

Páll Einarsson er ekki tragískur persónuleiki nema að hluta til því að hann hefur byggt sér brú til baka, uppfundið almenn lögmál sem hann lifir í og segist trúa á. Sjónarhorn hans er í raun hálf-háspekilegt og kristallast í andfélagslegu siðgæðismati. Hann þróar *neikvæða* siðfræði út frá tragískri upplifun. Siðgæði valdsins er hans Guð.

Tragísk vitund leiðir í dæmi Gríms til glötunar – flóttu út úr mannfélaginu – og í dæmi Páls til djöfullegrar siðleysis

sem einungis getur haft í för með sér upplausn og ringulreið. Páll kollvarpar því jafnvægisástandi sem ríkja þarf á milli siðgæðislegrar/félagslegrar afstöðu annars vegar og tilverusýnar hins vegar. Hann glatar fótfestunni að lokum vegna þess að lífsskoðun hans gengur í berhögg við nauðsynjar mannlegs samlífs.

Hvorki Páll né Grímur geta komið á jafnvægi milli tragískrar sýnar sinnar og siðferðilegrar nauðsynjar. Viðhorf þeirra bera eyðinguna í sér. Í lokin bíður Páll ósigur þótt hann hafi borið sigurorð af Grími. Lífsskoðun hans reynist ámóta haldlítill. Við sjáum síðast til hans sem friðlauss flóttamanns:

- Som han dér fjernede sig var der over hans smalle krumme Ryget Udtryk, som om han flygtede. Det var som han frygtede Forfølgelse. - ikke var ganske tryk mod at han kunde blive stukket ned bagfra ... (328)

Hann hefur leitt tortímingu yfir umhverfi sitt og bölvun yfir sjálfan sig. Að vissu leyti eru örlög Páls ömurlegri en Gríms því að gleymaska vitundarleysisins er honum meinuð.

Þegar allt kemur til alls er lífsskoðun Páls afsprengi órvæntingar: hún er dómur glataðrar manneskju yfir sjálfri sér og heiminum. Eftirfarandi klausa úr *Fjallkirkjunni* sýnir að slíkur virðist skilningur höfundar einnig vera:

Ti Aar senere stod Jens Olsen med sit hærgede Drankeransigt og en Flaskebajer i sine rystende Hænder pludselig lyslevende for min Erindring, da jeg hørte Høfdingen i dansk Aandsliv smælde frem med sin hæse, gennemtrængende, arrige Stemme:

Menneskene er noget Rak! ...

/---/ I mine Øren lød Ordene begge Gange som en Desperats Dom eller rettere Selvdøm.⁹⁷

Sælir eru einfaldir lýkur með gjaldþroti lífsskoðana. Hvorki lífstrú Gríms, guðstrú Önnu, spíritismi Björns né „náttúruhyggja“ Páls standast eldraun veruleikans. Er þá ekkert leiðarhnoða til sem vísað getur manninum leið um refilstigu mannlífsins?

IV. 8. Þrátt fyrir allt . . .

Upplausnin er ekki algjör þegar komið er á leiðarenda. Sögumaður lifir „heimslitin“ og staðfestir lífið með því að vera til og vilja vera til – þrátt fyrir allt.

Sögumaðurinn Jón Oddsson er ein þýðingarmesta persóna sögunnar þótt hann standi fyrir utan hin eiginlegu átök. Hlutverk hans er ekki einvörðungu að tengja atburði og persónur saman í eina heild. Sjálfslýsing hans er ekki síður mikilvæg, enda bendir margt til að hann sé málsvari höfundar. Hugleiðingar Jóns um *einsemdina* og *þjónustuna* eru t. a. m. athyglisverðar.

Hvað eftir annað upplifir Jón takmarkanir vináttunnar. Ráðþrota stendur hann frammi fyrir vinum sínum, Grími og Vigdís, angist þeirra og kvíða. Hann fær ekki hjálpað þeim þrátt fyrir hugboð um aðsteðjandi ógæfu, og gerist jafnvel „sekur“ um aðgerðaleysi þegar hans íhlutunar hefði verið þörf. Hvers vegna að þegja um heimsókn Páls til Vigdísar? Ýmist hnítur samábyrgðin honum að hjarta eða hann reynir að kasta af sér allri ábyrgð þeirra atburða sem gerast fyrir sjónum hans:

Hold du dig stille, Jón Oddsson, og sørg blot for saa godt du kan ingen Urede at forvalde. Bagefter kan du saa – som hidtil – skrive videre paa din evige Disputats og den Del af Mønsteret, *du* faar at se . . .

Havde jeg den Gang anet hvor brat og bogstaveligt dette sidste vilde gaa i Opfyldelse, havde jeg kunnet forudse hvilke Smertens Tegn Nornernes Fingre var i Færd med at danne – – ja, hvad saa! . . . Thi jeg *anede* det jo netop, omend jeg tildækkede mit Aasyn og ikke turde se. – (209)

Jón er margþætt persóna sem sveiflast á milli raunsæis og sjálfsblekkingar, björtustu vonar og myrkustu örvæntingar. Hann verður þess ápreifanlega áskynja að manneskjan er ein, að hún lifir, þjáist og tortímist í einveru:

Jeg var meget trist til Mode. Og mit Hjerte var fyldt af uendelig Ensomhed, – Menneskets eneste uadskillelige Følgesvend, – Menneskets bedste Ven og frygteligste Fjende . . . (152–3)

Þessi einmanakennd kemur sérstaklega vel fram í lok hvers kafla þar sem Jón stendur einn að næturþeli andspænis rökum eldblómstursins, ömurtákni eyðileggingar og dauða. Einsemdin er ásamt dauðanum sá möndull sem heimur Jóns – og bókarinnar allrar – snýst um.

Jón Oddsson er *útlagi* en hann dreymir þrátt fyrir allt um leið sem linað geti lífsins böll. Þessi leið er fórn og þjónusta hvers og eins við meðbræður sína:

Det var med ét gaaet op for mig, at det jo egentlig var mig der burde være taknemlig, og ikke de Mennesker der var saa ulykkelige at behøve min Hjælp. (183)

Þetta kemur honum í hug þegar hann er að veita fórnarlömbum drepsóttarinnar aðhlynningu: óeigingjörn og fórnfús þjónusta við lífið er eini valkosturinn sem mannum býðst svo fremi hann vilji ekki ganga tortímingaröflunum á hönd. Þessi lífsvilji kristallast í lokaorðum verksins:

Men hvis det virkelig er saaledes – hvis den smertelige Klarhed jeg den Aften følte mig omgivet af ikke blot er Bedrag. Hvis Menneske-aandens Skrig efter Evighed og Fuldkommengørelse kun er Forfængelighed og Jagen efter Vind. Hvis den eneste Guddom der vedkommer os – den eneste Guddom vi kan komme i Berøring med, er den Godhed og Kærlighed, vi er i Stand til at nære. Hvis der for os intet andet Lys gives end Lyset i vort eget Indre . . . Kan saa ikke al den Visdom vi har Brug for – Summen af Menneskehedens dyrekøbte Erfaringer – udtrykkes i saa enkle Ord som: Vær gode mod hverandre. (332)

Niðurstaða sögunnar felur í sér málamiðlun; tilraun er gerð til að endurreisa jafnvægið á milli siðferðilegrar nauðsynjar og tragískrar sýnar. Maðurinn verður að halda áfram að lifa sem maður með mönnum og teikna sína hringa – þrátt fyrir fánýti og bölvun lífsins. Lífsmöguleikinn er fólgin í samhygð. Hún ein getur gert lífið bærilegt.

Sigurjón Björnsson heldur því fram í bók sinni um Gunnar Gunnarsson að niðurstaða þessi jafngildi hreinni uppgjöf:

/ . . . / því að dæmi Gríms Elliðagríms sýndi oss einmitt ótvírætt, að hann gat því aðeins haft andlegt þrek til þess að lifa samkvæmt boðorði mannkærleikans, að hann nyti persónulegrar hamingju og fullnægju

sjálfur. Mannkærleikurinn varð útgeislun þess kærleiks, sem hann sjálfur var umvafinn, og þegar hann þraut, var ekkert nema myrkur og auðn. – Höfundur fann enga leið.⁹⁸

Að vissu marki er þetta rétt. En þess verður að minnast að Grímur kunni sér ekki hóf: kærleikskrafa hans var ofurmannleg. Jón Oddsson er hógværi og því er ályktun hans að vissu leyti sigur í ósigri.

Sælir eru einfaldir flytur þann boðskap að menn skuli kappkosta að lifa án sjálfsblekkingar og sætta sig við aðstæður sínar. Jón Oddsson fær ekkert goðsvar úr þrumuveðri eins og Job en hann finnur engu að síður „ástæðu“ til að lifa áfram. Í sjálfu sér er afstaða hans uppgjöf fyrir fjarstæðu lífsins: Maðurinn á að beygja sig undir „lög málið“. En samtímis táknar hún sigur lífsins.

Séra Sturla, Úlfur Ljótsson og Grímur Elliðagrimur glötuðu lifinu af því að þeir gátu ekki sætt sig við mannleg kjör. Jón reynir ekki að afneita misræminu sem varð hinum að fjörtjóni heldur samþykkir hann það sem lífsgrundvöll sinn. Hann viðurkennir að útleðin *kunni* að vera óbætanleg. Í því er mannlegur sigur hans fólgin; hann hvorki gefst upp né fórnar sjálfsvirðingu sinni og skynsemi. Hann skortir vissulega átrúnað Jobs en heldur samt velli eins og hann, tekst að komast lífs af með sprota að frjóvænlegri lífstrú. Boðskap sögunnar má því túlka með orðum Archibalds MacLeish um sögu Jobs:

[Saga Jobs] is a *human* triumph. It's answer is not a dogma but an *act* – Job's *act*, Job's *doing*, Job's picking up his life again. And the myth of Job is a myth for our time because this is our answer also: the answer that moves so many of us who, without the formal beliefs that supported our ancestors, nevertheless pick up our lives again after these vast disasters and go on – go on *as men*.⁹⁹

Jón Oddsson hefur hugrekki til að lifa *þrátt fyrir allt*.

FIMMTI KAPÍTULI: MANNSMYNDIN

V. 1. Sjálffirring og kloffningur

Einungis miklum rithöfundum hefur auðnast að draga upp alhliða mynd af aðstæðum manneskjunnar og rýna rökleysurnar í mannlegri vitund. Gunnari Gunnarssyni tekst þetta að nokkru í fyrstu verkum sínum. Þar sundurgreinir hann margbrotna persónuleika sem draga dóm af þverstæðum nútímans. Söguhetjur hans eru fæstar einsteyptar manngerðir heldur flóknar persónur sem eiga í stríði við ytri sem innri öfl. Þær standa á krossgötum sjálfþekkingar og sjálfblekkingar, kloffnar á milli trúar og trúleysis, hroka og auðmýktar, ástar og haturs.¹⁰⁰

Kreppa sjálfsvitundarinnar er eitt af meginviðfangsefnum Gunnars á tímabilinu 1915–20. Í verkum þessa tímabils kryfur hann þau áhrif sem gildiskreppan hefur á sálarástand nútímamannsins. Hann sýnir hvernig upplausn hefðbundinnar heimsmyndar endurspeglast í sjálffirringu og rötleysi; söguhetjur hans eru mótsagnakenndar verur í leit að sjálfum sér og „guði“.

Gunnar lýsir mönnum sem hafa týnt áttum – og sjálfum sér um leið. Persónuleiki þeirra og heimur hefur sundrast. Dauði Guðs hafði ekki einungis í för með sér róttæka breytingu á heimsmyndinni heldur bylti hann og hugmyndum manneskjunnar um sjálfa sig. Sjálfsskilningur hennar tók stakkaskiptum samtímis því sem trúin á hið algilda – Guð – beið skipbrot. Fyrr á tímum töldu menn að sjálfið væri eins konar stjórnstöð sem ynni úr og skipulegði reynslu mannsins á röklegan hátt. Að þeirra mati bjó vitundin yfir heillegu og rökbundnu samhengi sem maðurinn hafði stjórn

á og yfirsýn yfir. Menntu trúðu því að vitundin hnitadist um eðliskjarna sem héldist stöðugur og óbreytanlegur í tímans rás – væri jafnvel ódauðlegur.

Upplausn hinnar trúarlegu heimsmyndar sundraði þessu „vatnsþétta“ sjálfi. Þeirri skoðun óx fiskur um hrygg að manneskjan væri óráðin og síbreytileg vera. Margir rithöfundar á 19. öld krufðu manninn frá þessu sjónarhorni og sýndu fram á að mannsálin væri samsettari og flóknari en áður var talið. Nietzsche og Dostóevski lögðu drýgst af mörkum í þessu endurmati. Á hæla þeirra kom síðan Freud með kenningar sínar um dulvitundina.

Hin nýju viðhorf leiddu af sér áttleysi og ringulreið; maðurinn hafði ekki lengur neinn fastan grundvöll til að standa á þar sem öryggisleysið og óvissan höfðu lagt vitund hans sjálfs undir sig. Hver er ég? varð eitt af áleitnustu viðfangsefnum bókmenntanna.

Á þessari öld hefur leit mannsins að röklegu samhengi í sjálfum sér verið ofarlega á baugi í skáldskap. Rithöfundar hafa reynt að ná til og kanna raunveruleika sjálfsins – „finna“ og staðfesta sjálfa sig – en oftast nær án mikils árangurs. Þeir hafa beint kastljósum hugsunarinnar inn á við en ekki greint neitt skynsamlegt samhengi, ekki fundið neinn ábyggilegan og stöðugan kjarna. Þess í stað hafa þeir skyggst ofan í botnlaust djúp, óskýranlegt tóm. Í dag hefur sjálfsfirringin tekið á sig mynd örlaga og leitinn að „kjarnanum“ virðist álíka vonlaus og leitinn að „guði“.

Fjöldi höfunda hefur í framhaldi af þessu komist að þeirri niðurstöðu að sjálfið sé „ekki neitt“ *per se*, tómið sé sannleikurinn um manninn. Jean-Paul Sartre taldi til dæmis að það sem við nefnum „sjálf“ væri ekki annað en samtala þeirra ákvarðana sem maðurinn tæki í lífi sínu. Það öðlaðist innihald sitt í vali og athöfn, gerði sjálft sig án afláts. Þessi hverfleiði sjálfsvitundarinnar hefði í för með sér innra jafnvægisleysi og framandleika. Maðurinn leitaði sífellt einhvers konar varanleika sem tengdi hann við sjálfan sig og tímamann en árangurslaust. Eðlisleysið útilokað allan stöð-

ugleika og ylli því að verund manns væri best lýst sem „möguleika“.

Tilverusýn Sartres og Gunnars Gunnarssonar, á fyrrnefndu tímabili, er býsna skyld. Báðir sýna fram á að skortur heilsteyprar sjálfsvitundar er einn helsti aflvaki friðleysis og firringar. Báðir tengja klofning vitundarinnar við djúpið sem manneskjan skynjar á milli sín og náttúrunnar. Báðir sýna fram á að fullkomið samræmi á milli mannlegrar vitundar og náttúru er ekki mögulegt nema maðurinn geri sjálfan sig að guði – og það getur hann ekki nema í draumi.

En mannskilningur Gunnars og Sartres er samt gjörólíkur. Gunnar er ekki tómhyggjumaður í líkingu við Sartre heldur eðlishyggjumaður eins og Dostóeíski. Hann staðhæfir aldrei að mannsálin sé „ekki neitt“ í sjálfri sér. Líkt og Dostóeíski finnur hann djúpstæða þýðingu í „ásköpuðum eðliseigindum“; í sálardjúpunum greinir hann eilíf goðmögn góðs og ills, guðdóms og djöfulskapar. Hjá Gunnari er firring mannsins frá sjálfum sér – sambandsleysi hans við „kjarnann“ – höfuðorsök þess friðleysis sem þjáir hann. Eðlishyggjan er að vísu ekki fullsköpuð í fyrstu verkum Gunnars – síðar tók hún á sig gleggri mynd í tengslum við nýja heimsmýnd – og oft er hann ósamkvæmur sjálfum sér.

Strax í *Borgarættinni* birtist sú skoðun að örlög væru afsprengi eðliseiginda. Gestur eineygði hugði að sérhver maður hefði frumhvöt gerða sinna falda í sálu sinni.¹⁰¹

Í *Vargi í véum* kemur sama viðhorf fram. Séra Ljótur nálgast Alföður í mótlætinu af því að hann lifir í samræmi við eðli sitt, allir þræðir vitundar hans eru samvirk heild: „Hans tunge dybe Kærlighed – hans Væsens Grundvold – holdt ham oppe igennem det altsammen.“¹⁰² Úlfur er hins vegar eyðingunni ofurseldur af því að eðlisrætur hans eru sýktar og hugur hans dreifður. Hann er fórnarlamb þess klofnings sem innra með honum býr: „Hans Forstand nyttede ham ikke en Smule, fordi et Menneske nu en Gang ikke

beherskes af sin Forstand alene, men til syvende og sidst maa lyde sit Væsens Love."¹⁰³ Sundrungarbölið hefur heltekið líf hans og tortímir honum.

Útlagarnir þrír, séra Sturla, Úlfur og Grímur Elliðagrímur, hafa orðið viðskila við „guðdóminn“ – kærleikslindina – sem býr í öllum mönnum að mati Gunnars. Þeir eru framandi sjálfum sér og merkingarleysið sem þeir upplifa í tilverunni kristallast í innra samræmisleysi og tómleika.

Í sögum sínum leggur Gunnar mikla áherslu á hið dulvitaða og óræða í mannlegri vitund. Sjálfstíring söguhetja hans er ekki síst í því fólgin að þær hafa ekki vald yfir hugsunum sínum og gjörðum. Innra með þeim hrærast dulin öfl – af díabólisku tæi – sem geta brotið af sér viðjarnar þegar minnst varir og tekið ráðin af viti og vilja.

Harmsaga Gríms Elliðagríms greinir einmitt frá því hvernig röklaus öfl rísa úr hinum „órannsakanlegu regindjúpum“ og steypa honum í glötun. Gunnar sýnir víða í persónulýsingum sínum að sjálfsvitundin er ekki annað en skurn sem getur brostið við ákveðinn þrýsting, að mannsálin er undirorpin tilviljunarkenndum og óræðum öflum undirvitundarinnar. Hann sýnir með eftirminnilegum hætti að sjálfsmýnd manneskjunnar getur umturnast á andartaki, að síbreytileiki veruleikans nær til mannsins sjálfs. Það er e. t. v. þetta sem gerir Gunnar Gunnarsson svo „nú-tímalegan“ sem raun ber vitni. Í verkum sínum kryfur hann öryggisleysi og angist sjálfsvitundar í upplausn og óvissu. Trú hans á „manneðlið“ kemur ekki í veg fyrir að hann kryfji mótsagnir og rökleysur í manninum. Söguhetjurnar eru ekki stöðluð siðaboð eins og margar sögupersónur Einars Kvarans heldur margþættar manneskjur sem búa yfir yfirgripsmiklu sálarlífi.

Persónusköpun Gunnars minnir um margt á Dostóéfski. Báðir höfundarnir lýsa vitundarlífi nútímamanna sem sveiflast öfganna á milli. Að dómi beggja er maðurinn skiptur milli góðs og ills, jákvæðis og neikvæðis. Manneskjan í verkum þeirra er mótsögn; persónusköpun þeirra díalektísk.

Í verkum Dostóéfskís eru trúmenn sem trúleysingjar samsettar persónugerðir, fullar óleysanlegra mótsagna. Dýrlingurinn og þrjóturinn lifa þversagnakenndu sambýli í sál þeirra. Dmitry Karamazof gat til dæmis ekki skilið:

/.../ that a man of great heart and high intelligence should begin with the ideal of Madonna and end with the ideal of Sodom. What is more terrible is that a man with the ideal of Sodom already in his soul does not renounce the ideal of Madonna . . .¹⁰⁴

Guð og Satan heyja baráttu um sál hvers manns og vígvöllurinn er maðurinn sjálfur. Jafnvel saurlífisseggurinn er haldinn löngun til hins hreina og göfuga; í svaðinu dreymir hann um Guð:

Let me be damned, let me be vile and base, but let me kiss the hem of the garment in which my God is clad; let me be running after the devil at that very moment, but I am still thy son, O Lord, and I love thee . . .¹⁰⁵

Jafnvel „dýrlingar“ Dostóéfskís eiga í innra stríði. Trúarvitund þeirra nærast af átökum vonar og örvæntingar, efa og vissu. Í föður Zossima og Alyosha í *Karamazofbræðrunum* togast til dæmis á öfl hreinleika og ástríðu, sjálfsku og sjálfsgleymsku. „Maður“ Dostóéfskís er mótsögn: Hann er engill í gær en djöfull á morgun.

Söguhetjur Gunnars – séra Sturla, Úlfur Ljótsson og Grímur Elliðagrímur – eru náskyldar trúleysingjum Dostóéfskís. Innri maður þeirra er skiptur og staðfestulaus, sál þeirra suðupottur ástríðna og göfugra hugsjóna, guðdómsgneista og helvítisloga. Þær eru á valdi andstæðnanna: búa yfir fórnfýsi og sérgæsku, auðmýkt og drambi, göfgi og lágkúru. Þetta samræmisleysi leiðir þær í glötun eins og söguhetjur Dostóéfskís. Vegferð þeirra allra lýkur með því að „djöflarnir“ taka völdin.

Dostóéfskí sýnir fram á í verkum sínum að maðurinn geti ekki lifað án trúar og tilgangs. Án „guðs“ er maðurinn einn og glataður að hans dómi. Kjarninn í skáldsögum Gunnars Gunnarssonar er hinn sami. Samræmisleysið er afsprengr þess að maðurinn hefur misst sjónar af hinu al-

gilda, að hann hefur týnt „guði“. Guðleysið leiðir til sjálfs-eyðingar að dómi beggja rithöfundanna. Séra Sturla, Úlfur, Grímur Elliðagrímur, Kirilof, Stavrógin og Ivan Karamazof fremja allir sjálfsmorð eða verða geðveiki að bráð.

V. 2. Hugsjónin um heilan mann

Eins og komið hefur fram einkennist höfundarverk Gunnars Gunnarssonar af spennu trúar og trúleysis. Í verkum hans búa hlið við hlið vonin og örvæntingin:

Gennem Gunnarssons *Bøger* staar en aldrig stilnet Kamp mellem Harmoni og Disharmoni og mellem de deraf følgende Sindstilstande. Optimisme og Pessimisme.¹⁰⁶

Carl Gad hefur réttilega bent á að í gjörvöllum skáldskap Gunnars lifir hugsjón um *samræmi* (Harmoni).¹⁰⁷ Hugsýn um samhengi og einingu býr í sögum hans sem valkostur og raunhæfur möguleiki. Hún er lífgjafinn sem gerir Gunnari kleift að lifa og skapa þrátt fyrir djöfuldóminn sem sækir að honum úr öllum áttum. – En hún á undir högg að sækja í veröld þar sem mannsálin sjálf hefur orðið öngþveitinu að bráð.

Gunnar *vill* trúa, því að án gildis og tilgangs getur manneskjan ekki lifað að hans áliti. Hún *verður* að vinna bug á rótleysi sínu og brjótast úr einsemd sinni. En vilji er annað en geta og yfirleitt ber tragísk reynsla Gunnars trúarviljann ofurliði á árabílinu 1915–20. Fíringin og fánýtiskenndin vega þyngra en einstakar stundir samræmiskennar og algleymis. Það skýrir hvers vegna Gunnar leggur mesta rækt við að lýsa örlögum tragískra persóna. Vandamál þeirra endurspeglu lífsvanda hans sjálfs.

Tvívendingin í hugarheimi Gunnars birtist gleggst í persónulýsingum hans. Hann boðar sjaldnast hugsjón sína berum orðum heldur birtir hana í gerð *hins heila manns* er hann stefnir gegn hinum klofnu útlögum sem andstæðu og möguleika.

Peder Hesselaa hefur í ritgerð um Gunnar látið eftirfarandi orð falla:

Menneskets naturlige Bestemmelse er at blive lykkeligt. Og alle kæmper for at blive det, – alle uden Undtagelse. Men Lykken er et flydigt og vanskelig bestemmeligt Begreb. Hvad der er Lykke for en, er det intet for en anden. /.../ Lykken er efter hans [þ. e. Gunnars] Opfattelse ikke noget ydre, men noget indre. Den bestaar ikke i Gods og Guld, men i den harmoniske Sindsligevægt. Saamange, som kender noget til, hvad et splittet Sjæleliv vil sige, vil give ham ret. At finde et fast Midtpunkt, en Livsankuelse, om man vil, ud fra hvilken Livet kan leves, er det som alle, bevidst eller ubevidst, stræber efter. Men Livets Kaar er vanskelige. Nogle har, hvad de attraar, andre naar det aldrig.¹⁰⁸

En eru jafnvægi og lífsfylling mögulegir valkostir í lífi nútímamannsins? Útilokar ekki sjálfstíringin allt samræmi? Hefur Thomas Hardy ef til vill rétt fyrir sér þegar hann ritar í lok *The Mayor of Casterbridge* að lífið kenni:

/.../ that happiness was but the occasional episode in a general drama of pain.¹⁰⁹

Slík virðist vera niðurstaða *Strandarinnar, Vargs í véum og Sælir eru einfaldir*. Söguhetjur þessara verka lifa við óbærilegar aðstæður og tortímast að lokinni þjáningarfullri vegferð. Þær virðast enga valkosti hafa.

Nú verður að hafa í huga að grundvallarleg ósamkvæmni er fólgin í hugarheimi Gunnars. Hann gengur aldrei þíslarvegin á enda og hafnar ekki hinu algilda *með öllu*. Þrátt fyrir dimma tilverusýn gefur hann sig ekki á vald algerrí fánýtishyggju. Hann heldur þeim dyrum opnum – meira af vilja en mætti – að maðurinn geti unnið bug á lífsháska tómhyggjunnar, og gefið lífi sínu gildi.

Von Gunnars byggist að hluta til á eðlishugmyndum sem gerð hefur verið grein fyrir. Hann trúir að mannsálin hafi óbreytilegan eðliskjarna sem ekki lúti hreyfilögmálum efnisins, sé m. ö. o. varanlegur. Þetta gerir honum kleift að vona að maðurinn geti með tíð og tíma yfirstigið sjálfstíringuna. Manneðlið – guðdómsgneistinn í manneskjunni

– gerir samræmi að raunhæfum möguleika í hans augum. Þessi trú á manninn er samofin kristilegum siðahugmyndum um gildi kærleika og fórnar. Að mati Gunnars virðist maðurinn geta rofið einsemd sína – a. m. k. að hluta til – og sameinast öðrum mönnum í samfélagi *ef* hann lifir í samræmi við eðli sitt.

Hugmyndir Gunnars um *guðdómsgneistann* – frækorn óendanleikans – eru í eðli sínu *manntrú*: Hann býr til guðmenni úr manneskjunni. Meðal íslenskra raunsæismanna fyrir tíð Gunnars gætir svipaðra viðhorfa eins og áður hefur verið getið. Einna mest hjá Guðmundi Friðjónssyni en einnig hjá Gesti Pálssyni. Í fyrirlestrinum „Mentunar-ástandið á Íslandi“ segir Gestur til dæmis:

/---/ eitt er það, sem vér allir trúum á, ef vér annars hugsum, og það er, að til séu eilífar hugsjónir til að lýsa og friða mannkynið, og að öll sönn mann-ánægja sé að lifa í þeim og fyrir þær, og það getur hver maður að einhverju leyti og á einhvern hátt, af því að í hverju einasta mannsbrjósti er fölginn einhver neisti frá alheims-ljósinu.¹¹⁰

Það sem greinir manninn frá dýrum er, að dómi Gests, „brennandi þrá eftir ljósi til að ráða gátur síns lífs“,¹¹¹ óslökkvandi þorsti eftir sannleika og göfgi. Lífið er engin skemmtiferð heldur nauðug ganga sem hefst í vöggju og endar í gröf; það eitt veit maðurinn fyrir víst að hann mun einn góðan veðurdag hrapa fyrir ókunn björg. – En þrátt fyrir það býr mannlífið yfir óendanlegu ljósi sem einstaklingsdauðinn getur ekki eytt!

Sem fyrr segir eiga trúarhugmyndir þessar undir högg að sækja í þeim verkum Gunnars sem hér hafa verið til umræðu. Engu að síður eru þær til staðar sem mótvægi og möguleiki. Af þeim sökum er nauðsynlegt að gera þeim nokkur skil.

Hinn heilsteypti maður býr yfir innra jafnvægi sem ein-kennist af sjálfsskilningi og sátt við tilveruna. Það lýsir sér í staðfastri lífstrú og sjálfsstjórn. Sá, sem öðlast hefur náð þess, kann skil á öflunum innra með sér og hefur fullt vald á hugsunum sínum og gjörðum. Sjálfsvitund hans

er heil og stendur á traustum grunni, skapgerð hans óveil, heimur hans tilgangsríkur. Hinir heilu menn Gunnars skiptast í þrjá meginflokka. Samræmisvitund sína sækja þeir ýmist í virka og kærleiksríka trú sem herst hefur í raunum og mótlæti, barnslegt *sakleysi* eða skapandi fórn-fúst *starf*. Oft á tíðum skarast þessir þrír þættir. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim hverjum um sig.

1. Gestur eineygði í *Sögu Borgarættarinnar* er frummynd hins heila manns í verkum Gunnars. Að hluta til liggja kristileg siðgæðisviðhorf persónugerð hans til grundvallar: þjáning, kærleikur og sjálfsfórni eru leið hans til endurlausnar og náðar. Gestur finnur dýrð friðlanda handan mannlegrar neyðar og angistar með því að fórna sjálfum sér og ganga píslarveginn að dæmi Krists. Hann krossfestir sjálfan sig og hlýtur með því blessun og fyrirgefningu.¹¹²

Vissulega búa mótsagnir í sál Gest. Heilög auðmýktin á í stríði við efasemdir sem stundum jaðra við guðlast; því að hann er:

/... / den til Døden fortvivlede og af Livet mærkede og mishandlede Sjæl, der tvivlede paa alt, selv sine egne Tvivl, splittet til sine Hjertedøder, et blodigt Raab mod Himlen.¹¹³

Hann biður til Guðs, sem hann veit ekki hvort er til, en er jafnframt sundurtættur af eitri háðs og guðlasts. Gestur er náskyldur hinum gamla Job Biblíunnar sem vonar þrátt fyrir útleið sína. Hann greinir mátt guðdómsins þrátt fyrir fjarvist hans:

– Gud i Himmelen, jeg føler din Nærhed . . . Eller er det din Fjernhed, jeg føler? . . . Jeg véd ikke, om det er Tilgivelse eller Fordømmelse, jeg føler omkring mit Væsen. Tilgiv mig, min Gud, hvis det er muligt. – O Herre, din Vilje ske.¹¹⁴

Gestur afplánar synd sína og skirist til hreinleika og friðar með því að helga líf sitt ástinni og mannkærleikanum. Þannig tekst honum að upphefja samræmisleysið og vaxa saman við sjálfan sig og veröldina: ná sáttunum margeftir-sóttu.

Gestur eineygði gengur aftur í þeim verkum Gunnars sem hér er fjallað um. Samræmiskennnd hans og lifun í náttúruna, ást hans og trú á öllu lífi minnir á Skúla í *Drengnum*.¹¹⁵ Í fórnfýsi sinni, kærleika og auðmýkt er hann forboði séra Ljóts og kvendýrtinganna. Líking hans við hinn þjáða Krist tengir hann séra Sturlu, Úlfi og Grími Elliðagrími. Almenn afstaða Gestis til tilverunnar og mannlífsins er náskyld lokaniðurstöðum *Sælir eru einfaldir*. Eftirfarandi hugleiðing hans sýnir glögglega þetta samhengi í höfundarverki Gunnars:

Jeg véd ikke, om der er nogen Gud, – tilgiv mig at jeg siger det, – jeg véd ikke, om der er nogen Gud, men jeg tror det og haaber det. Men jeg kan ikke sige, at jeg véd det, for saa løj jeg. Men uanset det, – jeg véd, at der er mere Lykke ved Fred end ved Splittelse i Sindet. Jeg véd, at Fjendskab gør Hjerterne onde, mens Venskab gør dem gode. Og jeg véd, at Menneskenes Liv bliver rigere ved Kærlighed og Godhed, bliver udholdeligere, og bliver naturligere. For hvor der kun er Kamp og Fjendskab, synes Livet meningsløst. Det eneste, der giver Livet Mening er, at man forsøger at faa noget godt ud af det. – 116

Öll örlög eru góð, segir Gestur eineygði í anda Einars Kvarans, því að Guð býr í syndinni: „Herren maa anvende de forskelligste Midler for at fremkalde det bedste i dem.“¹¹⁷

Fulltrúa þessarar trúarlegu samræmisvitundar er víða að finna í skáldsögum Gunnars. Nefna má séra Ljót, öldunginn sem skírðist í eldi þjáningarinnar, Helgu og Margrétu, sem færðu líf sitt að fórn í þágu ástar sinnar, og Önnu, sem sameinaði sakleysi barnsins og visku öldungsins í kærleiksríkri sál.

Séra Ljótur og Anna litla eru góð dæmi um trúmenn sem lifa eins og veruleikinn sé draumur. Þau eru börn gæfunnar í heimsins kröm og njóta lífsins þrátt fyrir allt. Traust þeirra á tilverunni er af toga innsæis og dulkynjaðrar tilfinningar, samræmiskennnd þeirra „yfirskilvitleg“. Skynsemin, segir séra Ljótur, er einatt ekki annað en vífilengjur og vafi. Maðurinn verður að hlusta á hjartað því að þaðan

hljómar rödd guðsdómsins. Samhygð og fórn eru leiðarljós séra Ljóts: kærleikurinn er endurskin guðdóms sem hann skynjar í eigin brjósti.

Hvorki séra Ljótur né Anna stíga út fyrir landamæri mannlegrar getu eins og séra Sturla. Þau eru sátta við takmarkanir mannlífsins og gleðjast yfir lögmálinu því að það ber Guði vitni. Líf þeirra er samhljómur og afstaða þeirra í anda Gests eineygða: öll örlög eru góð! Þessi tilfinningalega vísu gerir þau á sína vísu öfundsverð og sterk. Þeim hefur hlotnast hæfileiki til að lifa einföldu en auðugu lífi við mannlegar aðstæður. Jón Oddsson gerir sér grein fyrir þessu þegar hann situr við dánarbed vinkonu sinnar:

Dette Barn, som jeg var saa langt overlegen i Alder, Erfaring, Tænkning og saakaldt Viden, var til Gengæld mig uendeligt overlegen i Sjælens Styrke. Det slog mig med pludselig Undren, at af os to var jeg den svage – i Kraft af alt det, som netop skulde udgøre min Overlegenhed . . .¹¹⁸

Þau hafa fundið og samþýðst þeirri einingu sem allir leita að. Séra Ljótur beygir sig fyrir náttúrunni en yfirstígur hana jafnframt í krafti trúar sinnar á æðri tilgang og óendanleika. Hann upphefur fjarstæðuna með því að gefast tilfinningunni á vald.

Helga og Margrét eru náskyldar séra Ljóti og Önnu. Líf þeirra er samfelld fórnfæring og sjálfsafneitun.

Í þessum persónulýsingum hafa sjálfsafneitun og þjáning grundvallarþýðingu. Í eldskírn mótlætis og rauna opinberast þýðing og markmið tilverunnar. Hin kristilega hugmynd um hreinsandi mátt þjáningarinnar liggur m. ö. o. þessari manngerð til grundvallar. Leið þísla og þjónustu er vegur hennar til hreinleika og samræmis. Hún upplifir tragískar hliðar lífsins en trúarvitund hennar gerir henni kleift að taka því sem að höndum ber og lifa innihaldsríku lífi.

2. Trúarvitundin er ekki eina uppspretta samræmis í lífinu. Eldjárn skipstjóri, tengdamóðir Gríms Elliðagríms og fleiri sækja tilgang sinn í „lífþrungna játningu“ skapandi

og ósýngjarnrar vinnu. Þau eru menn staðreynda og láta ekki „draumóra“ villa sér sýn. Veruleikinn er veruleiki, draumórnir draumórar og búið. Vegur þeirra er beinn og breiður, farinn undir merkjum samviskusams þolgæðis og trausts á lífinu. Þessar persónur lifa heilsteyptu lífi af því að vonir þeirra eru bundnar við nærtækustu viðfangsefni. Þær lifa innan sjóndeildarhrings daglega lífsins og reyna ekki að komast út fyrir hann. Þetta eru m. ö. o. „praktiskar“ manneskjur. Nánasta umhverfi svalar líkamlegum sem andlegum þörfum þeirra.

Það gætir nokkuð tvíbentrar afstöðu til þessara „heilsteypu“ manna í verkum Gunnars. Hann viðurkennir að þeir séu öfundsverðir en aðdáunin er oftast nær blandin. Í augum Úlfs er Eldjárn t. a. m. almennilegasti maður – en dálítið barnalegur! Þessar persónur eru öfundsverðar vegna öryggis síns; lífið er þeim ekki stanslaus þjáning og óvissa, vitundin ekki kross. – En af hvaða rótum er jafnvægi þeirra runnið? Er það afsprengi uppgjör og sjálfsskoðunar eða endurspeglar það e. t. v. þröngsýni flóafíflsins? Er grundvöllur þeirra jafn óbrotgjarn og virðist við fyrstu sýn? Lesanda er látið eftir að dæma um það en minnst má Finns á Vaði sem sver sig mjög í ætt við Eldjárn. Hann lifði heill í sambandinu við móður Náttúru: „Arbejdet havde været hans daglige Glæde, og Resultaterne havde været hans Lykke.“¹¹⁹ Sviptur jörðinni gliðnar lífsgrundvöllur hans.

Þessar persónur endurspeglar tilvistaraðstæður sem hinn „meðvitaði“ nútímamaður getur ekki upplifað þrátt fyrir vilja í þá átt. „Vitundarveila“ hans er sjúkdómur til dauða. Hann getur ekki snúið við á einmanabraut sinni og vitjað tilgangs í félagslegum verkahring eða einfaldri hollustu við lífið. Það krefðist þess að hann afneitaði sjálfum sér og gæfist sjálfsblekkingu á vald. – Og heilt líf verður ekki byggt á óheilindum.

3. Barnið er líkt og öldungurinn tákn hins hreina og heila í bókum Gunnars. Sakleysi þess er uppspretta æðra

samræmis vitundar og veruleika. Í huga þess er heimurinn leikvöllur þar sem óskirnar rætast og draumarnir eru veruleiki. Skúli í *Drengnum* og Sölvi í *Ströndinni* lifa í milli-liðalausum trúnaðarsambandi við veröldina. Lífið allt er ævintýralegur möguleiki í þeirra augum. Þeir hafa ekki etið epli skilningsins og gera sér því ekki grein fyrir vangetu sinni og takmörkun. Þeir lifa í „/. . . / barnlig Glæde og Lykke, og i fuldstændig Ubevidsthed om Verdens Svigefulhed, Ustadighed og Smuds.“¹²⁰


Þessi börn eru heil í samstæðum heimi. Líf þeirra er ímynd frumástands sem horfið er hinum meðvitaða manni í blámóðu fortíðar. En það fylgir honum sem grunur eða draumur um fagra veröld hreinleika og hamingju.

V. 3. Þversögnin í vitundinni

Í skáldsögum Gunnars Gunnarssonar á sér stað látlaus togstreita á milli draumkenndrar þrár og jarðbundinnar skynsemi sem hamrast hefur af kaldranalegri lífsreynslu. Þetta tvítog birtist í tilraunum rithöfundarins til að komast fyrir rætur leyndardómanna og upphefja þversagnir mannlífsins. Hin tragíska söguhetja Gunnars er klofin á milli tveggja heima. Hún reynir að hefja sig yfir uppruna sinn í náttúrunni og samþýðast einhvers konar æðri einingu. Þessi viðleitni stafar af því að náttúran fullnægir hvergi nærri þörfum hennar fyrir jafnvægi, samhengi og tilgang. Í augum hennar er náttúran veruleiki miskunnarlausrar eyðingar og þar með höfuðfjandi mannglegrar óskhyggju. Söguhetja Gunnars leitar hins algilda til að geta lifað. Verðmætin sem hana dreymir um eru henni tákn raunverulegs lífs andspænis náttúrunni sem ber dauðann í sér. Maðurinn verður því að yfirstíga náttúruna vilji hann ná tökum á eigin tilveru; hann verður að „aflífa“ dauðann og taka „völdin“ í eigin hendur.

Söguhetja Gunnars stefnir sem fyrr segir frá uppruna sínum. Hún sættir sig ekki við þá tilhugsun að hún sé einungis liður í efnislegri hringrás. *Eitthvað* í mannlífinu verður að hafa æðra gildi því að annars væri allt út í hött! Þetta „eitthvað“ tekur vanalega á sig mynd „andlegs varanleika“ – algildis. Í hugarheimi séra Sturlu og Gríms Elliðagríms getur einungis slíkur varanleiki réttlætt óskapnaðinn sem við blasir í hinni skynjanlegu veröld; jarðlífið er að þeirra mati ófullkomið endurkast hins eina og sanna lífs. Tragedía þeirra er í því fólgin að silfurstrengurinn á milli goðheima og mannheima er brostinn. Vitund þeirra stendur magnþrota frammi fyrir óyfirstíganlegum torfærum. Skynsemin kennir þeim að himinninn sé auður og Guð dauður, lífsreynslan bannar þeim friðland trúarinnar. Tálheimur rómantikur og kristindóms er liðinn undir lok. Atburðarás *Strandarinnar, Vargs í véum og Sælir eru einfaldir* snýst að verulegu leyti um sjálfsvíg: rökvitund mannsins tortímur trúnni og sjálfum honum með.

Helstu eigindirnar sem tengjast hugtökum guðs og náttúru í fyrrnefndum verkum Gunnars eru taldar upp hér að neðan. Mótsetningapörin leggja að mínum dómi grunn að hugmyndaheimi verkanna:



Í þessum mótsetningapörum er falin sú þversögn sem klýfur hugmyndaheim Gunnars. Honum er um megn að setta eða samþýða tragíska skynjun sína og trúarlega þörf, hann getur hvorki játað né neitað. Því má lesa úr skáldverkum hans tvær andstæðar staðhæfingar:

Maðurinn verður að vera trúr vitsmunum sínum og lífs-

reynslu í lífsglimunni. Hann verður að horfast í augu við staðreyndirnar og temja sér gagnrýna afstöðu svo að hann leiðist ekki á braut lífslyginnar. Sjálfsblekking og lífsskoðun reist á grunni órökvisrar trúar eru í eðli sínu lífsfjandsamlegar og leiða einungis til andlegs horfellis. Manneskjan verður að vita og virða takmörk sín.

Skynsemin gerir lífið óbærilegt. Rökvitið segir manningum að takmörkunin sé óbætanleg og þráin út í hött – að lífið sé fáránlegt. – En hann getur ekki lifað án tilgangs og vonar í fjarstæðum heimi. Söguhetjur Gunnars geta hvorki gefið skynsemina upp á bátinn né barist við heiminn með vopnum hennar. *Meðvitund* þeirra um ógæfu lífsins dregur þær ofan í djúpin, fjarstæða tilverunnar eyðir þeim.

Útlagarnir þrír – séra Sturla, Úlfur Ljótsson og Grímur Elliðagrímur – bregðast allir við lífsvanda sínum með flóttu – sjálfseyðingu. Þeir geta ekki lifað í því víti sem tilvera án Guðs er; „sjálfsmorðið“ er eini valkostur þeirra.

Gunnar Gunnarsson lýsir í verkum sínum *ómögulegu lífi, sjúku lífi.* Tilvera söguhetja hans er píslarganga til dauða. Hjarta þeirra er stærra en svo að þær geti sætt sig við staðreyndir; látlaust reyna þær að snúa fljótsstraumum upp í móti, breyta því óbreytanlega. Þær eru donkíkótar í endalausri burtreið við heiminn.

Lífsvandi þeirra á upptök sín í *meðvitundinni*; hún er krossinn sem þær eru festar á, uppspretta óumræðilegrar einsemdar og angistar. Hugrenningar Ugga í *Fjallkirkjunni* varpa víða skýru ljósi á þessar aðstæður þeirra. Á leiðinni til Danmerkur í fyrsta sinn verður honum hugsað:

Min Hjemløshed skyldtes at jeg havde tænkt. Den som tænker har ikke længere Samfund i Sogne, i Lande, i Menigheder. Han er udenfor. Han er ene. Han er fulefri.¹²¹

Vitsmunaveran er *útlagi* í sjálfri sér og tilverunni – vargur í véum. Hún er sjúk því að meðvitundin er sjúkdómur sem dauðinn einn getur „læknað“. Líf hennar er nauð til dauða.

SJÖTTI KAPÍTULI: HEIMSMYNDIN

VI. 1. Sannleikurinn er sagna bestur

Í viðtali við danska blaðið *BT* sagði Gunnar Gunnarsson 6. október 1920: „Ja, der er kun een Salighed: Enfoldighedens.“ Ógæfa söguhetja hans stafar af því að þær skortir þessa einfeldni; þær eru *meðvitaðar* og geta ekki til lengdar lifað í sjálfsblekkingu. Sjálfsvirðing þeirra og dómgreind leyfa slíkt ekki: Það sem upphefur einfeldninginn gerir úr okkur auvirðilegar gaudir, segir Grímur Elliðagrímur. Maðurinn verður að vígbúast nægum kjarki til að horfast í augu við sjálfan sig og veröldina algáðum augum; hann má ekki ljúga sig frá sjálfum sér og veruleika sínum.

En gerir Gunnar ef til vill kröfu um ofurmannlegt þrek, æðruleysi ofar mannlegri getu? Er hið „alsanna“ þess virði að því öllu sé fórnað, andlegum sálarfriði og jafnvel lífinu sjálfu? – og er sannleikshugmyndin ef til vill bláasta rómantik þegar allt kemur til alls? Það hvarflar reyndar að Gunnari. „Hvad er Sandhed!“ spyr Uggi í *Fjallkirkjunni*; ¹²² „Er Dybet intet Dyb?“ ¹²³ segir í *Ströndinni*. Lífsvandi Gunnars er af toga 20. aldar; hann „guðgerir“ ekki sannleikann eins og Gestur Pálsson; hann trúir ekki á merkinguna eins og Thomas Hardy. Rithöfundurinn enski var sannfærður um að tilveruvefurinn væri táknrænn, að hlutverk mannsins væri að leita merkinguna uppi í krafti rökvits síns. Efahyggja Gunnars er rammari og tekur oft til merkningarinnar sjálfrar; angist hans er djúptækari en hjá Hardy.

Skoðanir Gunnars eru samt sem áður náskyldar hugmyndum Hardys. Báðir telja að manninum sé fyrir bestu þegar á reynir að horfast í augu við lífsháskann og glíma

við Meyljónið þrátt fyrir angistina sem því fylgir. Veruleikinn verður ekki skáldaður burt til frambúðar og líf í sjálfsblekkingu er fallvaltara en foksandur! Sannleikskrafan kemur skýrt fram í merkilegum ritdómi sem Gunnar skrifaði um *Tess d'Urberville* eftir Hardy. Þar segir meðal annars:

Hans [þ. e. Hardys] Sandhed om Livet er vel næppe den endelige og udtømmende Sandhed, men har dog det Fortrin, at han er en konsekvent Mand, at hans Sandhed er én, mens den danske Folkekirke, hvor Ulv og Lam græsser, omend ikke altid lige fredeligt, Side om Side, efterhaanden har udviklet sig til en saa tidssvarende og velassorteret Baade- og Forretning, at enhver kan vælge hvilken af dens Sandheder, der passer ham bedst – eller upaataalt lade dem ligge.¹²⁴

Manneskjan verður að vera sannleikanum trú hvað sem á dynur. Gunnar hefði getað gert eftirfarandi orð Hardys að sínum: „If an offense come out of the truth, better it is that the offense come than that the truth be concealed.“¹²⁵

Hardy varð eins og Gunnar fyrir hörðum árásum farísea í heimalandi sínu fyrir bölsýni og ófagrar lýsingar. „Sannleikur“ hans um lífið féll mönnum illa í geð; hann var óþægilegur og krafðist þess að menn tækju hefðbundnar hugmyndir sínar til endurskoðunar.

Í eftirmála við Landnámuútgáfu *Strandarinnar* fjallar Gunnar um þá móðursýki sem menn temja sér yfir frá-sögnum opinskárra skálda:

Hitt virðist gera minna til, að hlutirnir eigi sér stað. Hugsunin að baki, ef nokkur er, virðist vera sú, að það sé meira um vert, að hið „ljóta“ fái að liggja í þagnargildi en að á það sé bent og úr því bætt. Það er ekki og verður aldrei að sama skapi vinsælt sem það er virðingarvert að reyna að kenna ósvinnum mönnum að skammast sín – og annars svinnum mönnum að forðast yfirhilmingu ósvinnunnar.¹²⁶

Sannleiksleitinn er mannum nauðsynlegt leiðarhnoða því að óheilindi jafngilda svikum við skyldurnar sem lífið leggur honum á herðar. Aðeins með raunsærri veruleikalýsingu og trúnaði við sjálfan sig fær rithöfundurinn einhverju áorkað til betri vegar.

Í formála að *Novels and Poems* segir Thomas Hardy:

It must be obvious that there is a higher characteristic of philosophy than pessimism, or than meliorism, or even than the optimism of these critics – which is truth.¹²⁷

Einungis með heiðarlegri könnun á veruleikanum getur orðið um þróun fram á við að ræða. Maðurinn verður að hafa kjark til að meta aðstæður sínar á raunhæfan hátt því að mannleg kjör verða ekki bætt án skilnings á því hver þau raunverulega eru. Í ljóðinu *In Tenebris* kemur Hardy svofelldum orðum að sömu hugsun:

If way to the Better there be, it exacts a full Look at the worst.¹²⁸

Bæði Hardy og Gunnar eru sjálfum sér trúir og víla ekki fyrir sér að fjalla um ömurlegustu þætti mannlegrar tilveru. Af sumum voru þeir nefndir „bölsýnismenn“, en skyldu viðhorf þeirra ekki sprottin af skýrri sjón og rök-réttri hugsun? Í viðtali árið 1956 kemur Gunnar skýrum orðum að því sannleiksboði sem hefur verið grunntónninn í öllu höfundarverki hans:

Tilgangurinn með lífsstarfi mínu hefur eiginlega alltaf verið sá að nálgast sannleikann, reyna að skýra hið óskýranlega fyrir sjálfum mér og öðrum. Það eina sem er óþolandi er að skilja ekki hin yztu rök.¹²⁹

Það sem kallað er „bölsýni“ er yfirleitt ekki annað en heiðarleg könnun á neikvæðum þáttum veruleikans, tilraun til að komast til botns í vandamálum sem fyrir hendi eru. En „bölsýnin“ glatar hinum jákvæðu eigindum sínum ef hún fær að rása einráð, ef hún þróast upp í lífsafneitun. Lífsstarf Gunnars sýnir að hann hefur reynt að fara meðalveginn. Í fyrrnefndu viðtali segir hann:

Annars hef ég alltaf litið sömu augum á svartsýni mína og bjartsýni. Þessar tvær ólíku hliðar á tilverunni hafa alltaf farið saman hjá mér.¹³⁰

Þessi viðhorf endurspeglast í þeirri tvídrægni sem einkennir verk Gunnars alla tíð, ekki síst þau sem fjallað er um í þessari ritgerð.

VI. 2. Alvaldið og friðþægingin

Vonir Gunnars birtast einkum á tvennan hátt í verkum hans 1915–20. Í *Sælir eru einfaldir* er að finna fremur óljósa húmaníska trú á mátt kærleiksríkrar viðleitni upplýstra manna. Lífsvon Gunnars tengist „guðdómsgneistanum“ í manneskjunni sjálfri, þrá hennar til hins góða og göfuga. Í *Drengnum* (1917) birtist rómantískur draumur um samsömun manns og alveru í dauðanum, eins konar nírvana tilvistarleysis.

Drengurinn hefur sérstöðu meðal verka Gunnars. Þessi stutta skáldsaga er ljóðrænt og táknauðugt verk á mörkum ævintýrs eða goðsagnar, einlæg og tilfinningarík tjáning. Sagan greinir frá þroska manns sem tekst að varðveita „barnslega“ skynjun sína til æviloka. Lýst er manni sem „á heima í helgidóminum“ og finnur frið í nánú samlífi við náttúruna.

Saga drengsins, Skúla, skiptist í tvo hluta sem markast af utanferðunum tveimur. En þroski hans er ferð á milli þriggja stiga: frá samræmi um samræmisleysi til endurnýjaðs samræmis. Hann lýkur ekki vegferð sinni í ringulreið og óskapnaði eins og flestar söguhetjur Gunnars. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þessum þróunarstigum, hverju um sig.

1. Bernskuheimur Skúla er heill og takmarkalaus því að tíminn, skipting fortíðar, nútíðar og framtíðar, er ekki til í huga hans. Hann lifir í andrá óendanlegra daga sem búa yfir ótölulegum möguleikum. Ekkert er ógerlegt í vitund barns sem dreymir. Þetta vitundarleysi óvitans, þessi bernska samræmiskennd, speglast í sambandi Skúla við ána. Hann á tilveru sína henni að þakka því að í upphafi tímans hlífði hún lífi hans. Af þeim sökum verður hún smátt og smátt að ímynd lífsins í augum hans. Árniðurinn rennur honum að innstu hjartarótum og byrlar honum drauma. Drengurinn og sístreymi verunnar verða eitt. Honum finnst

„som om der gik en dulgt Strøm fra hans Hjerte til den og tilbage igen.“¹³¹ Á árbakkanum unir hann sér daga langa og á dulmál við elfina – því að hún er lifandi vera eins og allt það sem fullorðna fólkið kallar dauða hluti. Öll veröldin er lifandi heild í huga drengsins; himinfesting og jörð tengd órjúfanlegum böndum. Allt er af einu. Heimurinn er kærleiksríkur hjúpur um miðdepil sinn – manneskjuna. Náttúran á erindi við manninn.

En gátur lífsins taka að leita á hugann. Hvaðan kemur áin og hvert fer hún? Deyr hún þegar hún sameinast útsænum? Unaðarfullir draum dagar líða á braut og drengurinn flyst að strönd sjávarins:

/.../ Havet optog ham langt udover hvad han kunde se og sanse sig til. Nu fik han Øjnene op for den Mærkværdighed, at Floden i Bunden af Dalen tømte sine Vande i Fjorden, uden at det kunde mærkes. Og det samme gjorde jo alle Elve og Floder i alle Lande. Og Havet slugte dem alle, uden at svulme op og oversvømme Landene.¹³²

Honum skilst að árnar höfðu verið í „útleigð“; í útsænum áttu þær heima.

Nýr áfangi er hafinn í lífssögu drengsins. Nábyli árinna jafngilti öryggi móðurkviðarins; hún var upphafið. Nú stendur hann frammi fyrir undramætti og dýrð tilveru-hafsins sjálfs, djúpin eru að opnast fyrir honum. Áin heima hafði hughreyst hann og nært, tamið skynjun hans og leitt hann til sjálfs sín. Arfur hennar er það veganesti sem hann heldur með út í lífið.

Og í fyllingu tímans mun hann sameinast djúpinu eins og fljótið; eilífðarsærinn mikli mun endurheimta hann úr útleigð og hann ganga í forna eind lífs og dauða og alls sem er – því að ekkert deyr!

Veröld drengsins er ekki landið eitt, heldur haf og land í senn. Hafið rennur honum í merg og bein, samlagast eðli hans og eigindum. En samband hans við það einkennist ekki af draumkenndu vitundarleysi eins og samveran með ánni. Hafið vekur í honum ástríðu til að ráða lífsgátuna. Óljóst er hann farinn að gera sér grein fyrir mannlegum

takmörkunum. Hafið er vissulega óviðjafnanlegt, en enginn kemst lífs frá því að kafa til botns í því.

2. „I believe the moment of birth / Is when we have knowledge of death,“ sagði Eliot. Epli skilningstrésins jafngildir vitundinni um dauðann. Sá sem hefur etið verður ekki samur á eftir.

Móðir drengsins deyr. Guð og dauðinn ræna henni óforvarendis og heimurinn hrynur í rúst. Samtímis vaknar með drengnum sektarkennd – syndin er komin til sögu, friðlöndin að baki. Honum finnst hann bera ábyrgð á dauða móður sinnar: *hann* hafði gengið hana ofan í jörðina. Sektarkenndin magnar myrkrið sem umlykur hann og hótar að hremma hann. Tilveran missir sinn tryggja svip og drengurinn vaknar í gerbreyttri veröld:

Dagene, Solen, Lyset – hans Dag- og Natdrømme – alt var forandret. Han havde lært en Rædsel at kende, som ingen og intet kunde beskytte ham imod.¹³³

Drengurinn rumskar utan aldingarðsins á framandslóðum. Náttúran hefur snúið við honum baki, og skilið hann eftir einan í heiminum. Dauði móðurinnar rýfur festinguna, allsherjarsamræmi og algyði hverfast í óbærilegt dauðafarg. Sút og kvíði verða hlutskipti hans.

Þessi reynsla lifir með drengnum en smám saman sljóvgast broddur hennar. Hann kemst yfir versta sársaukann með því að gefa sig einverunni á vald – og fleygja sér í faðm sjálfsblekkingarinnar:

Kun naar han var ene, var han lykkelig. Men da var han ogsaa virkelig lykkelig. For i Ensomheden havde han lært at tage igen i Fantasien alt det Virkeligheden nægtede ham.¹³⁴

Milli drauma hans og forsendna í veruleikanum er ekkert samræmi.

Þetta er tími klofnings í lífi Skúla. Óljósar þrár og tregafullar minningar ánetja sál hans. Hann er „heimilislau“ og reynir að flýja aðstæður sínar eftir stigum draumóranna. Vaknandi fýsnir holdsins magna kreppuna og

kveikja með honum angist. Munardraumarnir skilja eftir sig „en raadden Smag af Skyld og Skam“. ¹³⁵

En einsemdin vekur í brjósti hans „dularóm“ sem með tímanum verður að silfurstreng og líftaug. Þessi ómur tengir hann á ný við tilveruna: „Og Klangene forenes til en Harmoni i Sjælen – en besynderlig Smertens Harmoni, en Tungsindets triste Ro.“ ¹³⁶ Tónninn sameinar í sér dulkynjaðan sköpunarmátt og ósén öfl sem flétta allt saman í eina heild. Hann er hið dulvitaða innsæi sem verður leiðarljós drengsins alla hans ævi.

Að lokum heldur drengurinn af stað í fyrri för sína út á sæinn: „Og ung som han var bildte han sig ind, at det sang om en fjern Lykkes Løndom, som kun *det* vidste Vejen til ...“ ¹³⁷

Drengurinn er ekki enn samvaxinn andardrætti lífsins „hér“ og „nú“, en trúir á paradísarheimt handan við sól og mána. Hann heldur af stað í leit að heimkynnum, væntir hamingjunnar á ókunnum ströndum. En hann leitar langt yfir skammt. Útivistin kennir honum aðeins að snúa heim á æskufjörurnar til sjálfs sín:

Den Lykkens Løndom, han var rejst ud for at søge, havde han ikke fundet. Men han havde fundet Vejen, den eneste, – Vejen tilbage til sig selv. Han havde fundet Freden, – den Fred, som hører Hjemstavnen til, – Hjertets dybe Fred. ¹³⁸

3. Utanferðin hverfir lífsstefnu drengsins, beinir honum af vegi óvissu, leitar og firringar inn á lönd friðar og samræmis. Honum tekst að yfirstíga tilvistarkreppuna sem „syndafallið“ hafði í för með sér, og slíta af sér tortímingarfjötra útlegðarinnar. Andstætt útlögunum sem hvergi eiga heima finnur hann leiðina heim – friðþægingu.

Drengurinn finnur sjálfan sig í uppruna sínum. Lífið verður honum upp frá þessu uppspretta að hugfró og innri hamingju. Hvað eru draumórar á við „blot at leve – blot at være til, – sanse Tilværelsens Lys og Mørke, Lyst og Smerte.“ ¹³⁹ Lífið sjálf „hér“ og „nú“ er gæfan mesta.

allt sem máli skiptir. Það sem ríður á er að *lifa* og taka gjöfum náttúrunnar opnum huga.

Náttúran er vöknuð til lífs á nýjan leik í hjarta Skúla. Silfurstrengurinn glymur á ný. Landið er ekki aðeins utan við hann heldur hluti af honum sjálfum:

Her talte Havet og alle andre Ting – selv de absolut stumme – til ham /- - -/. Her hørte selv Lyset og Luften paa løndomsfuld Vis *ham* til.¹⁴⁰

Drengurinn er horfinn inn í heiminn fyrir syndafall; í upphafinu finnur hann hamingjuna. Frá þessu er öll vera hans látlaus óður til tilverunnar, þrunginn innlifaðri lífsjátningu. Drengurinn lifir ekki fyrir annað en að *vera til*. Venjulegar búksorgir eru honum hégómi, eftirsókn eftir vindi. Hann þarf ekki að fylla tilveru sína þeim verðmætum sem aðrir sækjast eftir. Lífið sjálft er auðlegð hans og dularóminum fær enginn svipt hann.¹⁴¹

Drengurinn er einbúi en samt er hann aldrei *einn*. Náttúran er honum „Saa blid som en Moder, saa fortrolig som en Elskerinde.“¹⁴² Rökkrið er bróðir hans og rigningin systir. Innan um fólk getur maðurinn þjáðst af einsemd – dáíð úr einsemd – en með sjálfum sér í ríkjum náttúrunnar er hann aldrei aleinn.

Í fyllingu tímans heldur drengurinn á nýjan leik af stað út á reginhafið, trúrri sköpum sínum en skynsemi. Hann hefur ávaxtað pundið sem honum var gefið og tími er kominn til að sameinast djúpinu – að nýju.¹⁴³

Helganga Skúla út á ísbreiðuna er samfelldur óður til hins „eilífa, heilaga“ lífs. Ísfjötrar vetrar bresta, skýjaþykkni moltna í sundur, sól rís og dagur rennur.¹⁴⁴ Hann er á leiðinni *heim* eins og í fyrra sinnið. Ódeigur hlítir hann sköpum allrar mannskepnu, og mælir þegar á leiðarenda er komið:

Her staar jeg ene paa Isen.
ene med Livet og Døden.
vi er Treenigheden
– Jordens Treenighed.

Livet om mig og i mig,
 Døden om mig og i mig,
 jeg selv – et Glimt, en Gaade –
 nu bliver vi ét, som før.

Og honum er þökk á tungu:

For jeg har set Strømmen strømme
 forunderligt gennem Rummet –
 fra Evighedens Bjerger,
 mod Evighedens Hav.¹⁴⁵

Með þessu fullnast táknmyndur sögunnar: elfan hefur sameinast sænum mikla, mannlífið er horfið í eilífðina „heim“, samsamað alverunni.

Eins og bent hefur verið á liggja gildir þræðir á milli *Drengsins* og *Fjallkirkjunnar*.¹⁴⁶ Í verkunum báðum er sérstæðum hugarheimi barns lýst á svipaðan hátt. Atburðir og persónulýsingar sverja sig í sömu ætt og þroskasaga Skúla fram að fyrri utanför hans er að mestu samstiga lífsferli Ugga í bernsku. Þegar í *Drengnum* er Gunnar þannig farinn að beina sjónum að uppruna sínum og greina orsakir og afleiðingar eigin ævi. Leit hans að verðmætauppsprettu í eigin forsendum er hafin.

En síðari hluti *Drengsins* á sér ekki hliðstæðu í *Fjallkirkjunni*. Hann er lýsing hugljómunar eða draumsýnar, vonardraumur um friðþægingu í sundraðri veröld. Í raun byggist þessi rómantíska alheimssýn á sama grunni og heimsmynd stærri skáldsagna Gunnars. Mannlífið er örsmár hlekkur í óendanlegri náttúrukeðju, miskunnarsnaud verðandin gerbreytir, deyðir og lífgar án afláts um aldir alda. Hverfleikinn einn er eilífur. En þessi ómennska framrás – hjólið mikla – veldur ekki ógn og skelfingu í *Drengnum* heldur hugfró og hamingjukennnd. Skúli skynjar sjálfan sig sem sjálfsagðan og nauðsynlegan hlekk í óendanlegri keðju. Hann hefur sínu hlutverki að gegna þótt það sé smátt af sjónarhóli eilífðarinnar.

Tómið ægilega sem séra Sturla og kumpánar upplifðu hefur m. ö. o. breyst í eilífa lífslind; tilgangslaust öng-

Þveitið hefur umhverfst í þýðingarmikið samhengi, sem að vísu er ofar mannlegum skilningi.

Heimssýn *Drengsins* birtist í öðru verki eftir Gunnar frá árinu 1917, þ. e. smásögunni *Ekkjumaður* (Enkemand). Sagan fjallar um mann sem misst hefur heittelskaða konu sína og hugraunir hans á barmi örvæntingar og glötunar. Hann hafði tengt lífstrú sína við konuna, trúað á hana eins og Guð. Við dauða hennar verður honum myrkt fyrir augum. „Kæruleysi“ eða „tilfinningaleysi“ náttúrunnar magnar enn harm hans. Allt hélt leiðar sinnar eins og ekkert hefði í skorist. Áður hafði hann skynjað lífið á svipaðan hátt og Skúli; sál hans hafði verið uppfull af unaði og óræðri vissu um háleitan undursamleika alverunnar. Lífið sjálft hafði veitt honum hugfró og djúpa gleði:

... Denne Verden af Liv og Liden, hvori det havde været ham en Fryd at føle sig som et Fnug, et lillebitte Led i Helheden – denne besynderlige Foranderlighedens evig uforanderlige Verden, som før havde skænket ham Lykke i hver Regndraabe, hvert Snefnug, hvert Vaarens Blad, – hvor hver Skygge og hver Solstraale havde kappedes om at fylde ham med Fryd /.../.¹⁴⁷

Þessi heildarsýn vakti með manningu öryggiskennd og fullnægju. Heimurinn var þrátt fyrir allt „heimili“ hans, staður þar sem hann átti heima og var búíð ákveðið hlutverk. Vitundin um eilífðarsamhengið, sem hann var þátttakandi í, svalaði fullkonnunarþörf hans. Því fylgdi hamingja að vita sig „kun et Gran, et glimtende, hurtig tændt, hastig slukket Gran – i Livets Gnistvrimmel.“¹⁴⁸ Dauði, hvar er broddur þinn ef allt er að eilífu?

Þessi hamingjuríka samræmis- og eilífðarkennd verður að engu við dauða eiginkonu sögumanns. Hún hafði í raun verið lífsstofn hans – holdtekja óendanleika og takmarkalausrar gæsku. Dauði hennar rauf tjald festingarinnar. Hvernig getur manneskja með eilífa sál dáíð?¹⁴⁹

Hann hafði ekki þorað að bindast öðrum guðdómi af ótta við að vera dreginn á talar. Nú svipti náttúrunauðsynin – ómeðvitaður og miskunnarlaus „vilji lífsins“ – hann eina

guðinum sem hann átti. Er nokkuð eðlilegra en að óendanleiki verðandinnar hverfist í auðn og farg?

Ekkjumaðurinn veltir fyrir sér sama lífsvandanum og séra Sturla. Hver ber ábyrgð á þjáningu mannsins? Hver er ástæða þessara ástæðulausu hörmunga?:

Et Steds maatte der vel være Skyld? – Var den hos Livet? . . . Eller var der ingen Skyld? – ingen Skyld? – intet Steds nogen Skyld for det onde og ufattelige, der skete?¹⁵⁰

Ekkjumaðurinn stenst prófraunina og sannfærist um að „sök“ sé afsprengi mannlegrar skammsýni í þessu efni. Náttúran er saklaus af því að hún er ómeðvituð og fylgir aðeins lögbundinni ákvörðun; framvindan fylgir eðlisbundnum leiðum:

Nej, selvfølgelig var der ingen *Skyld* . . . Det ene skete – det andet skete. Det *skete*. Og dermed nok, – dermed færdig. Kun den ufornuftige kunde finde paa at raabe op om *Forklaring* – skrige paa *Skyld*.¹⁵¹

Það er harður kostur að lifa við ástæðulausa nauðsyn verðandinnar. En hún er eini kosturinn sem í boði er. Maðurinn verður að beygja sig undir „lögmálið“ svo fremi hann vilji halda lífi. Mannslífinu verður að lifa innan þeirra marka sem því eru sett. Frumskylda mannsins er að „lifa og una lífinu“, taka æðrulaust því sem að höndum ber og njóta auðsins sem tilveran þrátt fyrir allt býr yfir.

Ekkjumaðurinn stenst raunina af því að hann sannfærist um að mikilleiki mannsins nái út yfir gröf og dauða: Ef til vill er hlutverk mannsins innan þessara þröngu takmarka takmarkalaust! Í sál hans lifir bros konunnar og mynd hennar „var ham nær, – skönt hun selv var borte.“¹⁵² Dauðinn megnar ekki að vinna bug á hinu góða og göfuga sem ef til vill er hinsti tilgangur lífsins. „Kærleikurinn er aflbrunnur lífsins“ gætu verið einkunnarorð þessarar rómantísku sögu.

Í *Ekkjumanni* er „guðdómi“ mannsins stefnt gegn líf-fræðilegri nauðsyn. Niðurstaða sögunnar er *sátt* og *sam-eining*. Á grundvelli náttúrufræðilegrar heimsmyndar rís

vitund um jákvæða þýðingu og samhengi alls lífs. Í *Drengnum* eru skráð orð sem birta í hnotskurn sömu lífssýn:

Det gælder kun om at aabne sit Hjerte . . . holde sit Sind vaagent og levende – vaagent og levende i Fryd og Smerte, – fylde sig med Livet, det herlige, som det *er* . . . Og ydmyg lade dets uransagelige Vilje ske . . .¹⁵³

Drengurinn og *Ekkjumaður* vísa brautina til síðari verka Gunnars. En samræmiskenndin stóð ekki djúpum rótum í vitund rithöfundarins árið 1917. Leitinni var vissulega ekki lokið eins og önnur verk hans á sömu tíð bera ótvíræð vitni um.

VI. 3. Guðinn blindi og tortímingin

Frem *skal* Mennesket piskes – gennem Drifter og Drømme, gennem det onde og det gode, gennem Hæslighedens Lande og Skønhedens Riger. Alt hvad Livets er, *skal* det erfare – sig til Baade eller Fordærv. Saadan er Loven.¹⁵⁴

Þessi hugleiðing Skúla í *Drengnum* gefur okkur innsýn í hugarheim Gunnars Gunnarssonar. Sjálfur er hann klof-inn af hneigðum ólíkra stunda og kastast á milli bölmóðs og vonardraums. Þetta tvítog birtist mjög glöggt árið 1917. Þá sendi Gunnar frá sér leikritið *Ramt* (*Smaa Skuespil* 1917), sem er hálfgildings spegilmynd af *Ströndinni*, fullt bölmóðs og vonleysis, dæmisaga um óbætanlega útleigðar-nauð. Andi þessa verks er gjörsamlega öndverður öðrum verkum höfundarins á sama ári, t. a. m. *Drengnum* og *Ekkjumanni*. Í höfundarverki Gunnars togast þannig á kaldranaleg náttúruhyggja og upphafin samræmiskennd. Þessi þversögn er undirstaða fjölbreytninnar sem einkennir verk skáldsins: gagnstæðustu víddir mannglegrar reynslu rúmast í skáldskap þess. En jafnframt endurspeglar hún kreppu í vitund höfundarins. Hann virðist eiga í hörðu stríði við sjálfan sig á krossgötum friðþægingar og tortímingar.

Ef einhver Guð er til þá er hann „en ond Gud, en afmægtig Gud, en dum Gud“,¹⁵⁵ sagði séra Sturla. „Guð“ var í hans augum *djöfull* sem bar ábyrgð á því helvíti meina og harma sem mannlífið er. – En hvers vegna? „Hvad har vi Mennesker egentlig gjort? – Hvad har vi forbrudt? . . . For dette her er jo Helvede!“¹⁵⁶ spurði Grímur Elliðagrímur. Er lífið ekki annað en dyntur í huga sérlundaðs goðmagns? Er frumafl tilverunnar kannski „en gal Gud med ubegrænset Magt, en himmelsk Kejser Nero, hvis Rasen omspænder og til de mindste Atomer gennemtrænger Universet.“¹⁵⁷ Hefur einhver kaldhæðin ófreskja skapað þannan heim?

Bölmóður Gunnars Gunnarssonar er ekki bundinn við helgispjöll og guðlast þeirra séra Sturlu og Gríms Elliðagríms. Hann gengur lengra og afneitar Guði með öllu: Engin æðri vitund er til sem gefur lífinu merkingu því það er merkingarlaust; enginn grimmur goðvaldur er sekur því að maðurinn er hluti ómeðvitaðrar náttúru sem lætur sig örlög hans engu skipta. Þetta viðhorf einkennir flest verk Gunnars á tímabilinu sem hér um ræðir en eindregnast er það í *Ströndinni*. Þar skortir hið „jávæða mótvægi“ sem þó er að finna í hinum verkunum. Höfundarinnskot eru einnig persónulegri og ástríðufyllri – og ekki hafin með ræðunni: svo fremi . . . Hin tragíska heimssýn er afdráttarlaus.

Á 19. öld skófu náttúruvísindin alla mannlega merkingu af náttúrunni og leiddu í ljós að lífið stjórnast af efnislögmálum sem ákvarðast af sjálfum sér og þarfnast hvorki manna né guða. Þau renndu m. ö. o. stoðum undir heimsmynd án guðdóma og algildra verðmæta. Samtímis felldi þróunarkenning Darwins manninn úr háseti sínu í alheiminum. Hann gat ekki lengur litið á sjálfan sig sem drottvara sköpunarverksins og trúnaðarmann Guðs allsherjar. Staður hans varð á meðal annarra dýra jarðar.

Áhrifa hinna nýju viðhorfa gætti þó nokkuð í íslenskum bókmenntum fyrir tíð Gunnars Gunnarssonar. Í verkum

raunsæismanna á borð við Gest Pálsson og Þorgils gjallanda má til dæmis finna náttúruafstöðu í líkingu við þá sem ein-kennir verk Gunnars. Gott dæmi er hugleiðing sögumanns í *Sögunni af Sigurði formanni* eftir Gest Pálsson.¹⁵⁸

Sú mynd sem þar er dregin upp af stöðu mannsins í náttúrunni er náskyld heimsmynd Gunnars. Ólíkar menningar-forsendur valda því hins vegar að Gestur dregur aðrar niðurstöður af náttúruhyggju sinni en Gunnar. Hjá honum er hún ekki uppspretta tragískrar lífssýnar og fánýtis-kenndar.

Nietzsche sagði eitt sinn að:

/.../ the belief in the utter immorality of nature, and in the absence of all purpose and sense, are psychologically necessary attitudes when the belief in God and in essentially moral order of things is no longer tenable.¹⁵⁹

Þetta viðhorf Nietzsches kemur einnig fram í skáldsögum Gunnars Gunnarssonar þar sem dregin er upp mynd af náttúru sem er merkingarlaus frá sjónarhóli manna. Dauði Guðs hefur eytt þýðingu hennar og afhjúpað heim sem hvorki er siðlegur né ósiðlegur, mildur né grimmur – heldur *siðlaus*. Slik heimsmynd veldur óhjákvæmilega kreppu í sálarlífi mannsins því að fáir geta lifað þýðingarlausu lífi í tilgangslausum heimi. Þeir geta ekki hætt leitinni að einhvers konar sannleika, einhvers konar staðfestu og merkingu. Þessi þörf stangast á við vitneskju þeirra og fæðir af sér innri togstreitu.

Nietzsche kvað lífið vera sífellda endurnýjun, eilífa sköpun, óendanlega tilurð. Með kenningu sinni um „hina eilífu endurtekningu“ hélt hann sig hafa snúið á dauðann. Ekkert deyr, sagði heimspekingurinn, af því að allt kemur aftur eilíflega. Heimurinn hefur engan annan tilgang en að *vera* og breytast í endurtekningunni án enda. Hann er látlaust orkuflæði. Þessi kenning er tilraun manns til að svala óseðjandi þorsta sínum eftir eilífd og minnir að sumu leyti á hugmyndaheim *Drengsins*. En hún getur fáum flutt

frið. Kenningin segir okkur aðeins að lífið sé í eðli sínu merkingarlaust orkustreymi sem haldi áfram að eilífu. Er maðurinn ekki jafn bölvanlega staddur eftir sem áður?

Gunnar Gunnarsson notar margvíslegar myndir og tákni til að tjá náttúruhyggju sína. Algengastar eru táknumyndir *hjólsins* og *hins blinda guðs*. Í *Ströndinni* er mannkyninu lýst sem fylkingu hlekkjaðra þræla á lögbundinni ferð sem þó er engin ferð heldur hreyfing í hring:

Rundt i Aarets Hjul vandrer Menneskene som Slaver. Dagene er som Trin i en Trædemølle – ingen kan springes over. Rundt, rundt, – og dog stadig paa Stedet – vandrer de lænkede Slavers Tog . . . Indtil de enkeltvis segner og fejes paa Fremtidens Mødding. –¹⁶⁰

Maðurinn er þræll þessa ósveigjanlega „lögmáls“; líf hans hringrás „frá gerbreytingu til gerbreytingar“. Mannslífið er ekki annað en ferð vitundartýru frá óminni til óminnis, hringrás úr tómi í tóm. Maðurinn er knúinn áfram af náttúrunauðsyn, tilfinningalausri og óseðjandi. Lífið er böðull sem á engan sinn líka að grimmd – sem þó er ekki grimmd því að lífslögmálið er „ómeðvitað“:

Opsynsmanden uden Hjerte, Tilværelsen, piskede sine Slaver frem fra Trin til Trin – de vaagne og de døsige, de glade og de sørgmodige, de frejdige og de bitre, de træge og de ivrige. – alle maatte de holde Trit.¹⁶¹

Lífið er ekki líf til hamingju heldur líf til dauða sem síðan ummyndast í nýtt líf – undir stjórn hins blinda guðs, umsjónarmannsins tilfinningalaus. Mannslífið sem virðist svo staðgott þessa stundina er orðið að ormahæli þá næstu sem aftur er frumefni í annað líf sem lýtur lögmálum sömu hringrásar. Mannslífið hefur m. ö. o. þann eina tilgang að vera áburður í nýja tortímingarframvindu; það er látlaus og tilgangslaus endurtekning.¹⁶²

Lífsbarátta mannsins er þannig stríð við blint goðmagn, ósigrandi fjandmann, sem er lífslögmálið sjálft. Mennirnir óska sér eilífðar og trúa því sem þeim hentar. Þeir búa sér til Guð í eigin mynd, reyna að stöðva hringrás gerbreyting-

arinnar. En hjólið stöðvast ekki, það eyðir um síðir öllum hamingju- og valdadraumum:

Forvandlingens tro Tjener, den aarvagne Død, fulgte utrættelig det drejende Hjul, – opsamlede stadig de ældste og de segnefærdig trætte; mejede undertiden vilkaarlig store Skarer ad Gangen; og pillede nu og da, i et grusomt Lune, de kraftigste eller dem, der gik frejdigst paa, ud af Flokken.¹⁶³

Baksvið átakanna í *Ströndinni* er vetur hörmunga og hungurs. Menn eru ofurseldir grimmdargreipum náttúruafla:

Det sneede stadig. / --- / Sneen kender ingen Gradsforskell, – Folk, Fæ, Luft, Land og Hav – alt omfatter den med den samme Bekymringsløshed. Dyd, Rang, Tro – enten det nu er Hjertets inderste Mening eller blot store Ord og fedt Flæsk, – for den eksisterer det ikke – ikke engang som tomme Begreber.¹⁶⁴

Náttúran á ekki til það siðgæði sem mennirnir í einfeldni sinni skenkja henni. Hún hlítir aðeins eðlisbundinni ákvörðun sinni: „Sneen var uskyldig. Den gjorde kun sin Pligt, – fulgte kun sin Bestemmelse.“¹⁶⁵ Mannleg örlög skipta náttúrumögnin engu. Hafi einhver villst í snjóþykkninu, liggi emjandi á æðri máttarvöld og frjósi í hel – þá hann um það! Snjórinn er áhyggjulaus, kærulaus og *saklaus*. Hann er ábyrgðarlaus enda hefur hann engan vitsmunalegan tilgang.

Þessi heimssýn minnir að sumu leyti á kenningar þýska heimspekingsins Schopenhauers. Hann gerði náttúruna að hálfgildings Guði sem skapaði og eyddi án tillits til þarfa einstaklingsins eða örlaga mannkyns. Hjá Schopenhauer er náttúran birtingarmynd *liffræðilegs vilja* sem starfar á vélrænan hátt, almáttugur og tilgangslaus. *Viljinn* er blint orkuflóð, ómeðvitaður og ásónulaus, en allar hugsanir og athafnir mannsins eru skilyrtar af honum. Maðurinn heldur sig frjálsan að velja og hafna en er í raun þræll liffræðilegrar nauðsynjar. *Viljinn* einn er frjáls og alvaldur. Starf hans í náttúrunni framleiðir ótal lífsform sem öll berjast fyrir tilveru sinni. En þessi orkueyðsla hefur engan tilgang;

hún er einvörðungu vélræn nauðsyn. Aflbrunnur alheims býr ekki yfir neinni skynsemi; hann eys lífsorkunni án samúðar með mönnum.

Mennirnir nota sína mælikvarða til að mæla lífið og gefa því merkingu. En náttúran er ekki mannhverf heldur ómennskur veruleiki; hún er *þrátt fyrir* manninn en ekki fyrir hann. Mannleg hugtök festast ekki á henni. Náttúran spyr ekki um „gott“ og „illt“, eins og Páll Einarsson segir; hún verðlaunar menn ekki fyrir breytni þeirra, henni „er sama“.

Hugmyndaheimur *Strandarinnar* er náskyldur þeim viðhorfum sem lögð eru Páli Einarssyni í munn í *Sælir eru einfaldir*. Skoðun séra Sturlu og Páls er söm á „kæruleysi“ og „merkingarleysi“ náttúrunnar. Í hugum beggja hefur náttúran snúið baki við manninum, breyst í framandi og óþekktanlegan veruleika. Lífið sjálft, orkuuppsprettan, er ómennskt og siðlaust. Maðurinn er dæmdur til örstutts æviskeiðs – sem oftast nær er gönuhlaup – í framandi og ókunnum heimi. Hann er útlendingur á jörðinni. Þessi framandleiki og útleigðarkennd grundvallar sjón séra Sturlu, Úlfs, Gríms Elliðagríms, Jóns Oddssonar og Páls.

Lögmál hjólsins – tilskipun hins blinda drottins – er dutlungafullt og tilviljunarkennt frá sjónarhóli mannanna af því að það tekur ekkert tillit til aðstæðna þeirra og slær oft þar sem síst skyldi. Þeim finnst lífið vera handahóf og gerræði – rökleysa: Ekkert er öruggt, allt á hverfandi hveli!

– Dauðinn er í sjálfu sér ekki meginóvinur mannsins. Hann er einungis *þjónn* hins blinda goðmagns, þræll lífsins. En staðreynd hans sýnir hve grátbrosleg öll viðleitni mannanna er:

Dens Ansigt var for alle Tider stivnet i et stort tænderblottende Haangrin, – den fandt det saa ustyrlig komisk, at der stadig var nogle i Slaveflokket, der troede at Trædemøllens Trin var Vejen til Lykken.¹⁶⁶

Í þessari grimmu tilveru er mannlífið röklaust og tilefnislaust. Öll merking, allt samhengi, drukknar í hringiðu látlausrar tilurðar og tortímingar. Líf og dauði eru eitt – eða

hvað?: „Ildblómsten, der i et Nu havde brudt Jøkelens Isdække og var sprunget ud til et kort, goldt fortærende Liv – der ikke var noget Liv.“¹⁶⁷

Í *Vargi í véum* er að finna ýtarlega lýsingu á þessari náttúrufræðilegu heimsmynd. Úlfur Ljótsson hafnar því með öllu að maðurinn sé „herra náttúrunnar“, að hann sé „sál tilverukeðjunnar“, miðdepill alheimsins; manneskjan er þræll blindra efnislögmála í augum hans:

Menneskene troede i deres Hovmod, at de havde en Særstilling i Naturen . . . Bav! – Tilværelsen var en Kæde, hvori de enkelte Led var nittede omhyggeligt i hinanden . . . Tiderne rullede, – Kæden gled . . . Men Menneskene var bare ikke, som de troede, Kædens Sjæl . . . Kædens Sjæl! – den vilde vist blive vanskelig at finde! – For den var vel ikke andet end *en Vilje*, Kraften i Naturen, Stoffernes lovbundne Blanding, Dyr og Blomsters Opstaaen, – *en blind Magt* . . .¹⁶⁸ (Skál. MVS)

Náttúran lýtur lögbundnum *vilja* blindrar náttúru – ásjónulauss *guðs*.

Mannslífið er ekki verðmætara en blóm á bala. Lögmálið er hvarvetna hið sama: líf og dauði í eilífri hringrás. Tilveran heldur áfram leiðar sinnar „frá því óskynjanlega og óþekkta til hins óþekkta og óskynjanlega“. Ef eitthvert vitsmunalegt samhengi liggur að baki er manningum um megn að skilja það.

Þessi náttúrlega heimssýn er ekki jafn eindregin í *Vargi í véum* og í *Ströndinni* því að harðari hrið er gerð að dómgreindinni í fyrrnefndu bókinni. Getur maðurinn yfirleitt nokkuð sagt um náttúruna og „lögmálið“? Hann þekkir aðeins brot af tilverunni; heildin sjálf er utan sjóndeildarhrings hans og skynjunarmöguleika. Ber „neikvæður“ dómur ekki vott um ámóta hroka og „lífsjátning“?

Hans [þ. e. Úlfs] Maade at bedømme Livet paa, var jo sikkert kun det rene Hovmod – og intet andet, tænkte han. – Livet var jo i sig selv umuligt at bedømme, --- fordi man hverken kunde skue dets Ophav eller skimte dets Slutning . . .¹⁶⁹

En þrátt fyrir þetta geta fæstir látið staðar numið við landamærin; vitsmunaleg ástríða samslungin tilfinninga-

legri þörf ber skynsemi þeirra ofurliði. Útlagar Gunnars Gunnarssonar eru dæmi um slíkt.

VI. 4. Gunnar Gunnarsson og Thomas Hardy

Fyrr í ritgerðinni hefur verið bent á hliðstæður með Gunnari Gunnarssyni og enska rithöfundinum Thomas Hardy (1840–1928)¹⁷⁰. Lífsviðhorf þessara höfunda eru keimlík og ekki ósennilegt að ritsmiðar Hardys hafi haft umtalsverð áhrif á hugsun og skáldskap Gunnars. Gunnar fór reyndar ekki dult með velþóknun sína á sagnameistar- anum enska. Í ritdómi um *Tess d'Urberville* árið 1925 sagði hann til dæmis fullur aðdáunar:

Thomas Hardy burde blive mere end et Navn i danske Øren. Af nulevende har han i Romankunst kun faa Ligemænd, og ingen Overmand. Desuden er han en barsk Britte, som det er Helsebod at hilse paa.¹⁷¹

Bæði Gunnar og Hardy leituðu sannleikans af ákefð og ástríðu; tilgangur lífsins var vandamálið mesta í augum beggja. Þeir glímdu við hið illa í heiminum, óréttlætið og ástæðulausa þjáningu mannkindarinnar í bók eftir bók. Báðir voru upplýstir efahyggjumenn og háðu skelegga bar- áttu gegn úreltum siðvenjum og trúarkreddum sem lögðu mannlífið í fjötra. En skyldleiki þeirra birtist þó einkum í eftirfarandi atriðum:

Þeir túlka lífið sem ógæfu í ljósi náttúrufræðilegrar nauð- synjar. Báðir draga upp mynd af manneskjunni sem fórn- arlambi innri og ytri nauðungar. Sömuleiðis hafa þeir ríka samúð með vonum og viðleitni stríðandi mannkyns og boða samkennd sem leið til að lifa af í fáránlegri tilveru.

Í skáldsögum sínum og ljóðum túlkar Hardy lífið á líf- fræðilegan hátt í anda vélhyggju. Aflbrunnur tilverunnar er að hans dómi blint afl sem starfar án markmiðs og til- gangs. Það er ómeðvitað um sjálft sig og þar af leiðandi skeytingarlaust gagnvart mannlegum örlögum, siðlaust og

veit ekki mismun góðs og ills.¹⁷² Í hverju verkinu á fætur öðru sýnir Hardy hvernig þetta frumafl – hinn líffræðilegi vilji – starfar samkvæmt lögbundinni nauðsyn án minnsta tillits til mannsins. Í þessum heimi er Guð ekki til. Hann er dauður og blindur vilji náttúrunnar kominn í hans stað. Þar sem Nauðsynin tekur ekkert tillit til aðstæðna mannsins kemur hún honum fyrir sjónir sem hending og gerræði. Veruleikinn er merkingarlaust öngþveiti frá sjónarhóli hans.

„Kæruleysi“ náttúrunnar kemur í veg fyrir að maðurinn geti orðið hamingjusamur til langframa; veröldin hefur ekki rúm fyrir „jákvæðar“ tilfinningar. Árið 1885 ritaði Hardy eftirfarandi orð sem lýsa vel viðhorfi hans:

It may be questioned if Nature, or what we call Nature, so far back as when she crossed the line from invertebrates to vertebrates, did not exceed her mission. This planet does not supply the materials for happiness to higher existences.¹⁷³

Tilfinningum og vitsmunum mannsins er ofaukið í heimi sem þessum. Þau eru bölvun hans og kross.

Í verkum sínum dregur Hardy upp mynd af angistarfullri píslargöngu manna í framandi heimi. „Har Hardy mon tænkt paa den Korsfæstede, da han, sin Bogs Plan tro, ofrer Tess, lader hende ende i Galgen?“ spyr Gunnar Gunnarsson í ritdómi sínum.¹⁷⁴

Fyrir kemur að Hardy, líkt og Gunnar Gunnarsson, öfundar þá sem trúa með einfeldni hjartans en hann er of opinskár við sjálfan sig til að geta fetað í fótspor þeirra.¹⁷⁵

Söguhetjur Hardys eru fórnarlömb ytri sem innri nauðungar. Þær hafa margbreytilegar tilfinningar og markmið en þegar allt kemur til alls stjórnar „hin líffræðilega nauðsyn“ hugsunum þeirra og gerðum. Aðstæðurnar bera óskir þeirra ofurliði. Hardy leggur áherslu á hlut ómeðvitaðra sálarafra og röklausra hvata í manneskjunni. Maðurinn er í hans augum óráðin og klofin vera. Hvað þetta varðar er skyldleiki þeirra Gunnars ótvíræður. Að mati Samuel Hynes birta verk Hardys:

/.../ his sense of the irreconcilable disparity between the way things ought to be and the way they are: the failure of the universe to answer man's need for order.¹⁷⁶

Þetta er kjarni absúrdrar reynslu og uppspretta kaldhæðninnar. Lífið sjálft bindur endi á allar vonir; mannlegar þrár eru út í hött! Í þessu samhengi má enn á ný skoða eftirfarandi klausu úr *Ströndinni*: „Dens Ansigt [þ. e. dauðans] var for alle Tider stivnet i et stort tænderblottende Haangrin /— —/.“¹⁷⁷ Hið íroníska er samofið lífsforsendum mannsins. Tilveran sjálf er íronistinn mesti. Þessi mynd er náskyld sýn Hardys sem Glicksberg lýsir á svofelldan hátt:

There is no way, according to Hardy, of justifying the trials and torments of existence. Could some monstrous ironist, as Hardy asks, have devised this absurd world? Better extinction than to be exposed to such calamities. To be born is a curse. If the Immanent Will is God, a mechanical and unconscious It, then life is a blind accident and human values are meaningless illusions.¹⁷⁸

Hardy hafnar þó voninni aldrei með öllu. Ef til vill er leið út! Ef til vill kemst frumafl tilverunnar til vitundar um sjálft sig með tíð og tíma. Ef til vill þroskast lífið til hærri hæða í gegnum framsækna viðleitni upplýstra manna sem eru sjálfum sér trúir! Vonir Hardys eru mjög svipaðar draumum Gunnars. Ernest Brennecke segist svo frá þeim:

This rather vaguely defined hope of faith in the ultimate rightness of things takes three general forms: the Nirvana of non-existence, the growth of consciousness in the Will, and a melioristic belief in the gradual improvement in life through the idealistic efforts of enlightened men.¹⁷⁹

Gunnar hefur ámóta hugmyndir. „Tilvistarleysið“ og „upp-lýsingin“ eru haldreipi hans líkt og rithöfundarins enska. Það skal þó tekið fram að Gunnar dreymir ekki um „vitundarvakningu“ hins líffræðilega vilja; merkingarkreppan ristir dýpra í hugarheimi hans en svo.

Hardy og Gunnar lýsa báðir skuggahliðum mannlífsins

og draga upp dökka mynd af mannlegum kjörum. En þrátt fyrir vitund sína um fánýti mannglegrar viðleitni fer því víðs fjarri að þeir skoði stríð mannanna með hálfkæringi. Þeir hafa ríka samúð með mannkyninu í þjáningu þess og fráleitri von. Þessi samúð umvefur öll þeirra verk og er um leið vegvísir þeirrar leiðar sem þeir eygja úr ógöngunum: Maðurinn verður að láta „hjartað“ vísa sér veg þar sem vitsmunirnir sjá ekki annað en auðnarmyrkur.¹⁸⁰ – Því að áfram verður að halda!

Gunnar Gunnarsson og Hardy boða báðir beinlínis leið heiðarleika og auðmýktar: maðurinn verður að vera sjálfum sér trú og beygja sig fyrir hinu óumflýjanlega. En samtímis halda þeir á loft merkjum metnaðar, hugrekkis og náungakærleika. Þeir rísa gegn fánýtinu – sem þeir þó viðurkenna – í húanískri trú á framtíðarmöguleika mannsins.

Boðskapur Hardys í formálanum að *Late Lyrics and Earlier* 1922 er merkilega líkur ályktunarorðum *Sælir eru einfaldir* sem kom út tveimur árum fyrr. Í þessum formála segir Hardy meðal annars:

/... / that *whether* the human and kindred animal races survive till the exhaustion or destruction of the globe, or whether these races perish and are succeeded by others before that conclusion comes, *pain to all upon it, tongued or dumb, shall be kept down to a minimum by lovingkindness*, operating through scientific knowledge, and actuated by the modicum of free will conjecturally possessed by organic life when the mighty necessating forces – unconcious or other – that have “the balancings of the clouds”, happen to be in equilibrium. which may or may not be often.¹⁸¹ (Skáletrað MVS)

„Sá talar ekki af sér sem byrjar ræðu sína með orðunum: svo fremi – og þar fram eftir götunum,“ segir sögumaður í einni af smásögum Gunnars Gunnarssonar.¹⁸² Fyrirvarinn er nauðsynlegt hjálpartæki í leitinni að sannleikanum; nauðsynlegur, vilji maður ekki gera sig beran að einfeldningslegum hroka. Gunnar og Hardy gera sér báðir grein fyrir að mannlegri þekkingu eru ofur þröng takmörk sett,

að maðurinn getur afar fátt vitað með vissu. Honum er heimilt að vona en trúi hann í blindni yfirstígur hann takmörk sín og gengur leið glötunar.

Ályktun Hardys af mannlegum kjörum er þannig náskyld hugmyndum Gunnars: *Hvað sem öðru liður verður maðurinn að sýna náunganum umburðarlyndi og góðsemi.* Hann verður að treysta á „kærleiksljósið“ í eigin brjósti, og hans eini lífsmöguleiki er fölginn í samhygð og viðleitni til að léttja þjáningar náungans. Ályktunarorð Gunnars hafa „ídealískara“ yfirbragð en orð Hardys, en kjarninn er hinn sami: Í svartnætti guðlausrar veraldar verður maðurinn að treysta á „guðdómsneistann“ í sjálfum sér og gefa ekki möguleika sína upp á bátinn.

Eftirfarandi túlkun Gunnars á skáldskap Hardys varpar skýru ljósi á höfundarverk hans sjálfs:

Bogen er et Forsvar for det guddommelige i Mennesket, og samtidig et Angreb paa den kristne Kirkes traditionelle Gudsbillede. /---/ Og hvilken vidunderligt gribende Bog er ikke *Tess d'Urberville!* Et epos, der minder om en af disse vejrhægede, ugæstmilde Øer i Atlanten – strid og trodsig, haard og urokkelig. Over den hviler der et besynderlig direkte himmelsk Lys, som over uberørte Vidder, hvor man pludselig kan isnes af den Fornemmelse, at her har ingen siden Skaberen sat sin Fod. Det er Hardys Sind, der saaledes bestråler dette hans Bondeheroika – et lidenskabeligt Mandssind, der er i Slægt med Jordild og Jøkelmarker. /---/ Hardy skal huskes. Men mangan en Jakobskamp maa endnu udkæmpes, mangt et Basketag er der tilbage, skal vi naa at aflevere Jorden ligesaa ren, ligesaa ubesmattet, som vi modtog den. Vil det lykkes? Eller er vor Guddomsgnist dømt til at slukne paa raat hærgede Tomter, som Ilden naar Skoven er afbrændt? Skal vi ende som en Flok haarløse Aber, en Horde Døgn – halelujaende Driverter og „skål på dig“? I det Ragnarok af oprigtig Obskurantisme, af selvtilfreds Svindel, der i Øjeblikket omhyller Jorden, maa man nok have Lov til at spørge – men ikke til at tvivle, aldrig til at tvivle. Thi den, der tvivler, strækker Vaaben.¹⁸³

„Kreppusögur“ Gunnars Gunnarssonar 1915–20 sýna mikinn rithöfund í mótun. List hans er í burðarliðnum og vandamálin, sem fylgdu honum alla tíð, hafa litið dagsins ljós. Í þessum verkum glímir Gunnar við fjanda tóms og

tortímingar – og því fer fjarri að hann beri endanlegan sigur úr bítum úr þeirri viðureign. Söguhetjur hans alla tíð eru ristar sömu rúnum og útlagar þessara æskuverka. Helst verður Gunnari líkt við Sisifos goðsögunnar, veltandi steini upp á hæðarbrún með þeim einum árangri að sjá hann sveiflast niður á við að nýju. Aftur og aftur. Örlaga-hyggja og lífstrú gátu aldrei til lengdar útrýmt þeim ormi sem gnagaði hið innra; ljósin sem kviknuðu í svartnættinu reyndust oftast nær þjófaljós. Því setja stríð og togstreita mark sitt á flest stórvirki Gunnars: *Fjallkirkjuna*, *Svartfugl*, *Aðventu*, *Vikivaka* og *Blindhús*. – En einkastyrjöld rithöfundarins við sjálfan sig og almættið opnaði leið til *málamiðlunar* sem var forsenda þess að hann gæti lifað og skapað. Án *Strandarinnar*, *Vargs í véum* og *Sælir eru einfaldir* hefði höfundarverk Gunnars aldrei orðið slíkt sem það varð.

TILVITNANIR OG HEIMILDIR

a) Tilvitnanir

1. Jaspers: „Reason and Existence“. Tilv. eftir Kaufmann 1975, 189.
2. Gunnar Gunnarsson: „Eftirmáli“ við *Ströndina* 1945, 349.
3. Thomas Hardy: *Late Lyrics and Earlier*, x.
4. Gunnar Gunnarsson: „Eftirmáli“ við *Ströndina* 1945, 347 og 349–50.
5. Peter Hallberg: *Vefarinn mikli I*, 66.
6. Matthías Johannessen: *M Samtöl I*, 59.
7. Sigurður Nordal: „Eftirmáli“ við *Fornar ástir* 1949, 160.
8. Gunnar Gunnarsson: *Hugleik den Haardtsejlende*, 301.
9. Peter Hallberg: *Vefarinn mikli I*, 72.
10. Hér er ekki rúm til að fjalla nánar um þýðingu móðurmissisins fyrir Gunnar Gunnarsson. Umfjöllunin um *Drenginn* sýnir þó a. n. l. fram á merkingu þessa atburðar enda hefur það verk sterk ævisöguleg einkenni líkt og *Fjallkirkjan*. Að öðru leyti skal vísað til bókar Sigurjóns Björnssonar, *Leiðin til skáldskapar*, þar sem verk Gunnars eru greind frá ævisögulegum og sálfræðilegum sjónarhóli. – Annars er það ljóst að einkareynsla Gunnars Gunnarssonar er ein helsta uppspretta skáldskapar hans. Í *Ströndinni* skrifar hann sig t. d. frá vandamálum sem magnað höfðu innri togstreitu í sálarlífi hans frá bernsku, ekki síst sektarkenndinni sem gengur eins og rauður þráður um verk hans allt frá *Borgarættinni*. Eftirfarandi klausa úr eftirmála Gunnars að Landnámuútgáfu *Strandarinnar* 1945 varpar ljósi á þetta:

„Holundum og mergundum, gömlum og nýjum, einkasárum og meðsekt í alheimskvillum, – öllu þessu dóti hafði ég í mesta sakleysi og mér algerlega óafvitandi bundið á bak mannverum, sem hver og ein var snar þáttur af einhverju áður lifuðu, síðan hlaðið þeim í valköst og brennt þessa eldfimu hami fornra og nýrra Fróðárundra til agna á báli þeirra þjáninga, sem bræddu efnið, svo að það gat fallið skaplega í hugmynduð mót.“ (359)

Ströndin og verkin sem á eftir komu eru eins konar sjálfsuppgjör; glíma skálds við sjálfan sig, fortið sína sem nútíð, og heiminn. Skáldskapurinn er honum leið til að verða ekki innri upplausn að bráð – leið til að lifa af.

11. Peter Hallberg: *Vefarinn mikli I*, 72.
12. Halldór virðist reyndar hafa verið nokkuð tvíbentur þrátt fyrir þessar háspennu yfirlýsingar. Á einum stað í *Rauða kverinu* segir hann:
Engill dauðans, engill dauðans, hvílik tign og helgi; mig langar til að krjúpa. Hið eina sem ég veit, það er þessi tilfinning um eitt-hvað sem er máttugra en ég, eitthvað almáttugt. (Peter Hallberg: *Vefarinn mikli I*, 73).
Hér hefur myrkrið mikla – tómið – breyst í yfirnáttúrulegt almætti. Skáldið gefur dauðanum eigindir Guðs og fremur með því „heimspekilegt sjálfsmorð“ ef nota má orðalag Alberts Camus.
13. *I. Mósebók*, 3, 20.
14. Sigurður Nordal: *Líf og dauði*, 34.
15. Gunnar Gunnarsson: *Hugleik den Haardtsejlende*, 35.
16. Peter Hallberg: *Vefarinn mikli II*, 51.
17. *Ibid.*, 51.
18. *Ibid.*, 52.
19. Halldór Laxness: *Vefarinn mikli frá Kasmír*, 297.
20. Sigurður Nordal: *Skiptar skoðanir*, 22.
21. *Ibid.*, 68–69.
22. *Ibid.*, 27.
23. Gunnar Gunnarsson: „Eftirmáli“ við *Ströndina* 1945, 358.
24. *Ibid.*, 350.
25. Í verki Alberts Camus *Uppreisnarmaðurinn* (L'Homme révolté) standa eftirfarandi orð: “When man submits God to moral judgement he kills him in his own heart.” (57)
26. Gunnar Gunnarsson: *Hugleik den Haardtsejlende*, 30.
27. *Østsjællands Folkeblad* 15. ágúst 1932.
28. Gunnar Gunnarsson: *Den uerfarne Rejsende*, 252.
29. Sjá ritgerð Sveins Skorra Höskuldssonar, „Sjálfsmorð og strand“, í *Söguslóðum* 1979, 360.
30. Gunnar Gunnarsson: „Eftirmáli“ við *Ströndina* 1945, 359–60.
31. J[ón] H[elgason]: „Gunnar Gunnarsson: Livets Strand“, *Skirnir* 1916, 314–315.
32. Kristinn E. Andrésson: „Kjarninn í verkum Gunnars Gunnarssonar“, *Um íslenzkar bókmenntir, Ritgerðir II*, 298–9.
33. Sjá ritgerð Sveins Skorra Höskuldssonar, „Sjálfsmorð og strand“, 360.
34. *Ibid.*, 359.
35. Gunnar Gunnarsson: „Eftirmáli“ við *Ströndina* 1945, 350–51.
36. Sjá ritgerð Sveins Skorra Höskuldssonar, „Sjálfsmorð og strand“, 360.

37. Tilv. í Glicksberg 1969; þar tekið úr Miguel de Unamuno: *Poems*. Þýð. Eleanor L. Turnbull, 77.
38. Ibid.; tekið úr Miguel de Unamuno: *The Tragic Sense of Life*.
39. Albert Camus: *The Rebel*, 16–17.
40. Ibid., 29.
41. Ibid., 31.
42. *Sálmarnir*, 22, 2–3.
43. Ibid., 83, 2–3.
44. Sjá Nahum N. Glatzer: *The Dimensions of Job*, ix.
45. Ibid., ix.
46. Ibid., 180.
47. *Jobsbók*, 1, 21.
48. Ibid., 3, 3.
49. Ibid., 3, 13.
50. *Esekiel*, 7, 27.
51. *Jobsbók*, 17, 12.
52. Ibid., 7, 6–16.
53. Ibid., 13, 15.
54. Ibid., 27, 5–6.
55. Nahum N. Glatzer: *The Dimensions of Job*, 6.
56. *Jobsbók*, 38, 4–5.
57. Thomas Hardy: *Jude the Obscure*, 227.
58. Ibid., 365 og 383.
59. Dostoyevsky: *The Brothers Karamazof* I, 285.
60. Albert Camus: *The Myth of Sisyphus*, 31–32.
61. Ibid., 33.
62. Kjeld Elfeldt: *Gunnar Gunnarsson*, 36.
63. Kjeld Elfeldt hefur skýrt þessi trúarviðhorf séra Sturlu á afar skilmerkilegan hátt:
 Det er en slags forblændet fatalisme, han er ved at danne sig. Det bliver grunden til den straf, som rammer ham. Han har lagt sin tro saaledes fast idag: naturens lov er det samme som herrens lov. Alt er altsaa guds vilje! Hans handlinger bestemmes ud fra dette syn paa livet i en alvorlig tro. Gud vil altid sørge for det retfærdigste og bedste resultat. Det bør være den inderste tanke i enhver handling. Præsten gaar til tider saa langt, at han undlader at handle; han overlader afgørelsen til forsynet, i dets store hænder er han jo lagt; en nøgen, hjælpeløs menneskekrop. (Kjeld Elfeldt: *Gunnar Gunnarsson*, 36).
64. Dostoyevsky: *The Brothers Karamazof* II, 398.
65. Gunnar Gunnarsson: „Örlög“, *Árbók* 46–47, 113–114.
66. *Sálmarnir*, 119, 67–68 og 71.
67. Ibid., 69, 13.

68. *Jobsbók*, 17, 6.
69. Gunnar Gunnarsson: „Eftirmáli“ við *Ströndina* 1945, 350.
70. Steingrímur Thorsteinsson: *Ljóðmæli*, 198.
71. Jóhann Sigurjónsson: *Rit I*, 222.
72. *Ibid.*, 226.
73. Maurice Friedman: *Problematic Rebel*, 441.
74. *Egils saga Skalla-Grimssonar*, 49. kapituli.
75. Sjá kaflann um „heimsmynd“ í þessari ritgerð.
76. *Varg i Veum* er da bogen om séra Ljótur og hans trosprøvelse. Úlfur, sønnens skæbne er da ret overflødig, som den her ser ud. Den skal blot give relief til præsten. (Kjeld Elfeldt: *Gunnar Gunnarsson*, 45).
77. Dostoyevsky: *The Brothers Karamazof I*, 375.
78. Sjá Albert Camus: *The Myth of Sisyphus*, 6.
79. Thomas Hardy: *Jude the Obscure*, 347.
80. Dostoyevsky: *The Devils*, 590.
81. *Ibid.*, 666.
82. Dostoyevsky: *Notes from Underground*. Tilv. tekin úr Kaufmann: *Existentialism from Dostoevsky to Sartre*, 55.
83. Peder Hesselaa: *Essays*, 5.
84. Þorleifur Hauksson: „Glíman við engilinn“, *Skirnir* 1974, 110.
85. Gunnar Gunnarsson: *Varg i Veum*, 39.
86. Gunnar Gunnarsson: *Smaa Historier* 1918, 96–97.
87. *Ibid.*, 97–98.
88. *Ibid.*, 98.
89. *Ibid.*, 101–102.
90. Guðmundur Friðjónsson: *Tólf sögur* 1915, 59.
91. *Ibid.*, 61.
92. Einar Benediktsson: *Sögur I*, 47.
93. *Ibid.*, 47.
94. Sjá Harald Beyer: *Nietzsche og Norden I*, 51 o. áfr.
95. Hér er að mestu stuðst við greiningu Beyers í *Nietzsche og Norden I*.
96. Miguel de Unamuno segir í bók sinni *Le Sentiment tragique de la vie*: „L'amour recherche avec fureur, à travers l'objet aimé, quelque chose au-delà; et comme il ne le trouve pas, il désespère“ (160), og „ . . . l'amour est fils de l'illusion et père de la désillusion“ (160); ástin er „la consolation dans la désolation“ (160).
97. Gunnar Gunnarsson: *Den uerfarne Rejsende*, 128–129.
98. Sigurjón Björnsson: *Leiðin til skáldskapar*, 104.
99. Archibald MacLeish: „Remarks on J. B.“ Tilv. tekin úr Campell: *Myth and Symbol*, 84.
100. Sveinn Skorri Höskuldsson bendir á þessa „endalausú Jakobsglímu“

í höfundarverki Gunnars í grein í *Samvinnunni* 1970. Þar segir hann m. a.:

„Í sköpun atburðarásar og aðstæðna leikast á andstæður í sögum Gunnars. Þær lýsa baráttu lífs og dauða, góðleiks og göfgi andspænis illsku og mannvonzku. /---/ Veikleikur og góðleikur mannelegs lífs frammi fyrir og í eilífri glímu við illsku, þjáning og angist er meginþema í sumum verkum Gunnars. Í þeirri listsköpun er hann jafnt í samhljómi við existentialista 19. aldar eins og Dostójevski, Nietzsche og Kierkegaard sem við sundurtæting og lífsfíring okkar aldar.“ (*Samvinnan* 4/1970, 57).

101. Gunnar Gunnarsson: *Gæst den enøjede*, 46.
102. Gunnar Gunnarsson: *Varg i Veum*, 161.
103. Ibid., 161.
104. Dostoyevsky: *The Brothers Karamazof* I. 123.
105. Ibid., 122–123.
106. Peder Hesselaa: *Essays*, 11.
107. „Harmoni er overhovedet det store ideal i hans [þ. e. Gunnars] forfatterskab. Den findes hos to forskellige slags mennesker. Hos børnene og de ganske unge, som forholder sig umiddelbart til tilværelsen, og hvis sjælsfred endnu er tryk og uforstyrret. Og hos enkelte gamle, for hvem harmonien er en gennem lidelse erhvervet kostelig skat, en rigdom, de lever i, bevidst og taknemligt.“ (*Litteraturen*, nr. I. 1927, 32).
 Carl Gad gerir skarplega grein fyrir togstreitunni í skáldskap Gunnars, þeirri sífelldu baráttu sem þar á sér stað milli jákvæðis og neikvæðis: „Han [þ. e. Gunnar] ser tilværelsen som et spil mellem harmoni og disharmoni, mellem magter, som gør livet idyllisk eller dæmonisk. Begge dele præger hans forfatterskab, afvekslende og nogenlunde lige stærkt. Begge dele svarer øjensynligt til sider i hans egen natur.“ (*Litteraturen*, nr. I. 1927, 36). Af þessu dregur Gad þá ályktun að ekki sé greinanleg nein ákveðin þróunarstefna í verkum Gunnars „og man kan ikke ud fra det foreliggende materiale konstruere en filosofi, et program, og med rette udgive det for forfatterens.“ (36) Gad bendir réttilega á að innan heimsýnar Gunnars á sér stað sífellt tvítog, hins vegar missir hann marks er hann segir að „Det idylliske gør indtryk af at være stærkest.“ (36) Þess ber að geta að *Sælir eru einfaldir* var ekki komin út þegar Gad samdi grein sína (1919). Það er hins vegar rétt ályktað hjá Gad að hið „idylliska“ átti eftir að skipa æ meira rúm í verkum rithöfundarins.
108. Peder Hesselaa: *Essays*, 10–11.
109. Thomas Hardy: *The Mayor of Casterbridge*, 354.
110. Gestur Pálsson: „Mentunarástandið á Íslandi“. *Ritsafn* 1927, 429.

111. Ibid., 429.
112. Gunnar Gunnarsson: *Gæst den enøjede*, 140.
113. Ibid., 99.
114. Ibid., 95.
115. Sjá bls. 145–153 í þessari ritgerð.
116. Gunnar Gunnarsson: *Gæst den enøjede*, 141.
117. Ibid., 46.
118. Gunnar Gunnarsson: *Salige er de enfoldige*, 129–130.
119. Gunnar Gunnarsson: *Livets Strand*, 131.
120. Ibid., 161.
121. Gunnar Gunnarsson: *Den uerfarne Rejsende*, 10.
122. Gunnar Gunnarsson: *Hugleik den Haardtsejlende*, 97.
123. Gunnar Gunnarsson: *Livets Strand*, 298.
124. Gunnar Gunnarsson: „Om Tess d'Urberville“, *Sirius* 3, 1925, 121.
125. Thomas Hardy: Formáli við *Tess d'Urberville*, nív. 1891. Tilv. úr *Thomas Hardy's Personal Writings*, 86.
126. Gunnar Gunnarsson: „Eftirmáli“ við *Ströndina* 1945, 360.
127. Thomas Hardy: *Novels and Poems* 1912. Tilv. úr *Thomas Hardy's Personal Writings*, 49.
128. Thomas Hardy: „*In Tenebris*“. Tilv. eftir Glicksberg: *The Ironic Vision in Modern Literature*, 101.
129. Matthías Johannessen: *M Samtöl* I, 69.
130. Ibid., 55.
131. Gunnar Gunnarsson: *Drengen*, 18.
132. Ibid., 21–22.
133. Ibid., 45.
134. Ibid., 50.
135. Ibid., 59.
136. Ibid., 55.
137. Ibid., 67.
138. Ibid., 69–70.
139. Ibid., 65.
140. Ibid., 70.
141. Ibid., 78.
142. Ibid., 91.
143. Ibid., 114.
144. Ibid., 110.
145. Ibid., 114–115.
146. Nokkrir gagnrýnendur hafa bent á þetta, t. d. Kjeld Elfeldt (1927) og sérstaklega Sigurjón Björnsson (1964).
147. Gunnar Gunnarsson: *Smaa Historier* 1918. 95.
148. Ibid., 95.
149. Ibid., 98.

150. Ibid., 99.
 151. Ibid., 100.
 152. Ibid., 102.
 153. Gunnar Gunnarsson: *Drengen*, 107.
 154. Ibid., 60.
 155. Gunnar Gunnarsson: *Livets Strand*, 302.
 156. Gunnar Gunnarsson: *Salige er de enfoldige*, 178.
 157. Ibid., 162.
 158. Menn tala svo oft um, að okkar líf hér sé eintómt stríð við náttúruna.

Og þó er það í raun og veru ekkert stríð, vegna þess að náttúruna sigrar enginn og getur enginn haft von um að sigra; en þegar annar málsaðili hefir enga von um að sigra hinn, þá verður aldrei neitt úr stríði.

Náttúran hefir bæði valdið og máttinn til, þegar *hennar* lögmál býður, að stöðva hvern lífsneista, sem bærast um fjöllin /- - -/. Hún getur strokið hvert skip burt af sjónum og ekkert skilið eftir, liðað í sundur mannanna býli og lagt hvert hérað í eyði.

Það er ekki til neins að spyrja: „Hví gerirðu þetta?“

Hennar lögmál er hennar leyndardómur, og það skilur enginn.

Hún ein hefir leyfi til að hlaða valköstum, hvar sem hún vill; – þar er enginn til að dæma.

Hvað varðar hana um mannatár og mannaraunir?

Hún fer sína leið, og allt það, sem verður á vegi hennar, verður að falla – það er sama, hvort það er fjall eða smásteinn, maður eða maðkur – allt verður að falla, af því það verður fyrir henni, þegar hún framkvæmir sitt dularfulla ógnarlögmál.

Fyrir henni verður allt smátt, af því að hún ein er stór.

(Gestur Pálsson: *Sögur og kvæði*, 187).

159. Tilv. í Glicksberg: *The Ironic Vision* . . . , 60.
 160. Gunnar Gunnarsson: *Livets Strand*, 255.
 161. Ibid., 276–7.
 162. Ibid., 251.
 163. Ibid., 277.
 164. Ibid., 220.
 165. Ibid., 221.
 166. Ibid., 277.
 167. Gunnar Gunnarsson: *Salige er de enfoldige*, 122.
 168. Gunnar Gunnarsson: *Varg i Veum*, 159.
 169. Ibid., 159.
 170. Kjeld Elfeldt bendir á hugsanleg tengsl á milli Gunnars og Hardys í bók sinni um Gunnar. Hann gerir þó minna úr þeim en hér er gert: „Det vilde være urimeligt at sammenligne *Thomas Hardy*

og Gunnar Gunnarsson. / --- / Gunnar Gunnarssons roman i al almindelighed ligger jo nær op ad den brede, handlingsbevægede engelske roman. En del har han f. eks. lært i *Charles Dickens* skole, især naar det gælder den rørende, drastiske menneskeskildring. Det ses flere steder, mest i *Salige er de enfoldige* og i autobiografien.“ (*Gunnar Gunnarsson, 120*).

